

BIRTA
PÓRÐUR GUÐJÓNSSON
Setur fjölskylduna í fyrsta sæti
- vetrartísa - matur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TÍSKUBLAÐIÐ
SKUTLULEGIR SKVÍSUSKÓR
Skóttískan í vetur er fjölbreytt



VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv. í Smáralind
ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. nóvember 2005 – 305. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Quentin Tarantino
Borðar með menntamálaráðherra og slappar af í Bláa lóninu
FÓLK 62

Á leið til Real Madrid
Teitur Þórðarson, þjálfari KR, fer til Spánnar í lok mánaðarins þar sem hann mun fylgjast með æfingum hjá stórliði Real Madrid í vikutíma. Teitur stýrir sinni fyrstu æfingu hjá KR í kvöld.
ÍPRÓTTIR 54

Bönnum kaffi
„Kaffidrykkja er iðja sem ekki má láta afskiptalaus á markaðnum. Með því að þrengja aðgengi fólks að kaffi er hægt að vinna margt,” segir Geir Ágústsson.
Í DAG 26

Á toppnum með hangandi hendi
Raggi Bjarna fær gull- og platinuþloðu á Borginni í kvöld og mun í kjölfarið stíga á stökk með vinum sínum enda lengir söngurinn lífið.
FÓLK 62

VEÐRIÐ Í

BJARTVIÐRI SYÐRA snjókomu eða él á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi í dag en úrkomumina í kvöld. Kólnandi veður eftir því sem líður á daginn. Víðast komið frost í kvöld.
VEDUR 4

Matgæðingar velja Fréttablaðið*

42%
Fréttablaðið
Matur ofl. á föstudegi

28%
Mbl.
Tímarit Mbl. á sunnudegi

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur meðal 20-40 ára.



GLAÐBEITUR BÆJARSTJÓRI Á ÓPERULÓÐINI Bæjarstjóri tekur hér forskot á sæluna og syngur Kópavogsaári þótt enn sé óperuhúsið ekki orðið að veruleika. Hann vonast til þess að eftir fáein ár verði búið að bæta úr því og aðstæður til óperuflutnings verði mun betri en nú er.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óperustjóri tekur vel í hugmyndir bæjarstjóra Kópavogs:

Óperan flytji í Kópavoginn

SKIPULAGSMÁL Hugmyndir Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogs, um óperuhús við jaðar Borgarholts í Kópavogi leggja vel í Bjarna Daníelsson óperustjóra. Hann segir húsið geta orðið farsæla lausn á húsnæðismálum Íslensku óperunnar. Gunnar er nú að ræða við fjár-

festa sem koma myndu að framkvæmdinni ásamt Kópavogsbæ og vonast hann til að þeim viðræðum ljúki fyrir jól.

Hann vill þó ekki giska á það á þessu stigi hvenær hafist verði handa við byggingu þess. „En þegar framkvæmdir hefjast er hálfur sigur unninn því við erum

ekkert voðalega lengi að byggja héra í Kópavoginum,” segir hann.

Fyrstu hugmyndir gera ráð fyrir því að húsið taki um það bil 700 manns í sæti og að kostnaður við framkvæmdirnar verði á bilinu einn og hálfur til tveir milljarðar.
-jse / sjá síðu 8

Yfirbugaði ræningja en var handtekinn

Magnús Gunnarsson leigubílstjóri náði að afvopna byssukonu í bílnum. Hann er ósáttur við aðgerðir lögreglunnar og íhugar málsókn. Lögreglan segir sérstakt verklag eiga við þegar vopn séu í spilinu. Tryggja þurfi öryggi allra.

LÖGREGLUMÁL „Það fyrsta sem ég sá þegar ég kom út úr bílnum var þrjár lögreglumenn með hjálma og byssur á lofti sem þeir beindu að henni. Ég æddi beint þangað og ætlaði að reyna að hugga stelpuna. Þeir hrintu mér frá og settu mig í handjárn,” segir Magnús Gunnarsson, leigubílstjóri í Reykjavík.

Magnús varð fyrir því í fyrrkvöld að vopnuð kona reyndi að ræna af honum fé. Honum tókst með lagni að afvopna konuna.

Magnús er ósáttur við framgöngu lögreglu í málinu og telur að nægilegt hefði verið að tveir lögreglumenn fjarlægðu konuna úr bílnum þar sem hann hafi verið búinn að afvopna hana. Hann íhugar nú málsókn á hendur lögreglunni fyrir háttalagió.

„Ég finn mjög mikið til með þessari stelpu. Ég er mjög tilfinn-



MAGNÚS GUNNARSSON LEIGUBÍLSTJÓRI Magnús fékk vopnaða konu í bílinn. Hann náði að afvopna konuna áður en lögreglu bar að garði.

inganæmur. Ef fólki líður illa þá finn ég til með því,” segir Magnús. Hann hafði reynt að róa konuna í bílnum á meðan þau biðu eftir lögreglu og Magnús hafði meðal annars sagt henni að nú myndi henni berast sú hjálp sem hún þyrfti á

að halda, en hann telur að hún hafi verið að kalla á hjálp með þessum örþrifaráðum sínum.

„Þarna var um að ræða útkall þar sem tilkynnt hafði verið um vopn. Um það gilda ákveðnar verklagsreglur sem eru hannaðar til þess að tryggja öryggi allra,” segir Hörður Jóhannesson.

„Alltaf þegar um vopnaburð er að ræða kallar það á öðruvísi nálgun. Í fræðunum er stundum talað um Stokkhólms-heilkennið. Það er þekkt að það getur átt við þegar kynin eru saman í svona stöðu eða þegar frelsisvæðing beinist gegn konu,” segir Karl Steinar Vals-son, aðstoðaryfirlögreluþjónn í Reykjavík.

Stokkhólms-heilkennið svokallaða kemur til sögunnar þegar fólk sem tekið er í gíslingu öðlast samúð með málstað þess sem veldur frelsisvæðingunni.
-saj / sjá síðu 22.

Hlutfjárútboð FL Group

Fagfjárfestar vildu meira

VIÐSKIPTI Fagfjárfestar óskuðu eftir að kaupa nýtt hlutafé í FL Group fyrir 33,6 milljarða króna í útboði félagsins sem lauk í gærkvöld.

Umframeftirspurnin í útboðinu var 320 prósent. „Þetta er frábær niðurstaða fyrir okkur og geysilegur stuðningur við þau metnaðarfullu markmið sem við höfum sett félaginu,” sagði Hannes Smárasón, forstjóri FL Group, í samtali í gærkvöld. Alls voru í boði 44 milljarðar króna, en átta milljarðar voru ætlaðir fagfjárfestum. KB banki og Landsbankinn sölu-trygguðu hluta, en vegna mikillar eftirspurnar ákváðu bankarnir að minnka þann hlut. Fagfjárfestar fengu því í sinn hlut 12,9 milljarða króna eða ríflega þriðjung þess sem þeir óskuðu eftir. -hh / sjá síðu 4


Fórnlamb matareitrunar:

Með niðurgang í sautján daga

BRETLAND Skoskri konu hafa verið dæmdar rúmar hundrað milljónir króna í skaðabætur en hún varð öryrki eftir að hafa snætt kínerskan mat á veitingahúsi í bænum East Kilbride, nærri Glasgow.

Að því er dagblaðið Independent hermir var maturinn svo mettaður af salmonellusýklum að konan fékk niðurgang sem stóð yfir í sautján daga.

Konan vann áður sem ljósmóðir en í kjölfar eitrunarinnar fékk hún liðagigt þannig að hún er með öllu óvinnufær til frambúðar. ■



JOHN CLEESE „Ráðherra kynlegs göngulags” heiðraður af svissneskum dýrfræðingum.

John Cleese heiðraður:

Refapi fær nafn leikarans

SVISS, AP Breska gamanleikarann John Cleese þekking flestir sem hóteleigandann í Fawlty Towers eða Ráðherra kynlegs göngulags (Minister for Silly Walks) í Monty Python-þátunum. En nú hafa svissneskir vísindamenn séð til þess að hans verði líka minnst fyrir annað: refapa.

Dýrfræðingar við Háskólann í Zürich hafa nefnilega ákveðið að nefna áður óþekkt tegund refapa, sem þeir uppgötvuðu nýlega á Madagaskar, í höfuðið á leikaranum góðkunna. Tilefnið er að Cleese hefur vakið athygli á hlutskipti refapa bæði í bímyndinni og heimildarmyndum. ■



SPURNING DAGSINS

Steingrímur, á álæði eitthvað skylt við málæði?

„Það er nú heldur fátt því málæði er tiltölulega saklaust á meðan álæði getur verið stórvarasamt.“

Í fréttum í gær var greint frá því að ríkisstjórnin væri hugsanlega haldin álæði. Rætt var við Steingrím J. Sigfússon alþingismann í fréttinni.

Mannekla er í leikskólunum en leikskólakennaranemar komast ekki allir í nám:

Betri laun í öðrum störfum

STJÓRN MÁL Um 400 einstaklingar með leikskólakennaramenntun kjósa að vinna störf utan leikskólanna.

Þetta kom fram í máli Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í utandagskrárum-ræðum á Alþingi í gær um mannæklu á leikskólum.

Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingunni, var málshefjandi. Hún sagði stöðuna afar alvarlega og dæmi væru um lokun deilda og að senda hefði þurft börn heim vegna manneklu. Vandinn hefði verið með versta móti í haust.

Katrín taldi brýnt að fjölga leikskólakennurum og gat þess að

helmingi umsókna um leikskólakennaranám í Kennaraháskóla Íslands í haust hefði verið vísað frá vegna skorts á fjármagni.

Þorgerður Katrín sagði að á undanföllum fimmtán árum hefðu liðlega 1.200 leikskólakennarar útskrifast og um 400 væru í námi. Um 400 kysu auk þess að starfa ekki í grein sinni. Hún sagði að starfið og kjörin yrðu að vera þannig að sérhæft fólk vildi vinna í greininni. Unnið væri að framtíðarskipan leikskólakennaramenntunar. -jh

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR PINGMAÐUR
Katrín segir að helmingur leikskólakennaranema komist ekki að vegna fjárskorts.



Forsendur kjarasamninga:

Viðræðurnar halda áfram

KJARAVIÐRÆÐUR Fundahöld voru í gær hjá verkalýðsforystunni, forystumönnum atvinnurekenda og fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Ýmsar tillögur komu til umræðu en engin niðurstaða liggur fyrir.

Forsendunefnd hittist í gær til að ræða forsendur kjarasamninga en tillaga um tveggja prósent launahækkun hefur þegar komið fram. Nefndin hefur frest fram til 15. nóvember.

Þá héldu áfram viðræður um kröfur verkalýðshreyfingarinnar um hækkun grunnbóta og tekju-tengingu ú atvinnuleysistryggingakerfinu en engin niðurstaða liggur fyrir. -ghs



FYRIRTAKA Í HÉRAÐSDÓMI Jón Magnússon og Hróbjartur Jónatansson lögmenn í Héraðsdómi í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögbann á fréttáflutning:

Aðalmeðferð í mánaðarlokin

DÓMSMÁL Mál Jónínu Benediktsdóttur gegn Fréttablaðinu var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Ákveðið var að málið kæmi til aðalmeðferðar hinn 29. nóvember næstkomandi. Lögmönnum þótti ekki ástæða til að kalla til fólk í vitnaleiðslur en Hróbjartur Jónatansson, lögmáður Jónínu, áskildi sér rétt til þess að kalla fulltrúa ritstjórnar Fréttablaðsins í vitnastúku á síðari stigum.

Dómari féllst á þá kröfu að lögmenn hefðu aðgang að tölvupóstskjölunum sem gerð voru upptæk. -saj



REIÐI Í AMMAN Verkalýðsfélög skipulögðu mótmæli í Amman í gær og hrópuðu hundruð Jórdana ókvæðisorð að landa sínum, Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga al-Kaída í Írak, en samtökin kváðust hafa staðið fyrir tilræðunum. NORDICPHOTOS/AFP

56 létust í árásum al-Kaída

Jórdanar þustu út á götur höfuðborgar sinnar í gær og hrópuðu ókvæðisorð að al-Kaída. Að minnsta kosti 56 biðu bana í þremur sjálfsmorðsárásum samtakanna á hóteli í Amman á miðvikudagskvöld og hundruð slösuðust. Í yfirlýsingu þeirra segir að Jórdanía sé bakgarður Bandaríkjamanna og því hafi orðið að refsa Jórdönun.

AMMAN, AP Að minnsta kosti 56 manns fórust í sprengjutilræðunum þremur í Amman, höfuðborg Jórdaníu, í fyrrakvöld. Al-Kaída í Írak hefur lýst yfir ábyrgð á ódæðunum og segir þau framin til að refsa Jórdönun fyrir þýlyndi við Bandaríkjamenn. Sprengingarnar urðu nánast

samtímis á þremur hótelum sem Vesturlandabúar gista gjarnan á, Radisson SAS, Grand Hyatt og Days Inn, um níuleytið á miðvikudagskvöld. Sprengjan á Radisson-hótelinu sprakk í sal þar sem 300 manna brúðkaupsveisla fór fram. Sérfræðingar segja að málmkúlulegur hafi verið settar í sprengjurnar til að valda sem mestu líkamstjóni.

Í gær lá ljóst fyrir að í það minnsta 56 hefðu beðið bana í tilræðunum þremur. 33 þeirra sem dóu voru Jórdanar en hinir voru af ýmsum þjóðernum. „Við reiknum með að fleiri eigi eftir að látast

af sárum sínum, að minnsta kosti tveir eru mjög alvarlega slasaðir,“ sagði Bassel Tarawnhe, talsmaður ríkisstjórnarinnar, í samtali við AP-fréttastofuna í gær. Á annað hundruð manns særðust í sprengingunum.

Al-Kaída í Írak birti í gær yfirlýsingu á vefsíðu þar sem samtökin gumuðu af því að hafa staðið fyrir tilræðunum. Í yfirlýsinguinni sagði að árásirnar hefðu verið gerðar þar sem Jórdanía „væri bakgarður fyrir óvini trúarinnar, gyðinga og krossfara... saurugur bólstaður svikaranna og hördómsbæli“.

Í kjölfar yfirlýsingarinnar þustu talsverður fjöldi fólks út á götur höfuðborgarinnar og hrópáði ókvæðisorð að samtökunum og Abu Musab al-Zarqawi, leiðtoga þeirra, en hann er fæddur í Jórdaníu. „Megir þú brenna í víti, al-Zarqawi,“ hrópuðu sumir. „Við fórnun lífi okkar fyrir þig, Amman,“ kölluðu aðrir.

Flestir þjóðarleiðtogar heims sendu Jórdönun samúðarkveðjur sínar og fordæmdu um leið hryðjuverkin. Slíkt hið sama gerðu forsvarsmenn alþjóðastofnana á borð við öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið. Bush Bandaríkjaforseti sagði illvirkjana koma óorði á íslam og hét aðstoð ríkisstjórnar sinnar við að koma lögum yfir þá.



Anna Tryggvadóttir

ÍSLENDINGUR Í AMMAN

Heimsmyndin mín hefur breyst

Anna Tryggvadóttir, arabískunemi í Amman, sat á kaffihúsi í borginni þegar hryðjuverkin voru framin, í öruggri fjarlægð sem betur fer. „Við fréttum þetta í rauninni frá Íslandi þegar óttaslegnir foreldrar fóru að hringja. Við höldum þegar í stað heim á leið en þá hófðu allar götur tæmst og ekki hlauðið að því að fá leigubíl heim. Fórum lengri leiðina heim þar sem venjulega hefði leiðin legið fram hjá Radisson SAS og Grand Hyatt.“ Anna segir að oft sitji hún á kaffihúsi á móti Radisson-hótelinu um þetta leyti og því hrósar hún happi að svo hafi ekki verið í þetta skiptið.

Pótt skólar og opinberar byggingar hafi verið lokaðar í gær segir Anna að lífið hafi komist fljótt í nokkuð eðlilegt horf. „Í hverfinu þar sem ég bý eru margir íraskir og palestínskir flóttamenn og þótt fólk sé slegið yfir þessu þá kann það alveg að halda sínu daglega lífi áfram þótt svona nokkuð gerist.“ Sjálf kveðst Anna ætla að halda sínu striki. „Heimsmyndin mín hefur samt aðeins breyst.“

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

„BESTA BÓK

VERALDAR

Herman Melville
MOBY DICK

Ólafur Gunnarsson, rit höfundur

JPV ÚTGAFA
www.jpv.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



DROTTNINGIN PERRAR TÁRIN Abdullah Jórdanikonungur sneri strax heim úr heimsókn til Kasakstans og fór á vettvang harmleiksins. Rania drottning heimsótti hins vegar slasaða á sjúkrahúsi í Amman og reyndi að hugga þá.

sveinng@frettabladid.is

Stórkostlegar bækur

Kemst Grýla í kjólinn fyrir jólin?

Nýjustu fréttir, nýjasta slúðrið og nýjustu myndirnar af jólasveinunum. Teiknimyndabók eins og þær gerast bestar, stórkostlegar myndskreytingar og frábær texti.

**Sigrún Edda og Jan Pozok kynna bókina
í Pennanum, Kringlunni,
laugardaginn 12. nóv. kl. 14–15
og í Eymundsson, Smáralind, kl. 15.30.**

Viltu læra að breyta stelpu í strák?

... eða kannski blaði í pening?

Hér er að finna leyndardóminn á bak við fjölda töfrabragða, allt frá gríngöldrum til töfra sem gera áhorfendur orðlausa.

Bókin hentar öllum, jafnt byrjendum sem lengra komnum galdramönnum.

**Jón Víðis sýnir töfrabrogð
í Máli og menningu, Laugavegi 18, í kvöld kl. 23:40
og í Eymundsson, Smáralind,
sunnud. 13. nóv. kl. 15**

Bókin er svo ríkulega myndskreytt, að það verður barnaleikur að læra flókin töfrabrogð!



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 10.11.2005			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur USD	61,69	61,99
	Sterlingspund GBP	107,85	108,35
	Evra EUR	72,62	73,02
	Dönsk króna DKK	9,734	9,79
	Norsk króna NOK	9,369	9,425
	Sænsk króna SEK	7,559	7,603
	Japanskt jen JPY	0,5242	0,5272
SDR		XDR	88,12 88,64

Gengisvísitala krónunnar
102,7174

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsvarsmenn FL Group ánægðir með niðurstöðu hlutfjárútboðs:

Mikill áhugi á bréfum FL Group

VIÐSKIPTI Fagfjárfestar sýndu nýju hlutfé í FL Group mikinn áhuga. Allir helstu lífeyrissjóðir og fjárfestingasjóðir tóku þátt í útboðinu og skráðu sig alls fyrir 33,6 milljörðum króna.

Hannes Smárason segir þetta mikla traustsýrslýsingu til handa stjórnendum félagsins, en eftir útboðið verður eigið fé FL Group 66 milljarðar króna sem geri það að stærsta fjárfestingarfélagi landsins. „Niðurstaðan er afar góð og breiður hópur sem kemur að þessu útboði,“ sagði Hannes í gærkvöld þegar niðurstaðan var ljós.

Stærstu hluthafar félagsins keyptu nýja hluti fyrir 28 milljarða króna. KB banki og Landsbankinn höfðu fyrir útboðið tryggt kaup á átta milljörðum, en í ljósi eftirspurnar var sá hlutur minnkaður og fengu fagfjárfestar tæpum fimm milljörðum meira en til stóð í upphafi eða 12,9 milljarða.

Nýjum hluthöfum var boðið að greiða fyrir nýtt hlutfé með bréfum í stærstu skráðu félögum í Kauphöll Íslands. Niðurstaða af því varð sú að greitt verður fyrir 44 prósent nýs hlutfjár með hlutabréfum, en 56 prósent verða

greidd með reiðufé.

FL Group samdi um kaup á danska flugfélaginu Sterling fyrir skemmstu. Félagið á auk þess ríflega sextán prósent hlut í laggjaldaflugfélaginu easyJet. FL Group hefur boðað að félagið hyggist leggja áherslu á fjárfestingar í Evrópu.

HANNES SMÁRASON Forsvarsmenn FL Group eru í skjónum eftir að ljóst var að fagfjárfestar óskuðu eftir bréfum fyrir ríflega fimmtán milljörðum meira en í boði var í hlutfjárútboði félagsins.



Ólögleg dreifing sjónvarps: 290 milljóna krafist í bætur

DÓMSMÁL Fyrirtaka var í máli Ríkissaksóknara gegn forsvarsmönnum Kapalvæðingar ehf. fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær. Forsvarsmennirnir fjórir, Bjarki Eliasson, Guðmundur Margeirsson, Guðmundur Sigurbergsson og Ólafur Halldór Garðarsson, eru ákærðir fyrir ólöglega dreifingu á sjónvarpsefni til allt að 1.650 aðila í Reykjanessbæ.

Norðurljós samskiptafélag hf., sem átti útsendingarrétt á efniinu, gerir þá kröfu að Kapalvæðingu verði gert að greiða 290 milljónir í bætur.

Foreldrar koma að rekstri Kópavogsskóla

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að stórauka áhrif foreldraráðs skólans á stjórn hans. Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar, segir að foreldrar muni meðal annars hafa áhrif á það hvernig ráðstöfunarfé skólans verði varið.

MENNTAMÁL „Þetta þýðir að við erum að færa mun meira vald til foreldra en nokkurn tíma áður og vonumst með því til að auka skilvirkni og fjölbreytileika innan hans,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs.

Samþykkt voru á bæjarstjórnarfundum í fyrrkvöld drög að samningi við Kópavogsskóla um stóraukin áhrif foreldraráðs skólans á stjórn hans til næstu tveggja ára í tilraunaskyni.

Ármann segir að samningur þessi byggist á þrennu. „Í fyrsta lagi að auka sjálfstæði skóla en það er nokkuð sem margir hafa talað um en aldrei raunverulega komist í framkvæmd með almennilegum hætti. Með þessum hætti er tryggt að svo verður. Í öðru lagi að auka valddreifingu innan skólans og síðast en ekki síst þýðir þetta auðveldi íbúalýðræði því öllum foreldraráðinu gefst kostur á að vera með puttana í öllum helstu ákvarðanatökum innan veggja skólans.“

Tilraunin gengur út á að foreldraráð sem kosið verði á opnum fundum fái víðtæk vald en verði ekki aðeins umsagnaraðili eins og venja er meðal slíkra ráða. Foreldraráð Kópavogsskóla verður þá beinn þátttakandi í að leggja línurnar ásamt forráðamönnum skólans og mun hafa áhrif meðal annars á ráðstöfunarfé hans og taka beinan þátt í ráðningu nýs skólalæra þegar og ef til þess kemur. Enn fremur verður foreldraráðinu heimilt að fá einkaðíla til að styrkja skólafar- og verður þannig heimilt að stofna sérstakan sjóð þess vegna. Að síðustu munu foreldrar sem í ráðinu verða fá sérstaka þóknun fyrir störf sín.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON Við KÓPAVOGSSKÓLA Forseti bæjarstjórnar segir að foreldraráðinu verði heimilt að fá einkaðíla til að styrkja skólafar- og verður þannig heimilt að stofna sérstakan sjóð þess vegna. Að síðustu munu foreldrar sem í ráðinu verða fá sérstaka þóknun fyrir störf sín.

Ármann segir að vilji hafi verið fyrir því að ganga lengra með að auka sjálfstæði skóla í þeirri von að enn betri nýting

fái á það fjármagn sem skólanum er ætlað. „Með þessum hætti fer fé frekar í þau verkefni sem eru foreldrunum þóknunleg og veitir um leið aðhald um nýtingu fjármunanna.“

Samningurinn mun formlega taka gildi frá og með næstu áramótum.

albert@frettabladid.is

Ríkisstjórn Póllands: Staðfest í embætti á þingi

PÓLLAND, AP Minnihlutastjórn íhaldsflokksins Lög og réttlæti var í gærkvöld staðfest í embætti er hún stóðst atkvæðagreiðslu um traustsýrslýsingu í þjóðþinginu.

Þingmenn stjórnarflokksins eru 155, en alls greiddu 272 af 460 fulltrúum atkvæði með traustsýrslýsingu. Munaði þar mestu um stuðningtveggja smáflokka yst á hægrivængnum, Sjálfsvarnarpopulistans Andrzej Lepper og Fylkingar pólskra fjölskyldna sem er flokkur þjóðernissinna. Átta af 17 ráðherrum stjórnarinnar eru óflokksbundnir utanþingsserfræðingar.



KAZIMIERZ MARCINKIEWICZ Nýr forsætisráðherra Póllands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BANDARÍKIN

Miller hætt Judith Miller, blaðamaður á New York Times, hefur hætt þar störfum. Miller sat um nokkurra vikna skeið í fangelsi fyrir á árinu þegar hún neitaði að segja frá heimildarmanni í lekamálinu svonefnda. Blaðið studdi hana dyggilega fyrst en snerist síðan gegn henni og því hefur hún nú tekið pokann sinn.

Aldarlangu fangelsisdómur Barnaníðingur frá Iowa hefur verið dæmdur í hundrað ára langt fangelsi fyrir að misnota tvo bræður. Maðurinn var í vinfengi við fjölskyldu bræðrana og því gat hann misnotað þá itrekað fyrir sjö árum þegar þeir voru enn á barnaldri. Illvirkin á möguleika á reynslulausn, þó ekki fyrir en eftir sjötíu ár.

BRETAND

Drottningin tæknivædd Dagblaðið Sun segir frá því að Elísabet Bretadrottning hafi látið koma fyrir staðarákvörðunarúnaði í bifreiðum hirðarinnar. Auk þess er drottningin sögð eiga iPod-spilara og farsíma sem hún notar til að senda prinsunum Harry og William textaskilaboð.



MERKEL OG SCHRÖDER Verðandi og fráfarandi kanslarar í Berlín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Þýskalandi: Sátt náð um skattamál

ÞÝSKALAND, AP Forystumenn tveggja stærstu stjórnmálaflokka Þýskalands náðu í gærkvöld málamiðlun um eitt stærsta deilumálið í stjórnarmyndunarviðræðum þeirra, hækkun á virðisaukaskatti sem kristilegir demókratar höfðu lagt áherslu á sem lið í að rétta ríkisfjármálin af.

Talsmenn samninganefnda beggja flokka, kristilegra demókrata og jafnaðarmanna, lýstu bjartsýni á að takast myndi að ganga frá málefna-samningnum í dag eins og að hafði verið stefnt.

- aa

Alltaf hagstætt



Ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is



Sigurður P. Ragnisson, veðurfræðingur


VEÐURSPÁ

um hádegis »

SNIÓKOMA OG SÍÐAR EL NYRÐRA Hitamælirinn fellur stöðugt í dag og í kvöld verður víðast frost. Myndarlegt snjókoma-svæði er yfir endilöngu Norðurlandi sem heldur leysist upp þegar liður á síðdegis og kvöldið. Vara því við mögulegum þæfingi á vegum nyrðra.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Hæg norðaustlæg átt lengst af og bjart með köflum. Hiti yfir frostmarki í dag en frestur í kvöld.



Kaupmannahöfn	12°C léttskýjað	Paris	13°C alskýjað	Alicante	19°C léttskýjað
Oslo	6°C hálfskýjað	Berlín	12°C alskýjað	Milano	18°C léttskýjað
Stokkhólmur	11°C hálfskýjað	Frankfurt	10°C alskýjað	New York	9°C léttskýjað
Helsinki	8°C alskýjað	Madrid	16°C léttskýjað	San Francisco	16°C léttskýjað
London	16°C alskýjað	Barcelona	17°C léttskýjað	Orlando/Flórida	26°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Hafðu það gott um helgina

Nýtt kortatímabil



Einar Geirsson
Yfirmatreiðslumaður á Café Karólínu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR Á SPJÓTI

800 g kjúklingalundir grillpinna
100 g grófkorna sinnep
50 g dijon sinnep
25 g whisky BBQ sósa
25 g ólífuolía
salt og pipar grillpinna

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ-sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2-3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3-4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.

Ferskar kjúklingalundir

TILBOÐ
1.607 kr/kg
Merkt verð 2.295,-



Kjöt & fisktorgið

Ferskur lambahryggur

TILBOÐ
995 kr/kg
Verð áður 1.378,-



ÓÐALS

Hamborgarhryggur með beini

TILBOÐ
899 kr/kg
Merkt verð 1.498,-



Jamie Oliver
mælir með
kaldpressaðri
Avocado olíunni



**Olivado Extra Virgin
Avacado Olían**
er einstaklega góð sem
salatsósa, sem dýfa fyrir brauð
og sem matreiðsluolía.



Myllu heilhvaitbrauð, fitty brauð



Kjörís konfekt ísterta
- 12 manna

TILBOÐ
999 kr
Verð áður 1.499,-



Florida's Natural ávaxtasafi

TILBOÐ
199 kr
Verð áður 329,-

Gildir til 13. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á Fjármálaeftirlitið að birta hvaða fyrirtæki hafa brotið af sér við verðbréfavíðskipti?

Já 93%
Nei 7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að stytta nám til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú?

Segðu skoðun þína á vísu.is

Forseti Frakklands talar um óeirðirnar í landinu:

Chirac harmar misrétti

FRAKKLAND, AP Jacques Chirac, forseti Frakklands, sagði í gær að það yrði áfram forgangsmál ríkisstjórnarinnar að binda enda á óeirðirnar sem geisad hafa í landinu í tvær vikur. Hann viðurkendi jafnframt að félagslegt misrétti kynti undir óánægju meðal ungs fólks sem staðið hefur að uppötunum í innflytjendahverfum franskra borga.

„Hver sem uppruni okkar er þá erum við öll börn lýðveldisins og við væntum þess öll að njóta sömu réttinda,“ sagði forsetinn; „Allir hafa rétt á virðingu og jöfnum tækifærum.“ Þetta var aðeins í annað sinn frá því óald-



arbylgjan hófst sem Chirac tjáði sig opinberlega um hana.

Flest benti í gær til að óöldin væri í hraðri rénun eftir að neyðarlög voru sett á þriðjudag og útgöngubann á grundvelli þeirra í nokkrum sveitarfélögum þar sem óeirðaseggir hafa haft sig mikið í framm. Kveikt var í tæplega 500 bílum í fyrrinótt, fjórtándu óeirðanóttina í röð, en talsmenn lögreglu sögðu það vísbendingu um að ástandið væri að skána. - aa

SARKOZY OG CHIRAC Frakklandsforseti gefur innanríkisráðherra Nicolas Sarkozy eyra á fundi í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur Hæstaréttar:

Fresta refsingu lögreglumanns

HÆSTIRÉTTUR Hæstiréttur úrskurðaði í gær að fresta skyldi refsingu lögreglumanns, sem í Héraðsdómi Reykjavíkur var sakfelldur fyrir að hafa ekki gætt lögmætra aðferða við að stöðva ætlaðan hraðakstur ökumanns mótorhjól í maí í fyrra.

Í dómnum segir að refsingin skuli niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppkvaðningu haldi sakborningurinn almennt skilorð.

Í héraði var lögreglumaðurinn dæmdur til greiðslu 200.000 króna sektar og bóta til ökumanns mótorhjólans en Hæstiréttur vísaði bótakröfnum frá á þeirri forsendu að hún væri vanreiðu. ■

Háskólinn á Akureyri:

50 milljóna niðurskurður

MEINTAMÁL Háskólaráð Háskólans á Akureyri samþykkti í gær tillögur sem fela meðal annars í sér sameiningu deilda og liðlega fimmtíu milljóna króna sparnað á ári umfram það sem þegar hafði verið lagt til.

Eftir breytingarnar verða deildir háskólans fjórar í stað sex. Skólafyrirvöld telja að með þessu megi gera námsframboð markvissara.

Samþykkt háskólaráðsins er gerð í tengslum við markmið sem háskólinn setti sér árið 2004 um 100 milljóna króna sparnað. Nemendur við skólann eru nú 1.550 og fastir starfsmenn 170.

Gert ráð fyrir áframhaldandi vexti skólans og fjölgun nemenda um 6 til 9 prósent á ári næstu þrjú árin. - jh

Forsetakosningar í Líberíu:

Johnson-Sirleaf með forystu

LÍBERÍA, AP Útlit er fyrir að Ellen Johnson-Sirleaf verði næsti forseti Líberíu. Hún lýsti yfir sigri í gærkvöld þegar um 91 prósent atkvæða höfðu verið talin. Þá hafði hún fengið um 59 prósent atkvæða en andstæðingur hennar, knattspyrnukappinn George Weah, 41 prósent.



ELLEN JOHNSON-SIRLEAF

Weah hefur sakað kjörstjórn landsins um svindl en eftirlitsmenn á vegum SP segja kosningarnar á þriðjudag hafa farið vel fram. Endanlega niðurstaðna er ekki að vænta fyrr en eftir nokkra daga en ef fram fer sem horfir verður Ellen Johnson-Sirleaf fyrsta konan til að gegna embætti þjóðarleiðtoga í Afríku. ■

2B vill peninga fyrir starfsmenn Ístaks

Verkalýðsfélag Akraness getur ekki rift samningum 2B segir lögmaður starfsmannaleigunnar. 2B fer enn fram á leigu frá Ístaki þó starfsmennirnir séu nú á launaskrá hjá verktakafyrirtækinu.

VERKALÝÐSMÁL „Pólverjarnir fjórtán eru nú komnir á launaskrá hjá Ístaki og eigandi starfsmannaleigunnar 2B hefur gert upp við tvo þeirra. Eg fór yfir þá launaseðla sem voru allt í lagi og hann mun gera upp við hina fyrir þann fimmtánda svo þetta er hið besta mál,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Verkalýðsfélagið kærði starfsmannaleiguna 2B fyrir skömmu vegna málsins en nú hefur laun fundist, starfsmennirnir eru komnir með atvinnuleyfi og fá sín laun greidd frá Ístaki að sögn Vilhjálmsson.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B, segir málið þó ekki svona einfalt. „Með fullri virðingu fyrir Vilhjálmum þá er hann enginn dómari sem getur rift samningum 2B, hvorki við Ístak né starfsmennina,“ segir Sveinn Andri. Hann segir að 2B fari



SVEINN ANDRI SVEINSSON Segir Atvinnu-málastofnun hafa afgreitt gallaða umsókn á ljóshraða.



BYGGINGAFRAMKVÆMDIR Ístak leigði fjórtán verkamenn í góðri trú enda verkefni næg. Þessi mynd er tekin af verkamönnum við framkvæmdir á Helliðshéiði.

enn fram á samningsgreiðslur frá Ístaki. Hann undrar sig á því að Vinnumálastofnun afgreiði mál Pólverjanna á ljóshraða meðan venjulega verði skjólstæðingar hans að biða lengi eftir afgreiðslu fyrir sína starfsmenn. „Ekki er nóg með það heldur er umsóknin gölluð þar sem hún kom frá Ístaki meðan mennirnir starfa hjá 2B,“ segir hann.

Lóftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, segir að Pólverjarnir séu orðnir starfsmenn Ístaks og nú sé samið við 2B um samningslok. „Það er ekki verið að greiða tvöfalt fyrir þá,“ segir hann. „Við leigðum mennina af 2B í góðri trú en þegar Vinnumálastofnun kvað þá ólöglega stóðum við frammi

fyrir tveimur kostum: annars vegar að reka þá en okkur þótti þessi kostur sem við svokómun mun betri,“ bætir hann við.

Þetta er í annað sinn sem Verkalýðsfélag Akraness vindur málum í þennan farveg en í sumar fengu mál fimm Pólverja sem nú starfa hjá Spútík bátum svipuð endalok.

Enn vinnur verkalýðsfélagið að slíkum málum. „Nú erum við með fyrirtæki undir smásjóni sem fékk atvinnuleyfi fyrir erlenda verkamenn og allt virtist vera í lagi þar til launþegi sýndi okkur launaseðla sem ekki voru í takt við þá samninga sem lágu fyrir,“ segir Vilhjálmur.

lse@frettabladid.is

Heilsuhitapokinn

Ný kynslóð heilsubótar

100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Söluastaðir: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar, Runni studio blóm.

ÚTKALL KOMIÐ

- enn ein sönn spennusaga eftir Óttar Sveinsson

Ein allra stærsta björgun Íslandssögunnar var þegar lítil hersveit, undir stjórn Einars Sigurðssonar skipstjóra, kom hátt í tvö hundruð aðframkomnum sjóliðum til bjargar eftir að kanadíski tundurspillirinn Skeena strandaði í foráttuveðri í Víðey árið 1944.



Hulunni svipt af hernaðarleyndarmálinu

Starfsfólk frá löndum sem nýlega hafið gengið í Evrópusambandið:

Leigurnar þrífast á höftunum

STJÓRN MÁL Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir skiptar skoðanir um það hvort beita skuli áfram aðgangstakmörkunum gagnvart fólk frá löndum sem nýlega hafa óðlast aðild að Evrópusambandinu.

Tveggja ára takmörkun á innflutningi starfsmanna frá viðkomandi löndum rennur út næsta vor. „Við munum fara yfir þetta á næstu vikum og mánuðum með aðilum vinnumarkaðarins. Við vorum sammála um það á sínum tíma að beita þessum takmörkunum og við þurfum að meta reynsluna,“ segir Árni.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók málið upp utan dagskrár á Alþingi í gær og vitnaði til nýlegrar skýrslu Norrænu ráðherraefndarinnar. „Þessi skýrsla segir það í rauninni að það hafi ekki verið nein þörf á að



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON ALÞINGISMAÐUR Guðlaugur Þór telur hindranir óþarfar.

leggja höft á ferðir fólks í atvinnuleit til landsins. Aðstreymið hefur farið eftir eftirspurn eftir vinnuafli í viðkomandi löndum og regluverkið skiptir síður máli. Þetta hefur haft jákvæð áhrif á efnahagslíf þessara landa. Merkilegast er að svo virðist sem höftin hafi stuðlað að því að starfsmannaleigur fái þrífist.“



ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Árni segir enga ákvörðun hafa verið tekna um frekari aðgangshindranir, en þær falla úr gildi næsta vor.

„Við höfum nú þegar breytt vinnureglum um útgáfu atvinnuleyfa og það tekur nú skemmri tíma en áður að fá atvinnuleyfi fyrir borgara þessara nýju aðildarríkja Evrópusambandsins,“ segir Árni Magnússon. - jh

REYNIR TRAUSTASON

Skuggga börn

KEMUR ÚT Í DAG!



„Ég gekk með skuggabörnum um rangala fíknarinnar. Ein þeirra sem fjallað er um gat ekki sagt sögu sína því fíknin kostaði hana lífið. Annar var myrtur meðan á ritun bókarinnar stóð. Sá sem verknaðinn framdi kemur líka við sögu. Langflestir sem fjallað er um eru á aldrinum 20 til 33 ára, ungmenni í blóma lífsins sem dansa stöðugt á brúninni; sumir hafa hropað til bana.“

Reynir Traustason





VEISTU SVARIÐ

- 1 Í hvaða borg í Miðausturlöndum sprengdi al-Kaida þrjár sprengjur í fyrradag?
- 2 Hvað var mörgum framhaldsskólannemum vísað frá í haust?
- 3 Hvers konar verkmiðja mun rísa í Mývatnssveit?

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Lögreglan á Höfn í Hornafirði ósátt með fyrirhugaðar breytingar á stjórnun:

Yfirmaðurinn í órafjarlægð

LÖGREGLAN Lögreglumenn á Höfn í Hornafirði hafa ýmsar efasemdir um ágæti tillagna framkvæmdanefndar um að færa umsjón lögreglumála frá Höfn og til Eskifjarðar. Tillagan var kynnt þeim á fundi fyrr í vikunni.

Einn þeirra hefur bent á að vegalengdin frá Gígjukvísl við Skeiðarársand, sem fellur undir embætti lögreglustjóra á Höfn, og til Eskifjarðar er álíka mikil og vegalengdin frá Reykjavík og til Akureyrar. Telur hann að jaðarsvæði verði útundan við slíka stjórnskipan.

Páll Björnsson, sýslumaður á Höfn, segist jákvæður í garð



ESKIFJÓRÐUR Það verður langt að fara fyrir lögreglumann, sem þarf að sinna þjónustu á Skeiðarársandi, ef hann þarf að hitta yfirmann sinn, sem verður á Eskifirði. Vegalengdin er svipuð og frá Reykjavík og til Akureyrar.

breytinganna en sjá þó nokkra vankanta á þeim. „Samkvæmt breytingunum sem okkur voru kynntar eiga sýslumenn að fá ný verkefni og var þar meðal annars nefnd útgáfa á Lögbirtingi, eftirlit með fasteignasölu og svo framvegis en ég sé ekki að þessi verkefni haldist þar,“ segir Páll. Hann telur að minni sýslumannsembættin líði undir lok á næstu árum þar sem verið sé að taka af þeim verkefni frekar en hitt. Einnig telur hann óskynsamlegt að lögreglurannsóknir séu alfarið færðar frá Höfn og til Eskifjarðar vegna þess hve seinfarið sé þar á milli.

Sorp vegna framkvæmda: Tvöfalt meira en leyfið segir

AUSTURLAND Sorpmagn á urðunarstað Fljótsdalshéraðs, að Tjarnarlandi í Hjaltastaðapinghá, hefur að minnsta kosti tvöfaldast vegna framkvæmdanna á Austurlandi.

Á vefsíðu Egilsstaða kemur fram að starfsleyfi sé fyrir urðun 2.000 tonna á ári en urðuð hafi verið 4.000 tonn fyrstu tíu mánuði ársins.

Sorpið kemur meðal annars frá Fjarðaráli og Kárahnjúkum. Þar standa yfir gríðarlegar framkvæmdir vegna álvers og virkjunar. Þrátt fyrir aukninguna mælist lítil mengun í frávatni frá urðunarstaðnum. Mælingar sýna að vatnið er nánast drykkjarhæft.



RÁÐLEGGUR VARUÐ Séra Þórhallur Heimisson segir margt gott við óhefðbundnar lækningar en ráðleggur fólki samt að fara varlega og trúa ekki hverju sem er.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Séra Þórhallur Heimisson:

Varar fólk við að trú á öllu

HEILBRIGÐISMÁL Séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir að margt sé gott við óhefðbundnar lækningar en þó sé rétt að fara varlega og trúa ekki öllu.

„Góð bæn er betri en margt annað en stundum er reynt að plata mann. Þeir sem eru langt leiddir af sjúkdómum eru kannski viðkvæmir fyrir og leita leiða sem kosta mikið. Það er mínus.“

- ghs

LÖGREGLA

Vitni óskast að árekstri Síðdegis á miðvikudag um kl. 17.15 varð árekstur á Höfðabakkabrú á leið í Árbæ þar sem ekið var aftan á bifreiðina AX-111 sem er ljósgrænn Ford Explorer. Ökumaður bifreiðarinnar varð ekki var við áreksturinn fyrr en síðar en sennilega hefur rauðri bifreið verið ekið aftan á AX-111. Vitni að árekstrinum og/eða sá sem ók á bílinn, vinsamlegast snúi sér til lögreglunnar í Reykjavík.

SKIPULAGSMÁL „Okkur í Óperunni líst vel á þessar hugmyndir Gunnars; við lítum á þetta sem ákjósanlegan kost í okkar húsnæðismálum og biðum spennt eftir að heyra meira af framvindu þessa máls,“ segir Bjarni Daníelsson óperustjóri um fyrirhugað Óperuhús við Borgarholt í Kópavogi.

„Kjarninn í minni hugmynd var að það kæmu aðilar úr einkageiranum að fjármögnun hússins ásamt Kópavogsbæ og sú vinna stendur yfir núna og lýkur vonandi fyrir júl,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi og höfundur hugmyndarinnar. Hann vill ekki geta sér til um það hvenær framkvæmdir gætu hafist en fyrirhugað er að þær taki tvö til tveggja ár.

„Þetta er ennþá bara hugmynd og skýr hönnun liggur ekki enn fyrir en gert er ráð fyrir að húsið muni taka á bilinu 600 til 700 manns og kostnaður yrði á bilinu einn og hálfur til tveir milljarðar,“ útskýrir hann.

Óperuhúsið yrði byggt við jaðar Borgarholts í Kópavogi en þar eru fyrir tónleikahúsið Salurinn, Gerðarsafn, Náttúrugripasafnið og Bókasafn Kópavogs. „Meiningin er svo að tengja menningarstarfsemina alla saman þannig að ein vinni með annarri



ÓPERUHÚSIÐ Svona myndi óperuhúsið líta út miðað við fyrstu hugmyndir.

og þetta verði svona menningar- torfa, þarna mætti einnig halda málþing og ráðstefnur svo þetta nýtist ekki aðeins menningunni,“ segir Gunnar. Hann bætir við að hugmyndir séu uppi um að byggja yfirbyggingu sem myndi tengja óperuhúsið og Gerðarsafn.

Bjarni segir að markaðurinn fyrir óperu sé ekki stór á Íslandi en telur þó að óperuhús sem rúmi fleiri en sjö hundruð manns geti vel borgað sig. „Óperuhús sem er sérhannað fyrir óperuflutning en einnig nýtanlegt til ýmissa annarra listviðburða og gæti vel

verið í daglegri notkun og því vel hægt að reka það svo vel sé,“ segir hann. Hann er sáttur við staðsetninguna. „Fyrst því var ekki komið fyrir við höfnina í Reykjavík líst mér vel á það í Kópavoginum,“ bætir hann við.

js@frettabladid.is

„Við þráum öll holdlegan unað en þurfum að berjast við ógnarafi velsæmisins áður en við leyfum okkur að njóta hans. Á sinni löngu vegferð hefur maðurinn náð furðulegum árangri í að eyðileggja þá fegurð sem felst í kynhvötinni.“

„Spennandi og plottið flókið ... snjall textahöfundur.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

ERÓTÍSKUR GÆÐAKRIMMI

Súsanna Svavarsdóttir fer hér ótroðnar slóðir. Æsileg, blóðheit spennusaga sem ögrar viðteknum gildum og þenur taugar lesandans til hins ýtrasta.

30% AFSLÁTTUR

Gildir til 15.11.2005.

Þórhallur Heimisson

www.jpv.is



GRÉTAR ÞORSTEINSSON Forseti ASÍ segir lækkunina ekki hafa nein áhrif á viðræður vegna kjarasamninga.



INGVAR ARNARSSON Sérfræðingur á greiningardeild Íslandsbanka segir lækkun verðbólgunnar gleðitiðindi fyrir flesta.

Verðbólgan lækkar um 0,2 prósent milli mánaða:

Breytir engu um kjarasamninga

EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,2 prósent milli október og nóvembermánaðar. Verðbólgan hefur því lækkað úr 4,6 prósentum í 4,2 prósent. Þetta er lítil breyting, þó hún sé meiri en búist hafði verið við. Áfram er búist við að Seðlabankinn hækki stýrivexti um 0,5 eða 0,75 prósentustig við útgáfu Peningamála í byrjun desember.

Ingvar Arnarson, sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka, segir að almennt hafi verið gert ráð fyrir 0,1 til 0,2 prósentu hækkingu verðbólgunnar. Spáskekkan hjá Íslandsbanka stafi af því að verð á dagvöru hafi lækkað milli mánaða, verð á nýjum bíl hafi lækkað meira en reiknað hafi verið með og

eldsneytisverð hafi sömuleiðis lækkað. Þá hafi íbúðaverð haldið áfram að hækka.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir að lægri verðbólga hafi engin áhrif á viðræður vegna kjarasamninga. „Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að verðbólga sé að lækka og vonandi verður framhald á því en við erum að fást við ástandið frá 2004 og til þessa dags.“

Gengi krónunnar var 102,8 þegar markaðir voru opnaðir í gærmorgun. Verðbólgufréttindin ollu því að krónan fór upp í 103,7 en sú breyting gekk svo til baka þegar erlend skuldabréfaútgáfa í krónum tók að aukast og krónan styrktist á ný. Gengi krónunnar endaði í 102,3.

- ghs



Lanzarote
 Sumarið 2006 er komið á vefinn okkar!
 Yaiza og aðrir frábærir valkostir!



28°C hiti

... nokkrir pálmar og kaktusar, svalandi sundlaug og sjór.

HT Bahía Blanca Rock ***

Verð 18. júlí – 1. ágúst: **49.600,-**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

68.200,- m.v. 2 fullorðna

Skemmtilegt og líflegt íbúðahótel á mjög góðum stað í Playa Blanca. Stutt á strönd, veitingastaði og verslanir. Góð aðstaða fyrir börn og þægilegar íbúðir.



HT Bahía Blanca Rock – íbúðir

Gestamótaka 24/7
 Stönd 750 m

Aðstaða	
Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekki Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá Fyrir börn	Já Já
Heilurækt	Nei
Aðstaða fyrir fatlaða	Samleg



ÍBÚÐIR

Rúmgóðar íbúðir m. svölum/verönd, ísskáp, síma, kaffivél og sjónvarpi. Þrif 5 daga vikunnar.

Suíte Hotel Princesa Yaiza ★★★★★

Verð 6. júní – 20. júní: **68.900,-**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

95.800,- m.v. 2 fullorðna

Yaiza er helli heimur út af fyrir sig og eitt besta hóteli sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og alþrúða þjónusta á líkugu strandythótel þar sem öll herbergi eru svítur og allt er eins og það á að vera.

Princesa Yaiza – svítur

Gestamótaka 24/7
 Stönd 50 m

Aðstaða	
Bar	Já (inn og út)
Veitingastaður	Já (í)
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekki Handklæði	Já Já
Skemmtidagskrá Fyrir börn	Já Já
Heilurækt	Já
Tennisvélur	Já
Fundaraðstaða	Já
Aðstaða fyrir fatlaða	Já

SVÍTUR

Lúxusherbergi með svölum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishölli og vel búnum baðherbergjum. Þrif alla daga vikunnar.



SUMAR FERÐIR

– ALLTAF Á RÉTTU VERÐI



ERFIÐ BARÁTTA Líf umhverfisverndarsinnans er enginn dans á rósum. Þessu komst Þjóðverjinn Jens Löwe að þegar hann benti kolanámumönnum á Filipseyjum á áhrif hlýnunar jarðar og uppskar barsmíðar fyrir. Debbie Pistor, félagi hans í Greenpeace, kom honum til hjálpar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvöföld sjálfsmorðsárás á veitingahúsi í Bagdad í gær:

Á fjórða tug liggur í valnum

BAGDAD, AP Í það minnsta 33 létust og nítján særðust í mann-skæðri sjálfsmorðsárás á veitingahúsi í Bagdad í gær. 27 lík fundust skammt frá írönsku landamærunum.

Í gærmorgun sprengdu tveir sjálfsmorðssprengjumenn vítisvélur sínar á veitingastað í Bagdad þar sem lögregluþjónar fá sér gjarnan morgunverð. Sjö þeirra voru á meðal hinna látnu en hin fórnarlömbin eru öll sögð almennir borgarar. Ekki er vitað hver ber ábyrgð á tilræðinu.

„Ég fór út til að sjá hvað hefði gerst. Lík lágu úti um allt og gatan var roðin blóði. Það er

glæpur að ráðast gegn saklausu fólki að fá sér morgunmat,“ sagði Samyia Mohammed, húsmóðir í nágrenninu. Um svipað leyti létust sjö manns í Tikrit, heima-borg Saddams Hussein, þegar bílsprengja sprakk við ráðningastofu hersins. Þá fundust í gærmorgun, nærri írönsku landamærunum, lík 27 óþekktra manna, klædd borgaralegum klæðnaði. Þeir höfðu verið bundnir og skotnir í höfuðið af stuttu færi. Slíkar aftökur virðast hafa færst í vöxt en síðan ríkisstjórnin tók við völdum í apríl á þessu ári hafa 566 lík fundist.

- shg



SLASADIST Í SPRENGINGUNNI Veitingahúsið var fullt af fólki þegar sjálfsmorðssprengjumennirnir tveir unnu illvirkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spennandi tækninýjung:

Sjónvarpsnet fyrir farsíma

FINNLAND Finnar ætla að verða fyrstir til þess að koma á laggirnar einkareknu farsímasjónvarpsneti í Evrópu. Á næstunni verður starfsleyfið auglýst og rennur umsóknarfrestur út í janúar.

Þegar starfsemin verður komin í fullan gang verður hægt að horfa á sjónvarp í farsímanum. Farsímanet af þessu tagi hafa verið í tilraunnotkun í Bandaríkjunum og Suður-Kóreu en einkarekstur á þessu sviði töðkast hvergi annars staðar í heiminum. Að sögn viðskiptablaðsins Taloussanommat hefur tilraunin í Suður-Kóreu gengið illa. ■

Fjölbýlishús á Eskifirði:

Ætlað fyrir 50 ára og eldri

ÖLDRUNARMÁL Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa úthlutað Edduborgum ehf., byggingarlandi í miðbæ Eskifjarðar en þar hyggst fyrirtækið reisa þrjú fjögurra og fimm hæða fjölbýlishús með samtals á sjötta tug íbúða.

Stefnt er að því að byrjað verði að selja íbúðirnar snemma á næsta ári en þær verða hannaðar með þarfir 50 ára og eldri í huga og verður byggt þjónustuhúsnæði á svæðinu fyrir íbúana. - kk

Sakar þingmenn um firringu

Staða Tonys Blair hefur veikt verulega eftir að neðri deild breska þingsins felldi umdeilt stjórnarfrumvarp. Blair segir hluta þingmanna veruleikafirrtan. Nokkrir hafa þegar boðað andstöðu við ýmis mál sem forsætisráðherrann hefur sagst ætla að beita sér fyrir en hann ætlar þó að sitja sem fastast út kjörtímabilið.

BRETLAND Dóttir Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, þurfi ekki að segja af sér í kjölfar þess að neðri deild þingsins felldi lagafrumvarp um hryðjuverkavarnir í fyrrakvöld hefur staða hans veikt verulega. Blair sakar þingmenn um að skilja ekki alvöru málsins.

Akvörðun þingsins á miðvikudagskvöldið hefur valdið talsverðu uppnámi enda hefur stjórnarfrumvarp aldrei áður verið fellt í forsætisráðherratíð Blairs. 49 þingmenn Verkamannaflokksins snerust á sveif með stjórnarandstöðunni og greiddu atkvæði gegn því að lögregla gæti haldið grunuðum hermdarverkamönnum í allt að níutíu daga án þess að birta þeim ákæru. Í staðinn var breytingatillaga samþykkt þar sem heimilað var að lengja gæsluvarðhald úr fjórtán dögum í 28.

Þrátt fyrir að meirihluti neðri deildarinnar hafi snúist gegn forsætisráðherranum í málinu ætlar Blair ekki að segja af sér vegna þess. Michael Howard, leiðtogi íhaldsmanna, hvatti hann strax til að láta af embætti en viðurkenndi þó að Blair tækist að öllum líkindum að verjast van-



Á Í VÖK AÐ VERJAST Þegar eru teikn á lofti um að tekið sé að losna um flokksagann hjá þingmönnum Verkamannaflokksins. Því er hætt við að brosið breiðist á andliti Blairs verði sjaldgæfari sjón næstu misserin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

trausti yrði slík tillaga borin upp á þinginu.

Charles Clarke innanríkisráð-

herra kom Blair hins vegar til varnar í viðtali við BBC í gær og sagðist þess fullviss að forsætis-

ráðherrann héldi trúnaði stjórnarþingmannanna út kjörtímabilið. Orð Clarkes virðast óskhyggja því nokkrir þingmenn Verkamannaflokksins lýstu því yfir í gær að þeir hygðust kjósa gegn tillögum stjórnarinnar í mennta- og heilbrigðismálum sem boðaðar hafa verið. Einn þeirra, Paul Farrelly, sagði að sýndi Blair sama stjórnunarstíl þegar þingið fjallaði um þær „myndi fjandinn verða laus“.

Ríkisstjórnin hittist á fundi í gær en þar sagði Blair hluta þingmanna ekki skynja hryðjuverkahættuna og þeir væru úr tengslum við almenning. Talsmaður forsætisráðherrans sagði Blair hafa hitt yfirmenn lögreglu í gær og þeir hefðu ítrekað nauðsyn þess að geta haldið grunuðum misindismönnum í drjúgan tíma. Því væri forsætisráðherrann enn sannfærðari en áður um að rétt hefði verið að knýja málið fram.

Bresku blóðin fjölluðu ítarlega um málið í gær. Daily Telegraph sagði daginn þann svartasta sem Blair hefði upplifað en slúðurblaðið The Sun kallaði þá sem greiddu atkvæði gegn frumvarpinu svikara.

sveinng@frettabladid.is

Notaðu peningana þína ...

... til þess að:

- Greiða hratt niður skuldir
- Hafa gaman af því að eyða þeim
- Spara og byggja upp sjóði og eignir
- Læra á verðbréfamarkaðinn

Þú getur þetta allt með peningunum sem þú átt nú þegar því að þú átt nóg af þeim – þú þarft bara að finna þá.

ÚR MÍNUS Í PLÚS - NÆSTU NÁMSKEIÐ:

Reykjavík:	15. nóv.	Akureyri:	19. nóv.
		Ísafjörður:	21. nóv.
		Egilsstaðir:	23. nóv.
		Vestm.eyjar:	26. nóv.

Skráning á www.spara.is eða í síma 587 2580



Ingólfur H. Ingólfsson hefur um árabil haldið vinsæl námskeið um fjármál heimilanna og hjálpað fjölda fólks að ná tökum á fjármálum sínum.

Penninn/Eymundsson veitir 15% afslátt af bókinni á meðan á námskeiðunum stendur

spara.is

Almenna bókafélagið edda.is

Pappabrettaverksmiðja sett á laggirnar í Bjarnarflagi:

Græn lausn í Mývatnssveit

ATVINNUMÁL Í gær undirrituðu Jóhann Malmquist, fulltrúi fyrirtækisins Grænna lausna, og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, leigusamning um húsnæði og lóð á landi Kísiliðjunnar í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.

Fyrirhugað er að þar muni Grænar lausnir hefja framleiðslu á vörubrettum úr pappa. „Þetta er nýsköpunarverkefni og þau taka oft lengri tíma en áætlanir ráðgera en við vonumst til að vera komnir af stað með full afköst árið 2007,“ segir Már Wolfgang Mixa, einn af fulltrúum fyrirtækisins.

Áætlað er að átján manns muni starfa við framleiðsluna til að byrja með.

Pappabrettin verða framleidd úr endurunnum pappír og munu léttustu brettin því vega minna en tvö og hálf kíló. Þau geta borið um þrjú tonn og þola að vera í vatni í tvær vikur án þess að missa styrkleika. Áætlað er að heildarfjárfesting verkefnisins sé tæpir tveir milljarðar.

Starfsemi var lögð niður í verksmiðju Kísiliðjunnar skömmu fyrir júl í fyrra og hefur hún staðið auð síðan. Má því segja að fundist hafi græn lausn á þeim vanda.


- jse



KÍSILÍÐJAN Segja má að fundist hafi græn lausn á málefnum Kísiliðjunnar. Þar verða framleidd pappabretti í framtíðinni.

Nýr Hilux – Láttu reyna á 'ann

Frumskýning á laugardag



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFANIN HJALIS TOY 2014 11/2005

Hilux - hinir sterkustu komast af

Hilux hefur fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Styrkurinn og aksturseiginleikarnir eru eins og hannaðir fyrir íslenskt umhverfi. Sprengisandur, Miklabraut, Hellisheiði, Krossá: honum eru allir vegir færir. Og þróunin heldur áfram. Nýr Hilux er kominn til landsins. Núna er hann bara betri. **Láttu reyna á 'ann!**

Verið velkomin á Nýbýlavegin laugardaginn 12. nóvember milli kl. 12 og 16.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



METFLUG Flugvirki á Heathrow-flugvelli skoðar hreyfil Boeing 777-200LR-farþegaþotu („Worldliner“) sem flogið var í einum rykk frá Hong Kong austur yfir Kyrra- og Atlantshaf. Þar með var sett nýtt heimsmet í lengd á flugi farþegaþotu, 18.622 km.


NORDICPHOTOS/AFP

Vísitala trúverðugleikans:

Minnkandi barnabætur

STJÓRN MÁL Barnabætur hafa á föstu verðlagi minnkað úr 7,3 milljörðum króna í 5,4 milljarða á fimmtán ára tímabili. Jafnframt eru þær helmingi lægri nú sem hlutfall af vergri landsframleiðslu en árið 1991.

Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónssonar, þingmanns vinstri grænna. Hann segir að út úr þessum tölum megi lesa eins konar vísitalu trúverðugleikans. Stjórnarflokkarnir hafi lofað öðru en gögnin sýni. Meðfylgjandi línurit er birt á ný í blaðinu í dag vegna prentgalla við birtingu þess í gær.



* Í MILLJÖNUM KRÓNNA Vegna mistaka í prentun blaðsins í gær endurbirtum við töfluna.



„Smart, kraftmikið og á stundum svo átakanlega satt.“

Fréttablaðið, Valgeir Skagfjörð



Motorlift bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrífna Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótör og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

Motorlift fæst í byggingavöruslunum um land allt.

CHAMBERLAIN™

Íslenskar leiðbeiningar fylgja

Framsóknarflokkur í þéttbýlisvanda

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins verður settur í Kópavogi síðdegis í dag. Fulltrúar eru varla ánægðir með lítið fylgi flokksins í þéttbýli og trúlega ræða einhverjir við formann flokksins um erfiða stöðu sjávarútvegsfyrirtækja.

Miðstjórn Framsóknarflokksins kemur saman til fundar í Kópavogi í dag, en hún er æðsta stórn flokksins milli flokksþinga.

Fundur miðstjórnar er haldinn í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Formaður flokksins varð forsætisráðherra fyrir rúmu ári. Tíminn hefur reynt honum og flokknum erfiður. Fylgið er lítið og hagkerfið við það að ofhitna. Störf tapast í sjávarútvegi og stjórnarflokkarnir ganga ekki í takt í mörgum málum. Úr því er að vísu lítið gert.

Í skoðanakönnunum að undanförunu hefur fylgi flokksins í Reykjavík mælst innan við fimm prósent, sem nægir ekki til þess að koma að einum fulltrúa í fimmtán manna borgarstjórn Reykjavíkur. Þeir sem best eru læsir á framsóknarmenn telja engu að síður fullvíst að þegar í kjörklefana kemur muni kjósendur skila flokknum að minnsta kosti sex til sjö prósent fylgi í borginni. Margir flokksmenn telja fjarri lagi að þetta sé fullnægjandi og eru vísir til að kalla formanninn til ábyrgðar á miðstjórnarfundinum og krefjast breytinga.

Miðstjórnarfulltrúar af landsbyggðinni minna forystuna og ráðherra flokksins á að sjávarútvegsfyrirtæki um land allt eigi erfitt uppdráttar, meðal annars vegna ákvarðana sem flokksforystan hefur átt aðild að innan ríkisstjórnarinnar. Hágengi krónunnar riður samkeppnis- og útflutningsgreinum á slig. Vel má vera að fleiri fyrirtæki láti undan síga á næstunni. Spurnir eru til að mynda af afar þungum rekstri í fiskvinnslu á Seyðisfirði. Vandinn sem að forsætisráðherra stöðjar – líkt og öðrum stjórnarmálaleiðtogum – er að efnahagslífið og hagkerfið er óháðara vilja þeirra, ákvörðunum eða duttlungum en nokkru sinni fyrr. Halldór þarf engu að síður mjög líklega að sannfæra miðstjórn Framsóknarflokksins um það að stjórnmálaflokkurinn er átt að stjórnmálaleiðtogum – er að efnahagslífið og hagkerfið er óháðara vilja þeirra, ákvörðunum eða duttlungum en nokkru sinni fyrr.

Haldór þarf engu að síður mjög líklega að sannfæra miðstjórn Framsóknarflokksins um það að stjórnmálaflokkurinn er átt að stjórnmálaleiðtogum – er að efnahagslífið og hagkerfið er óháðara vilja þeirra, ákvörðunum eða duttlungum en nokkru sinni fyrr. Halldór þarf engu að síður mjög líklega að sannfæra miðstjórn Framsóknarflokksins um það að stjórnmálaleiðtogum – er að efnahagslífið og hagkerfið er óháðara vilja þeirra, ákvörðunum eða duttlungum en nokkru sinni fyrr.

Þattstaðan um RÚV

Framsóknarmenn virðast tómlátir um setningu nýrra laga um eignarhald á fjölmiðlum.

Öðru máli gegnir um málefni Ríkisútvarpsins. Þeir eru meðvitadír um að þattstaða í málefnum RÚV er skaðvænleg stofnuninni. Stuðningur þeirra við stofnunina er óhaggaður. En þeir geta ekki felt sig við áform sjálfstæðismanna – samstarfsflokksins – um



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Sumir telja sig sjá merki þess að flokkurinn sé kerfisbundið að breyta ímynd sinni.

að breyta RÚV í einkahlutafélag.

Haldór Ásgrímsson, formaður flokksins, sagði í ræðu sinni á miðstjórnarfundum flokksins árið 2001 að draga ætti úr vægi stjórnarmálaflokka í stjórn stofnunarinnar. „Þjóðin þarf á fjölmiðli að halda sem er óháður hverskonar sértækum hagsmunum,“ sagði formaðurinn og bætti við: „Um leið þurfi að gera stjórn stofnunarinnar ábyrga fyrir bæði rekstri og dagskrá en jafnframt þurfi að verða til farvegur fyrir álitamál um framkvæmd grundvallarhlutverks Ríkisútvarpsins,“ sagði Halldór orðrét.

Flestir eru sammála um að rekstrarform og ýmsir þættir í skipulagi RÚV standi starfsemi stofnunarinnar fyrir þrifum á tímum glerharðrar samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Nýr útvarpsstjóri varð nýlega að sveigja af vegi regluverksins til að bíða ekki lægri hlut í samkeppni um hæft starfsfólk.

Eftir því sem næst verður komist gæti Framsóknarflokknum hugnast að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag með sérstöku ákvæðum eða skyldum sem tilteknar yrðu um hlutafélög í eigu ríkisins. Benda má á að til dæmis Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Íslandspóstur eru hlutafélög í eigu ríkisins og virðast njóta kostna rekstrarformsins.

Ef af þessu á að verða þarf líklega að skapa lagalegt afbrigði fyrir hlutafélög í eigu ríkisins. Fullyrt er að forysta Framsóknarflokksins vilji kanna þessa leið sérstaklega og telji jafnvel að um þetta gæti náðst samstaða allra flokka nema Vinstri grænna.

Íbúðalánasjóður

Fastlega er gert ráð fyrir því að rædd verði málefni Íbúðalánasjóðs, en staða hans hefur gerbreyst á undanförunum misserum samfara vaxandi útlánum bankanna til íbúðakaupa.

Þeirri hugmynd hefur til dæmis

verið hreyft að breyta Íbúðalánasjóði í eins konar heildsölubanka á fasteignalánamarkaði.

Málefni Íbúðalánasjóðs eru á hendi Árna Magnússonar félagsmálaráðherra og víst má telja að á miðstjórnarfundinum vilji menn ræða stefnu og afstöðu Framsóknarflokksins í þessu efni. Eftir því sem næst verður komist er flokksforystan fremur hægfara í mállefnum Íbúðalánasjóðs og hefur lítinn áhuga á að selja bönkunum starfsemi eða breyta henni með róttækum hætti á skömmum tíma. Líklegt verður að telja að stjórnarflokkarnir eigi eftir að takast á um framtíð Íbúðalánasjóðs fyrir þingkosningarnar vorið 2007.

Ímynd Framsóknarflokksins

Undanfarið hálf ár eða svo hafa forystumenn Framsóknarflokksins hugað að ímynd og stöðu flokksins. Markmiðið er að öðlast meira fylgi, verða sýnilegri, skapa betri ásýnd, verða nútímalegri og skapa meira aðráttarfl fyrir ungt fólk.

Tillögur um að opinbera fjárhag og hagsmunatengsl sérhvers þingmanns Framsóknarflokksins seint á síðastliðnu þingi var liður í þessari viðleitni.

Starfshópur á vegum þingflokksins reynir að svara spurningum um stöðu Framsóknarflokksins og hver hún verði árið 2010. Hópurinn endurskoðar hugmyndafærði og mótir tillögur.

Þegar nemandi fær lága einkunn í námsgrein aukast líkur á því að hann hækki sig á næsta prófi. Segja má að Framsóknarflokkurinn hafi á undanförunum mánuðum og misserum verið við það að falla á prófi. Ef koma á í veg fyrir að illa fari í næsta prófi þurfa framsóknarmenn, eins og aðrir, að læra heima og nema betur hjartslátt og kenndir þeirra sem greiða stjórnarmálaflokkum atkvæði sitt í kosningum á höfuðborgarsvæðinu og þar í grennd.

johannh@frettabladid.is

Ofbeldi gegn konum er alvarlegt vandamál á Spáni:

Tugir látast af völdum heimilisofbeldis

SPÁNN Alls hafa 52 konur látist á Spáni af völdum heimilisofbeldis það sem af er árinu, enda þótt stjórnvöld hafi í ársbyrjun hafið mikla herferð gegn því sem spænskir fjölmiðlar kalla „hryðjuverk á heimilunum“.

Heimilisofbeldi er alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál í landinu en tiltölulega stutt er síðan yfirvöld gerðu sér grein fyrir ástandinu. Hafa hin síðustu ár milli 50 og 150 konur látist vegna þess á hverju ári.

Konurnar eru á öllum aldri og er þær yngstu allt niður í sextán



HEIMILISOFBELDI. Þrátt fyrir herferð stjórnvalda hefur lítið dregið úr ofbeldi og morðum á spænskum heimilum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ára sem hafa orðið fórnarlömb eiginmanna eða elskhuga sinna. - aæ



PAKISTANAR BERA HJÁLARGÖGN TIL ÞURFANDI Svíar hafa látið minna fé af hendi rakna en oft áður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rauði krossinn fær lán til tjaldakaupa fyrir Pakistaná:

Dregur úr gjafmildi

SVÍPJÓÐ Rauði krossinn í Svíþjóð hefur neyðst til að taka lán sem nemur rúmum milljarði íslenskra króna til að kaupa tjöld fyrir fórnarlömbin á jarðskjálftasvæðunum í Pakistan, að sögn dagblaðsins Dagens Nyheter.

Svíar hafa ekki verið jafn viljugir að gefa fé í söfnun samtakanna núna og þeir voru eftir flóðin í Indlandshafi í ársbyrjun. Skömmu

eftir flóðin höfðu þeir gefið um 300 milljónir íslenskra króna og er það tífold sú upphæð sem þeir höfðu gefið eftir jafnlangan tíma til fórnarlamba jarðskjálftans.

Ástæðan er talin sú að flóðbylgjan í Indlandshafi snerti mjög marga Svía, sem voru í leyfi á svæðinu þegar flóðið átti sér stað, en það gerði hins vegar jarðskjálftinn í Kasmír ekki. - ghs

Pæjur

og pólitísk plott

Framhaldsstofnfundur kvennahreyfingarinnar verður haldinn að Hallveigastíg 1, föstudaginn 11. nóvember kl. 17.00 - 22.00
Boðið verður upp á léttar veitingar á vægu verði.



Þurfti mamma endilega að hringja þegar ég var að láta renna í baðið?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Alltaf skal það koma okkur jafnmikið á óvart þegar blessað vatnið rennur aðra leið en því er ætlað. Afleiðingin er tjón sem oft er ansi þungt fyrir budduna.

Fasteignatrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

Fasteignatrygging TM veitir viðtæka vernd fyrir tjóni á fasteignum, t.d. af völdum vatns, óveðurs eða innbrota.

Dæmi um vatnstjón sem Fasteignatrygging TM bætir:

- // Fasteignatrygging TM bætir tjónið þegar pípulagnir hússins fara að leka, hvort sem um er að ræða vatnsleiðslur eða frárennslislagnir.
- // Ef vaskar og önnur hreinlætistæki heimilisins yfirfyllast og flæða yfir, færðu tjónið bætt.
- // Þú færð líka tjónið bætt þegar frysti- eða kælskápur heimilisins byrjar skyndilega að leka.

Dæmi um vatnstjón sem Fasteignatrygging TM bætir ekki:

- // Ef vatn berst inn í hús utan frá, t.d. vegna úrkomu eða snjóbráðar, og veldur tjóni, færðu það ekki bætt.
- // Tjón sem verður vegna stíflu í lögnum fyrir utan grunninn á húsinu þínu færðu ekki bætt.
- // Fasteignatrygging TM bætir ekki tjón sem rekja má til þess að frárennslislögnin í grunnni hússins gefur sig vegna aldurs eða eðlilegs slits.


Fasteignatrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma 515 2000 eða farðu á www.tryggingamidstodin.is og fáðu skýr svör.

30-90%



30%*
afsláttur

3.280 kr

Bókatíðindaverð 4.280,-

30%*
afsláttur

DAN BROWN
BLEKKINGA
LEIKUR

2.996 kr

Bókatíðindaverð 4.280,-



30%*
afsláttur

3.486 kr


Bókatíðindaverð 4.980,-



30%*
afsláttur

2.996 kr

Bókatíðindaverð 4.280,-



30%*
afsláttur

2.996 kr

Bókatíðindaverð 4.280,-



30%*
afsláttur

2.443 kr

Bókatíðindaverð 3.490,-



30%*
afsláttur

1.743 kr

Bókatíðindaverð 2.490,-



90%*
afsláttur

490 kr

Bókatíðindaverð 4.490,-



30%*
afsláttur

2.093 kr

Bókatíðindaverð 2.990,-

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.


Gildir til 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

afsláttur af vinsælum bókum

Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar



Nýtt kortatímabil

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



HORFTIL HIMINS Flugvélar sveimuðu yfir SALT-sjónaukanum svonefnda í Suður-Afríku í gær en hann er öflugasti stjórnuþingurinn á suðurhveli jarðar. Drægni hans er slík að fræðilega væri hægt að skoða kertaloga á tunglinu í gegnum hann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvænt leiðtogaskipti urðu í gær í ísraelska Verkamannaflokknum:

Peretz bar sigurorð af Peres

JERUSALEM, AP Verkalýðsleiðtoginn Amir Peretz vann óvæntan sigur á Shimon Peres í leiðtogakjöri ísraelska Verkamannaflokksins í gær. Stjórnarsamstarf flokksins og Likud-bandalagsins er talið í hættu og útlit fyrir að þingkosningar verði haldnar fyrir en áformað var.

Mjött var á mununum í kjörinu, Peretz hlaut 42 prósent atkvæða en Peres fjórutíu.

Fyrir á þessu ári settist Verkamannaflokkurinn í stjórn með Likud-bandalaginu til að tryggja því stuðning við brottflutning landnema frá Gaza-ströndinni. Peretz lýsti því hins vegar yfir



AMIR PERETZ Reiknað er með að Peretz muni færa Verkamannaflokkinn lengra til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

strax að loknu kjörinu að þar sem brottflutningnum væri lokið ætti flokkurinn að einbeita sér að efnahagsmáttum og fá þingkosningum flýtt, en þær eru áformaðar í nóvember 2006.

Stjórnmálaskýrendur segja kjör marokkóska innflytjandans Peretz, einhver mestu tíðindi í ísraelskri stjórnmálasögu síðustu ára, en gyðingar ættaðir frá Austur-Evrópu hafa alla tíð haft tögl og hagldir í Verkamannaflokknum. Hins vegar er fastlega búist við að pólitískir dagar hins 82 ára gamla Peres, handhafa friðarverðlauna Nóbels, séu taldir.

- shg

Álvershöfnin á Reyðarfirði:

Skipstjóri handtekinn

LÖGREGLA Lögreglan á Eskifirði handtók á mánudag skipstjóra á erlendu flutningaskipi eftir að skipið hafði lagst að nýju álversbryggjunni á Reyðarfirði.

Tollverðir töldu manninn verulega drukkinn við komuna til Reyðarfjarðar. Þeir tilkynntu um ástand mannsins til lögreglu í kjölfarið. Niðurstaða blóðrannsóknar liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Þetta er í þriðja sinn á jafnmörgum árum sem lögreglumenn á Eskifirði handtaka skipstjóra sem grunaður er um ölvun.

- kk

Nýr prestur Garðasóknar:

Mælt með Jónu Hrönn

GARÐASÓKN Séra Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur verður næsti prestur Garðasóknar, en valnefnd sóknarinnar leggur til að hún verði ráðin. Sem kunnugt er var séra Hans Markúsi Hafsteinssyni vikið úr starfi sóknarprests í Garðasókn í sumar eftir hatrammar deilur innan safnaðarins. Staðan var auglýst í kjölfarið og bærust sjö umsóknir um embættið sem er veitt frá 1. desember næstkomandi.

Kirkjumálaráðherra veitir embættið til fimm ára að fenginni niðurstöðu valnefndar. ■



JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR Valnefnd í Garðasókn mælir með henni.

Forsetar Argentínu og Mexíkó:

Fox og Kirchner í hár saman á fundi

AMERÍKA Köldu andar nú milli forseta Argentínu og Mexíkó eftir fund leiðtoga Ameríkuríkja sem fram fór í Argentínu fyrir stuttu.

Á fundinum tókst leiðtogum ekki að ná samkomulagi um aukið samstarf í efnahagsmálum og frekari niðurfellingu tolla landanna á milli eins og að var stefnt og lét Vicente Fox, forseti Mexíkó, í ljós óánægju með framgöngu argentínska forsetans, Nestor Kirchner, sem hann taldi aðeins hafa hugsað um hag sinnar eigin þjóðar en ekki allra ríkja álfunnar.

Kirchner brást reiður við ummælunum. Sagði hann það sitt meginhlutverk að vernda hagsmunum Argentínu fyrst og fremst og



KIRCHNER OG FOX Nú andar köldu milli þessara tveggja forseta. NORDICPHOTOS/AP

yjaði að því að mexíkóski forsetinn væri lítið annað en strengja-brúða Bandaríkjustjórnar. - aðe



MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI Styr hefur staðið um störf kennara og skólameistara við skólann um marga mánaða skeið.

Friðhelgin ítrekað rofin

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari boðaði kennara í starfsmannaviðtal. Kennarinn mætti ásamt formanni Félags framhaldsskólakennara og lögmanni.

DEILUR „Það er ítrekað verið að rjúfa friðhelgi þessa skóla. Það er ekki starfandi við þessi skilyrði og þessi skóli á ekki skilið þessa meðhöndlun,“ segir Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Ingibjörg Ingadóttir, kennari við Menntaskólann á Ísafirði, var boðuð í viðtal með stjórnendum skólans á þriðjudag. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari boðaði til viðtalsins. Viðstödd voru þau Björn Jóhannesson, lögmaður á Ísafirði, Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara og Ragnar Hall, lögmaður félagsins. Samkvæmt heimildum blaðsins urðu niðurstöður fundarins engar. Enn er beðið eftir niðurstöðum úr athugun menntamálaráðuneytis á störfum við skólann.

„Manni þykir það heldur undarlegt að efnt skuli til fundar af þessu tagi á meðan beðið er eftir niðurstöðum frá menntamálaráðuneytinu,“ segir Ragnar Hall. „Starfshættir skólameistarans hafa sætt aðfinnslum af hálfu Félags framhaldsskólakennara og ýmissa kennara við skólann,“ segir Ragnar einnig. Hann vill ekki reifa það sem fram fór á fundinum og segir það trúnaðarmál að svo stöddu. Hann segir að hópur sem menntamálaráðuneytið skipaði til þess að gera úttekt á málum menntaskólans hafi ekki skilað sinni úttekt, en býst við að það geti orðið á allra næstu dögum.

Í viðtalsboðuninni óskar Ólína eftir því að Ingibjörg útskýri hvernig á því standi að hún sinni störfum utan skólans í veikindaforföllum. Einnig óskast það útskýrt hví umrædd forföll voru fyrst tilkynnt í héraðsblaðinu Bæjarins besta, þann 23. september síðastliðinn en ekki tilkynnt skólanum fyrir en með bréfi dagsettu 27. september.

Aðalheiður Steingrimsdóttir segir að Félag framhaldsskólakennara kjósi að tjá sig ekki um málið að svo stöddu. Ingibjörg Ingadóttir kennari vildi heldur ekki segja neitt um hvað fram fór í viðtalinu. saj@frettabladid.is

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR SKÓLAMEISTARI Ólína segir friðhelgi skólans ítrekað rofna og krefur Ingibjörgu um skýringar á ummælum sínum í fjölmiðlum og hvers vegna hún starfaði utan skólans í veikindaforföllum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SKIPT_um landslag



ÆVINTÝRIN ERU ENN AÐ GERAST

Lúxusjeppi á vetrardekkjum, sjálfskiptur, 7 manna, cruise control og allur pakkinn.

Pathfinder SE

Verðtilboð 4.290.000.-

44.619.- á mánuði*

32" dekk fylgja með!

Rekstrarleiga með þjónustu í 36 mán.

79.229.- á mánuði*

m.v. 20.000 km akstur á ári

*Lýsing 30% útborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opil: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



BYLTING Í HÁGÆÐA ÍPRÓTTASKÓM!

STÖÐUGIR | STERKIR | FRÁBÆR DEMPUN



Stærðir:
41,5-45

■ **BLAST** - 13.490kr.
Topp handboltaskór



Stærðir:
40-44

■ **BLOCK** - 13.990kr.
Blak og handboltaskór



Stærðir:
41,5-48

■ **DOMAIN** - 10.990kr.
Handboltaskór fyrir karla



Stærðir:
37-42

■ **DOMAIN** - 10.990kr.
Handboltaskór fyrir konur



Stærðir:
41,5-47

■ **EMBRACE** - 11.990kr.
Blak skór fyrir karla
Alhliða innanhússkór



Sérfræðingur verður í Smáralind:
Lau. kl. 14-18

„ORÐRÉTT“

Og hyggstu gera það?
„Það eina sem farið er fram á er að ég bæti starfshætti mína.“

Erna Valsdóttir fasteignasali í DV um úrskurð eftirlitsnefndar fasteignasala sem féll henni í óhag.

Þetta er erfitt líf

„Sparnaður á einstökum sviðum getur þó líka haft aukin útgjöld í för með sér.“

Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur hjá Sambandi sveitarfélaga, um fjármál sveitarfélaganna. Fréttablaðið.

Minningar alþingismanns

Sólveig Kr. Einarasdóttir, dóttir Einaris Olgeirssonar alþingismanns, afhenti nýlega Landsbókasafni Íslands, Háskólabókasafni til eignar og varðveislu bréfa- og skalasafn föður síns. Safnið hefur að geyma tæplega 400 bréf sem spanna mestallt tímabilið frá árunum 1921 og til 1991. Þá eru í safninu handrit að ræðum og greinum, handrit að þýðingu Stefáns Þjeturssonar og Einaris að kommúnistarávarpinu sem þeir unnu úti í Þýskalandi árið 1923 og greinargerð um afstöðu Sósíalístaflokksins til forsetakjörs 1952. Þá má þar finna stílabækur og minnismiða frá skólaárum Einaris á Íslandi og Þýskalandi, vegabréf og ýmis fylgiskjöl. Þarna má einnig finna eiginhandarrit Stephans G. Stephanssonar að þýðingu hans á ljóði Oliver Wendell Holmes, Skeljabobbinn, frá árinu 1923 og nokkur handrit Þorsteins Valdmarssonar skálds og ýmislegt fleira. Bók Sólveigar, Hugsjónaeldur - minningar um Einar Olgeirsson, er væntanleg í bókabúðir í þessum mánuði.



GÖB GIÖF Sólveig Kr. Einarasdóttir og Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns.

tilveran

SJÓNARHÓLL

FLEIRI ÁLVER



SIGRÚN ÁRMANNAR REYNISDÓTTIR, FORMADUR SAMTAKA GEGN FÁTÆKT.

Í lagi að skoða málið

„Það er í finu lagi að skoða hvort rétt sé að reisa hér fleiri álver,“ segir Sigrún Ármanns Reynisdóttir, formaður Samtaka gegn fátækt, um þau áform sem uppi eru að kanna hvort hagkvæmt sé að reisa þrjú ný álver á Íslandi. Vinstri grænir gagnrýndu áformin í þinginu á miðvikudag og spunnust lífligar umræður um málið í kjölfarið. „En það þarf að passa vel að þau mengi ekki frá sér og eins veit ég að láglaunafólk hefur áhyggjur af að laun lækki á Íslandi vegna ódýra vinnuafslisins sem fengið er frá útlöndum. Og svo er auðvitað spurning hvort hér þurfi fleiri álver yfirleitt,“ segir Sigrún Ármanns.

Magnús Hlynur efnir áramótaheitið

Sýning á 25 ljósmyndum sunnlenska þúsundþjala-smiðsins Magnúsar Hlyns Hreiðarssonar var opnuð í Nóatúni á Selfossi í gær. Á myndunum er mannlíf, náttúra og búfenaður.

„Ég er að efna áramótaheitið sem ég strengdi um síðustu áramót. Þá lofaði ég sjálfum mér

að halda ljósmyndasýningu á þessu ári,“ segir Magnús Hlynur Hreiðarsson, búfræðingur, garðyrkju- og blaðamaður.

Magnús er önnur kafinn maður, hann er verkefnisstjóri hjá Landbúnaðarháskólanum, blaðamaður á Dagskránni á Selfossi og fréttamaður hjá Sjónvarpinu. Engu að síður gefur hann sér tíma til að sýna nokkr-



GÖTÓTTAR GALLABUXUR



FALLEG FORSETAFRÚ

ar þeirra þúsunda mynda sem hann hefur tekið á síðustu tíu til fimmtán árum. „Það er fúlt að hafa þetta bara í tölvunni og mig langaði að leyfa fleirum að sjá,“ segir Magnús. Hann er himinlifandi með sýningarsvæðið í Nóatúnsversluninni á Selfossi enda viss um ágæti þess. „Þetta er besti veggur á Suðurlandi,“ segir hann og bendir á þann mikla fjölda fólks sem fer um verslunina á degi hverjum. „Þegar fólk stendur við kassann getur það ekki annað en sé myndirnar.“

Það tók Magnús mánuð að mana sig upp í að tala við verslunarstjóra Nóatúns og falast eftir sýningarplássinu. „Ég hélt að þetta myndi aldrei ganga upp en mér var ofsalega vel tekið og verslunarstjórinn hefur gert allt fyrir mig svo þetta verði flott.“ Sýningin á myndum Magnúsar stendur fram að júlum.

Hér má sjá tvær mynda Magnúsar, annars vegar af Dorrit forsetafrú og hins vegar af aftur-enda sýslumanns Árnesinga.

bjorn@frettabladid.is

DV

Vitnum hótað eftir mannrán í Bónusverslun



Yngsti mannræningi Íslands á leið í héraðsdóm

Þeirir þegar aðrir þegja!



GÖÐIR KRAKKAR Á NESINU Um 120 skókassar með jólagjöfum til úkraínskra barna höfðu safnast í Mýrarhúsaskóla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslensk æska gefur úkraínskum börnum jólagjafir: Börn sýna samhug

Nemendur Mýrarhúsaskóla á Sel-tjarnarnesi sýndu gæsku sína í verki þegar þau söfnuðu saman ýmsu smálegu á heimilum sínum og settu í skókassa sem sendir verða til Úkraínu. Þar verður kössunum dreift til barna sem eiga um sárt að binda.

Hópur ungs fólks innan KFUM & K stendur að verkefninu í samstarfi við SOS-barnaþorp. Fjöldi grunnskóla leggur verkefninu lið og hefur það mælst vel fyrir meðal barnanna.

Hlutir á borð við ritföng, vettlinga, sokka, hreinlætisvörur, leikföng og sælgæti eru settir í skókassa, þeim er pakkað inn í jólapappír og útteilt til þeirra sem minna mega sín.

Sár fátækt ríkir í Úkraínu, atvinnuleysi er mikið og ástandið eftir því.

Jólagjöfunum frá íslensku börnunum verður dreift á munadarleysingjaheimili, á barnageðspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við mikla fátækt.



ÞJÓDSKJALASAFNIÐ VIÐ LAUGAVEG

Norræni skjaladagurinn: „Við“ í kastljósi á skjaladegi

„Við“ er yfirskrift norræna skjaladagsins sem haldinn er á morgun. Sjónum er beint að stöðu einstaklingsins í samfélaginu, sveitarinnar í ríkinu og þjóðarinnar meðal annarra þjóða. Þá er spurningum um einstaklinginn í umhverfinu í víðasta skilningi velt upp.

Norræni skjaladagurinn hefur verið haldinn undanfarin ár og af því tilefni lýkur fjöldi skjalasafna upp dyrum sínum á morgun og býður gestum og gangandi að líta skjöl sem tengjast áður nefndu efni.

Í tilefni dagsins gefur Þjóðskjalasafnið út þrjú verk á netinu: Prestastefnubók Brynjólfs biskups Sveinssonar í stafrænu formi, sóknarmannatal Helga-fellssóknar 1880-1893 og manntalið 1835. Með því opnast almenningi og fræðimönnum um allt land aðgangur að þessum verkum.

Betri notaðir Corolla í toppformi.



ISLENSKA AUGLÉSINGASTOFANIN IS. TOY 36133 11/2005

Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

Verð frá 1.250.000 kr.
Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.*



* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.

Opið laugardaga frá 12-16



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

netto

Spennandi vörur




Lægra verð!

London lamb
989
kr/kg

Pú sparar 560 kr per kg!

Verulegar



Kalkúnn 1. flokkur
495
kr/kg



Matfugl
Lostæti með lítilli fyrirhöfn

Heill ferskur kjúklingur
40%
afsláttur



Við gerum betur!



Egils Jólaöl 0,5L.
89
kr/stk

Egils Mix 2L.
99
kr/stk



Lays snakk
179
kr/stk



KRAKKA-BÓKIN
Fyrst í Nettó!
SUDOKU fyrir káta krakka!

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 10.-13. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

ELTU EPLIÐ



á frábærum verðum!

verðlækkunir!

Hvergi betra verð!

Ótrúlegt verð!

Hamborgarhryggur
50%
afsláttur
verð nú 786 kr/kg

Pú sparar 785 kr per kg!

Pekingönd
899
kr/kg

Pú sparar 400 kr per kg!

Pú sparar 300 kr per kg!

Kalkúnaleggir
99
kr/kg

GÓÐI

Dönsk ofnsteik
33%
afsláttur

Pú sparar 520 kr per kg!


Nýveiddur!

Ferskur humar 500g
499
kr

netto

SVONA ERUM VIÐ

> HLUTFALL ÍSLENDINGA 18 ÁRA OG ELÐRI SEM ERU ÓGIFTIR OG EINHLEYPIR



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL. GREINING: ÍRAK

Íraskir dagar á Ísafirði

Nú fara í hönd Íraskir dagar á Ísafirði en aðstandendur þeirrar hátíðar segja almenning á Íslandi þekkja þjóðina sorglega lítið þótt hún sé sífellt í fréttum.

Hvernig er forsaga Íraks?

Írak er á landsvæði í Miðausturlöndum sem heitir Mesópótamía en það er grískt nafn og þýðir land milli fljóta. Er þar vitnað til fljótanna Efrat og Tígrís. Sú síðarnefnda rennur gegnum höfuðborgina Bagdad. Mesópótamía hefur oft verið nefnd vaggja síðmenningar en þar blómstraði menning Súmera fjögur þúsund árum fyrir Kristsburð en þeir stunduðu jarðrækt fyrstir manna svo vitað sé.

Alexander mikli lagði landið undir sig um þrjú hundruð árum fyrir Kríst en öld síðar innlimuðu Persar það. Á sjöundu öld lögðu arabískir múslimar landið

undir sig og á næstu öldum stóð nokkur styr um það vegna ágangs Mongóla, Persa og Tyrkja. Árið 1917 lögðu svo Bretar landið undir sig.

Hvernig þjóð er Írak?

Í Irak búa 23 milljónir, þar af eru um það bil 75 prósent arabar, 20 prósent Kúrdar og um fimm prósent af tyrkneskum uppruna. Um 97 prósent landsmanna eru múslimar, þar af eru um það bil 60 prósent sjía- og um 40 prósent súnnímúslimar.

Hvernig er loftslagið?

Sumrin eru afar heit og þá hiti oftast yfir 40 gráðum. Veturinn er þó nokkuð kaldur og snjópungt verður í fjöllum. Þegar snjóa leysir svo að vori verða oft mikil flóð sem eru auk sandstorma helstu náttúruhamfarir landsins.



SPURT & SVARAÐ

MARKAÐSSÓKN GAGNVART BÖRNUM

Lög eru ekki fyrsti kostur

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur sagt að hann hyggist á næstunni skoða markaðssókn gagnvart börnum og unglingum í auglýsingum.

HVAÐ ÞARF AÐ SKOÐA Í MARKAÐSSÓKN GAGNVART BÖRNUM OG UNGLINGUM? Það er umboðsmaður barna og ég sem förum í þetta samstarfsverkefni að skoða hvort það sameinist siðareglum, viðhorfum foreldra og mannréttindum að markaðsaðilar á ýmsum sviðum sækist svo fast fram í markaðssókn sinni sem beinist að börnum og unglingum.

FER SLÍK MARKAÐSSÓKN VAXANDI?

Það er tilfinning mín að svo sé og ábendingar sem ég fékk í samráðsferlinu virðast staðfesta það. Það eru ekki til rannsóknir eða gögn um það og kannski þarf að gera einhverja könnun til að rannsaka hvort sú tilfinning sé rétt.

ÞYRFTI AÐ SETJA Á ÞETTA LÖG?

Það er ekki fyrsti kostur að setja lög, slíkt er frekar þrautalending. Það á frekar ræða hvort hægt sé að komast að einhverju samkomulagi sem markaðurinn skuldbindur sig að fylgja.



GÍSLI TRYGGVASON Talsmaður neytenda.



MAGNÚS GUNNARSSON Magnús slapp frá vopnuðu ráni. Hann afvopnaði og róaði konu sem vopnuð var loftbyssu. Hann er ósáttur við framgöngu lögreglu og ihugar málsókn.

Leigubílstjóri handtekinn

Í fyrradag gerði kona tilraun til þess að ræna peningum af leigubílstjóra sem hún var farþegi hjá. Konan var vopnuð skammbyssu sem reyndist vera loftknúin en hættuleg engu að síður. Engin nýlunda er að leigubílstjórar verði fyrir ofbeldi í starfi sínu. Þeir eru síður en svo eina starfsstéttin sem á hætta að verða fyrir ofbeldi en nálægðin við viðskiptavinina og vinnutíminn auka vissulega á hættuna.

„Stúlkan var hrædd og skalf og grét og ég vildi ekki að þetta yrði gert með látum. Síðan kemur lögreglan og beinir kastara að bílnum og með hátalarakerfi og segir henni að stíga út úr bílnum. Hún fer út með hendur á lofti og leggst í jörðina eins og þeir skipuðu henni. Það var klakabunki á jörðinni þar sem hún lagðist niður á magann og andlitið. Þá var mér nóg boðið og stökk út úr bílnum og ætlaði að hjálpa henni. Það fyrsta sem ég sá var þrjár lögreglumenn með hjálma og byssur á lofti sem þeir beindu að henni. Ég æddi beint þangað og ætlaði að reyna að hugga stelpuna. Þeir hrintu mér frá og settu mig í handjárn.“ Svona lýsir Magnús Gunnarsson handtöku á ungru konu sem gerði tilraun til vopnaðs ráns í leigubílnum hjá honum í fyrrakvöld.

Magnús hafði sjálfur náð að afvopna konuna áður en lögreglu bar að. Þau voru bæði í geðshræringu enda hafði Magnús á þessari stundu ekki gert sér grein fyrir að um loftbyssu væri að ræða. „Ég finn mjög mikið til með þessari stelpu. Ég er mjög tilfinninga-næmur. Ef fólk líður illa þá finn

ég til með því. Ég reyni að nálgast fólk á þess eigin plani. Hún róadist á endanum það mikið niður að hún sleppti byssunni. Ég setti byssuna beint á gólfið aftur í. Þetta leit út eins og sjálfvirk skammbyss.“

Magnús er ósáttur við viðbrögð lögreglunnar. Hann telur að nóg hefði verið að tveir lögreglumenn tækju konuna úr bílnum í rólegheitum. Hann er einnig ósáttur við að hafa verið handtekinn sjálfur og ihugar nú málsókn á hendur lögreglunni.



ÁSGEIR ELÍASSON Ásgeir varð fyrir því að viðskiptavinur skar hann á háls í júlí 2004.

Æði mörg tilvik

Fyrir rétt rúmu ári síðan varð Ásgeir Elíasson, leigubílstjóri í Reykjavík, fyrir því að farþegi hans skar hann á háls í stað þess að greiða uppsett verð, 1.950 krónur. Ásgeir þótti hafa sloppið vel en sauma þurfti 56 spor í átján sentimetra langan skurð á hálsi hans.

Skömmu seinna varð starfsbróðir Ásgeirs fyrir því að ölvöður farþegi sló hann í andlitið þar sem þeir óku eftir Suðurlandsvegi. Bílstjórinn nefbrotnaði og tennur brotnuðu. Honum tókst að

lokka manninn út úr bílnum við Litlu kaffistofuna þar sem farþeginn gekk berserksgang.

Farþegi beit svo leigubílstjóra í hálsinn í janúar eftir að hafa deilt við bílstjóran um gjaldið fyrir ferðina.

Námskeið í viðbrögðum

Í grein um ofbeldi á vinnustöðum sem Björn Hafberg, fulltrúi í fræðsludeild Vinnueftirlitsins, birtir á vef Vinnueftirlitsins í ágúst á þessu ári er stuttlega vikkið að leigubílstjórum. „Þá þurfa til dæmis leigubílstjórar iðulega að sitja undir hótunum auk þess sem fjölmörg dæmi eru um gróf ofbeldisbrot gagnvart þeim svo sem hnífstungur og barsmiðar,“ segir Björn í greininni.

Björn segir í grein sinni að á sumum vinnustöðum sé starfsfólki boðið upp á þjálfun sem taki á því hvernig fólk eigi að staðsetja sig þegar það þurfi, starfs síns vegna, að ræða við reiða einstaklinga. Þannig eru gefnar leiðbeiningar um hvaða tókum skuli beita ofuræst fólk sem halda þarf niðri og fleira í þeim dúr. Björn segir að miklu máli geti skipt að kunna þarna réttu tókin og fá þjálfun í að beita þeim.

Þjálfun af þessu tagi er vel þekkt til dæmis hjá flugfreyjum en þekkt er að starfsfólk í flugvélum er oft útsett fyrir umgengni við einstaklinga sem ekki eru í jafnvægi og engin leið að vísa þeim á dyr.

Björn segir í grein sinni það vera nánast glæpsamlegt athæfi að gera ekki allt sem hægt sé til þess að koma á framfæri þeirri þekkingu og reynslu sem dregið geti úr þjáningum þeirra sem verða fyrir ofbeldi.



FRÉTTASKÝRING
SIGTRYGGUR ARI JÓHANSSON
saj@frettabladid.is



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



Búskapur og velferð á Vesturlandi

Samstarf SSV og BV


Ráðstefna um landbúnað haldin á Hvanneyri 17. nóvember 2005 kl. 10.00 – 17.00

Dagskrá:

10.00 – 10.05	Guðný H. Jakobsdóttir - Setning
10.05 – 10.25	Agúst Sigurðsson rektor Landbúnaðarháskóla Íslands - Landbúnaðarháskóli Íslands
10.25 – 10.35	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - Ávarp
10.35 – 10.55	Erna Bjarnadóttir og Sigurgeir Þorgeirsson - Staða búgreina á Vesturlandi
10.55 – 11.15	Jónas Bjarnason - Afkoma bænda á Vesturlandi
11.15 – 11.35	Daði Már Kristófersson - Velferðaraukandi áhrif landbúnaðar
11.35 – 12.00	Umræður
12.00 – 13.00	Hádegisverður
13.00 – 13.20	Ásmundur Daðason - Hagræðing á Lameyrabúinu
13.20 – 13.40	Jón Gíslason - Staða kúabænda í samfélaginu
13.40 – 14.00	Sigríður Jóhannsdóttir - Nýting skotveiðihlunninda
14.00 – 14.50	Umræður
14.50 – 15.00	Kynningar frá lánastofnunum
15.00 – 15.10	KB banki
15.10 – 15.20	Íslandsbanki
15.20 – 15.30	Landsbanki
	Sparisjóður Mýrasýslu
15.30 – 15.40	Bernhard Þór Bernhardsson - Innlend eða erlend fjármögnun?
15.40 – 17.00	Umræður

Kaffi

Skráning fer fram á skrifstofu SSV í síma 437 1318, netfang radstefna@ssv.is og á skrifstofu BV í síma 437 1215, netfang bv@bondi.is fyrir 14. nóvember



ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA
KL. 21.00

FYLGSTU MEÐ!





Mazda6 MPS

Við erum Mazda

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavinna Mazda

liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.



Mazda3



Mazda2

Við erum Mazda á Íslandi.

Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.



Mazda6



Mazda5

Við seljum Mazda nú þegar.

Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.

Veldu annan stíl. Vertu Mazda.

Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.



Mazda MX-5



Mazda RX-8

Vertu Mazda.
Mazda er á öruggum stað.
Komdu í Brimborg.

Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
 – skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greiðt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.





KÁRI STEFÁNSSON Hjá fyrirtæki hans er verið að vinna að 50 mismunandi verkefnum þessa dagana og standa vonir til að fyrsta lyf fyrirtækisins geti farið á markað innan þriggja til fjögurra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áður óþekktur erfðabreytileiki fundinn

Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa uppgötvað óþekktan erfðabreytileika sem veldur flestum svörtum Bandaríkjamönnum sem hann hafa hjartaáfalli. Uppgötvunin getur líka bundið enda á langlíft þrætuepli vísindamanna um hvort maðurinn hafi breyst mikið erfðafræðilega á síðustu þúsundum ára. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir að svo sé.

Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa uppgötvað áður óþekktan erfðabreytileika við rannsóknir sínar á orsökum hjartaáfalla. Kári Stefánsson forstjóri segir að um allstóra upp-

götvun sé að ræða sem hafi bein áhrif á milljónir manna sem séu í hvað stærstum áhættuhóp gagnvart hjartaáfallum en þau draga hlutfallslega flesta til dauða á ári hverju. Fyrirtækið hefur þegar

hafið prófanir á lyfi sem á að minnka hættu á hjartaáfallum.

Vísindatimaritíð Nature Genetics birtir í dag grein eftir vísindamennina sem að starfinu komu en niðurstöðurnar þykja merkar meðal vísindamanna víða um heim en ekki síður meðal lyfjafyrirtækja.

Erfðabreytileiki veldur sjaldan hjartaáfallum hjá Íslendingum

Rannsóknir voru gerðar annars vegar meðal íslenskra hjartasjúklinga og hins vegar bandarískra og hafa niðurstöðurnar komið á óvart. Þær sýna að umræddur erfðabreytileiki er algengur meðal Íslendinga og hvíttra Bandaríkjamanna en tengist tiltölulega lítið aukinni hættu á hjartaáfallum hjá þeim.

Meðal svartra Bandaríkjamanna er breytileikinn mun sjaldgæfari en hjá þeim er hann hafa aukast líkurnar á slíku áfalli um heil 250 prósent.

Mikil erfðafræðileg breyting

„Það hefur verið mikil umræða um það meðal vísindamanna hvort hægt sé að fullyrða að maðurinn hafi breyst mikið erfðafræðilega á síðastliðnum 50 þúsundum ára, eða síðan maðurinn dreifðist frá Afríku vegna þess að það er tiltölulega stuttur tími í þróunarferlinu,“ segir Kári Stefánsson.

„Þessi uppgötvun okkar er merkileg að því leyti að hún sannar í raun að svo sé. Við fundum upphaflega erfðavísi með breytileika sem eykur líkur á hjartaáfallum eða kransæðastíflu. Við höfum sýnt fram á að breytileikinn í þessum fyrsta erfðavísi sem við fundum jók bólgumyndun. Við áframhaldandi rannsóknir fundum við annan erfðavísi og það eru þær niðurstöður sem við erum að kynna nú.“

250 prósentum meiri hætta á hjartaáfalli

Kári segir að rannsóknirnar sýni að umræddur erfðabreytileiki



EIN RANNSÓKNARSTOFA ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR Uppgötvun ÍE getur haft áhrif á líf milljóna og gerir Kári fastlega ráð fyrir að önnur lyfjafyrirtæki fylgi í kjölfar ÍE með þróun og rannsóknum á lyfi sem nothæft er til að hamla hjartaáfallum hjá þeim sem eru í áhættuhóp. Hann segir það ánægjulegt verði það raunin enda sanni það að fyrirtækið sé í fararbroddi og þannig vilji hann hafa það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

finnist ekki í svörtu fólki í Afríku en að litlu leyti í svörtum Bandaríkjamönnum. Af því og greiningu á öðrum erfðabáttum megi ráða að þessi breytileiki meðal svartra Bandaríkjamanna sé til kominn við blöndun við hvíta.

„Fyrir bandarískt samfélag sérstaklega er þetta mikilvægt því meðal hvíttra Bandaríkjamanna er áhættan af því að fá hjartaáfall meðal þeirra sem hafa þessa breytu 20 prósentum meiri en meðal svartra Bandaríkjamanna er sambærileg áhætta 250 prósent.“

Þessi eina breyta sem við fundum skýrir næstum fjórðung af öllum hjartaáfallum svartra í Bandaríkjunum og hafa ber í huga að 39 prósent svartra kvenna og 32 prósent kynsvartra karla í Bandaríkjunum látast úr hjartaáfalli. Í raun má segja að meðal þeirra svörtu Bandaríkjamenn sem hafa þessa breytu eru líkurnar á að látast úr hjartaáfalli næstum hundrað prósent.“

Lyf í þróun

Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar eru með lyf í þróun sem hemur umræddar bólgur sem erfðabreytileikinn veldur.

105-13		Reynihlíð Suðurlíð Víðihlíð
	200-57	Bakkabraut Hafnarbraut Vesturvör
105-21		Engihlíð Miklabraut Mjóahlíð
	200-59	Melaheiði Tunguheiði Álfnólsvegur
105-28		Hofteigur Laugateigur
	203-01	Andarhvarf Asparhvarf Ennishvarf Álfahvarf Álfkonuhvarf
105-37		Bólstaðarhlíð Langahlíð Úthlíð
	203-02	Breiðahvarf Fannahvarf Fellahvarf
105-40		Hamrahlíð Stigahlíð
	Reykjanesbær:	
105-43		Engateigur Sigtún
	230-07	Háteigur Smáratún Vesturgata
105-47		Flókagata Skeggjagata
	230-10	Hringbraut Miðtún Sunnubraut Söltún Tjarnargata Vallartún
109-16		Jórusel Jöklael
	230-11	Faxabraut Háholt Lyngholt Skólavegur
109-20		Lindarsel Látrasel Lækjarsel Melsel Mýrarsel
	230-13	Hafnargata Hryggjarsel Hæðarsel
109-21		Holtasel Hryggjarsel Hæðarsel
	230-14	Austurgata Framnesvegur Hranngata Suðurgata Vatnsnesvegur
109-28		Brekkusel Dalsel
109-31		Strýtusel Stuðlasel
109-35		Seljabraut
	260-04	Gónhóll Holtsgata Hæðargata Hólagata
Seltjarnarnes:		
170-09		Lindarbraut Vallarbraut
	260-07	Kirkjubraut Kópabraut Njarðvíkurbraut Njarðvíkurvegur Þorkellsgata
Kópavogur:		
200-02		Kópavogsbraut

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

YFIR 150.000 GESTIR DAGLEGA

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Bakarið hjá Jóa Fel

Bakrið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hress og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakarið hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

Apótek

Lyfjatekni eða vanan starfsmann vantar í Árbæjarapótek. Upplýsingar gefur Kristján í s. 567 4200.

Starfskraftur óskast

Í sölutum í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

Atvinna - góð laun

Starfskraftur óskast í efnalaug - þvottahús. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 897 6954 Efnalaug Árbæjar.

Atvinna óskast

20 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir vinnu, opinn fyrir öllu. Sími 867 9647.

20 ára kvk óskar eftir kvöld og þvottavinnu. Upplýsingar í síma 867 2229 e. kl. 15.

TILKYNNINGAR


Einkamál

Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík. Undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

Viltu vera memm?

300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamál.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

Sjáðu verðin. Finndu gæðin. Veitingastaðurinn Glóð-inn við Vesturbæjarlaug.



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um mat á föstudögum í Fréttablaðinu.

**Pítan Skipholti**

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir.

Úmsóknareyðublað á staðnum og einnig á www.pitan.is

Hellulagningaraðilar og verkamenn

Vana aðila vantar í hellulagnir einnig verkamenn.

Uppl. í síma 822 2661.

Gröfumenn

Vantar mann á nýja hjólavél Komatsu 160 árgerð 2005.

Uppl. í síma 822 2661.

Veitingahús óskar eftir vönum uppvasara í eldhús og vönum manni á bar. Einnig aðstoðarfólk í sal. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í s. 699 2363.

Góð laun í boði!

Óskum eftir borðdömmum/dansara. Reynsla ekki skilyrði. Uppl. í s. 868 6080.

TILKYNNINGAR

FOSS

HÁTÚN 6A
SÍMI 5 12 12 12 - Netfang: foss@foss.is
FAX 5 12 12 13 - Bragi Björnsson,
lögmaður og lögg.fast.

**MARÍUBAUGUR**

Glæsileg 3ja herbergja eign á einum eftirsóttasta stað í Grafarholti. Íbúðin er 78,6 fm með um 25 fm einkalód. Íbúðin er sérlega vel skipulögð, björt, opin og með vönduðum innréttingum. Allar innréttingar sérsníðaðar. Samliggjandi stofa og eldhús. Gengið er út um eldhús í stóran garð með nýjum leiktækjum. Þvottaherbergi með sérsníðuðum skáp og hillum. Baðherbergi er flísalagt hólf í gólf með baðkari. Rúmgóð flísalögð geymsla. Glæsilegt útsýni. **Verð 18,9 millj.**

FOSS

HÁTÚN 6A
SÍMI 5 12 12 12 - Netfang: foss@foss.is
FAX 5 12 12 13 - Bragi Björnsson, lögmaður

**SELTJARNARNES - SÉRHÆÐ + BÍLSKÚR = 29,9 MILL.**

Um er að ræða fallega efri sérhæð ásamt bílskúr á eftirsóttum stað við Tjarnarstíg. Hæðin er sérlega björt og opin. 4 svefnherb. eru í íbúðinni. Baðherb. er nýl. standsett með tengi fyrir þv.vél. Stofa, borðst., eldh. og alrými, dökkt parket á gólfum. Eldhús með nýlegri og falgri viðarinnr., vönduð tæki. Flísal. svalir með útsýni. Stutt er í alla þjón. Laus í des. Nánari uppl. veitir Úlfar hjá Foss sími 897 9030



Nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæðið á Álftanesi

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskipulagi miðsvæðis á Álftanesi. Tillaga að nýju deiliskipulagi nær til íbúðabyggðar, atvinnustarfsemi og byggð Eirar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, frá og með 11. nóvember 2005 til 9. desember 2005.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. desember 2005.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu sveitarfélagsins, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykka hana.

Álftanesi 9. nóvember 2005.

Guðmundur G. Gunnarsson
Bæjarstjóri

ATVINNA



Hrafnista
í Reykjavík

Basar á vinnustofu / iðjubjálfun

Laugardaginn 12. nóvember kl. 13-17 og mánudaginn 14. nóvember kl. 10-16 verður hinn árlegi basar á vinnustofu / iðjubjálfun Hrafnistu í Reykjavík.

Mjög falleg handið og nýtsamlegir hlutir eru til sölu. Komið og gerið góð kaup í jólagjafirnar.

Ættingjaland Hrafnistu er með kaffi og vöfflusölu kl. 14 á Helgafelli.

Kveðja
Starfsfólk vinnustofu / iðjubjálfunar.

FASTEIGNIR

Norðlingaholt – Rauðavað

Frábær greiðslukjör – Vaxtalaus útborgun í allt að 3 ár



Fróm

Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir til afhendingar svo til strax á góðu verði og frábærum greiðslukjörum. Um er að ræða 2ja herb. 94 fm íb., verð 19,5 millj. 3ja herb. 109 fm íb., verð 22,8 millj. og 4ra herb. um 120 fm íb. verð 25,9 millj. Allar með sérinngangi og stæði í bílskýli í litlum 3ja hæða 6 íbúða fjölbýlum á mjög góðum stað í Norðlingaholti. Fallegt útsýni úr flestum íb. Sérlega rúmgóðar og velskipulagðar íbúðir fullb. án gólfefna með flísalögðu baði. **Greiðsludæmi: 3ja herb. íbúð: Verð 22,8 millj. Lán frá banka 80% 18,2 millj. (gr.byrdi: ca 78 þús. pr.mán). Milligjöf 4,6 millj. greiðist á allt að 3 árum vaxtalaus. Allar nánari uppl. veita sölumenn Valhallar.**

VALHÖLL Síðumúla 27 – Sími 588 4477
Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.



Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2005-2025

Mánudaginn 14. nóvember nk. kl. 20:00 verður haldinn opinn fundur í Leikskálum í Vík þar sem kynntar verða hugmyndir um nýja veglínu hringveggar 1 um Mýrdal sem og hugmyndir um gönguleiðir. Þeir sem áhuga hafa á málinu eða telja sig hafa hagsmuna að gæta eru hvattir til að mæta og kynna sér hugmyndirnar. Aðilar geta síðan komið skriflegum sjónarmiðum sínum á framfæri við skipulags- og byggingarnefnd innan viku frá fundinum. Hugmyndirnar má finna á vef Mýrdalshrepps www.vik.is. Endanleg tillaga að aðalskipulagi verður síðan auglýst formlega í samræmi við skipulags- og byggingarlög.

Sveitarstjóri

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Aðventuferð til Kaupmannahafnar á vegum á Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík verður farin dagana 8. – 11. des. næstkomandi. Örfá sæti laus.

Innifalið: Flug, flugvallarskattur, gisting, morgunverður, akstur til og frá flugvelli, „julefrokost“, gönguferð um Íslendingaslóðir, dagsferð og íslensk fararstjórn.

Skráning sem fyrst hjá utanlandsdeild Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar í síma 511 1515.

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

FASTEIGNIR

Frábært verð – Einstakt tækifæri Brekkusel 2, 109 - Rvk.



Fróm

272 fm endaraðhús á þremur hæðum með sérstæðum bílskúr. Verð **AÐEINS 34,9 millj.**

Allar frekari upplýsingar veita Ingi Björn í síma 5959011 eða Kristberg í síma 5959029

Höll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík



LYNGVÍK FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9450 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

Sigrún Gissuraróttir, löggiltur fasteignasali

LANGAGERÐI MEÐ BÍLSKÚR OG ÚTSÝNI



Fróm

Vorum að fá til sölu meðferðar 170,8 fm einbýlishús með 42,5 fm bílskúr alls 213,3 fm. Húsið er á 2 hæðum. Á neðri hæð er forst., hol, 2 herb., stofur með arinn og sólst. með arinn, eldhús og baðherb. Á efri hæð er geymsla, gangur, 3 herb. og mögul. að setja upp eldhús í einu þeirra, dagst. og baðherb. Bílsk. er sérstæður með hita, rafmagni, vatni og sjálfvirkum hurðaropnara. Innaf bílskúr er gott vinnuherb. Húsinu hefur alltaf verið velviðhaldið. Afh. gæti orðið fyrir jól. Verð **45 millj.**

NAUST FASTEIGNASALA

Borgartúni 29 - Sími 530 7200

Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali

BJARNARSTÍGUR 101 Rvík.



50 fm tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í þrjúbýlishúsi, í hjarta borgarinnar. Íbúðin skiptist í hol, svefnherbergi og stofu, eldhús. Salerni, flisar á gólf og sturtuklefa. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Skjólsgóður garður er bak við húsið. Verð **12,3 millj.**

BJARNHÓLASTÍGUR 200 KÓP



Einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað í grónu hverfi í Kópavogi. Neðri hæð: Forstofa og hol, svefnherbergi, snyrting, þvottahús. Eldhús, borðstofa og stór parketlögð setustofa með útgengi á sólvörnd og fallegan garð. Efri hæð: Hjónaherbergi með útgengi á stórar suður-svalir, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi sem er flísalagt hólf í gólf. Allt umhverfi hússins er hið snyrtilegasta, garður mjög fallegur, bílastæði lögð munsturteypu og vel hefur verið staðið að viðhaldi húss löðar. Verð: **45,5 millj.**

BRATTAHLÍÐ HOFSSÓSI



Húsið, sem er 87,8 fm steinhús, var byggt árið 1924, en var gert upp 1990, stendur í kvosinni í miðju gamla bæjarins, með útsýni yfir höfnina, Skagafjörð og Drangey. Í húsinu eru tvö svefnherbergi annað með kojum. Stofa með eldhúskróki, baðherbergi m/sturtu, sólpallur. Kjallarinn er ófrágenginn. Frábært tækifæri til þess eignast afdröf fjárri skarkala þéttbýlisins. Verð: **45,5 millj.**

JÖLDUGRÓF

682 fermetra lóð í Jöldugróf í Reykjavík. (Blesugróf) Á lóðinni stendur eins og er 79 fm timbur hús, sem er í lélegu ástandi. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 300 fermetra einbýlis hús á lóðinni. Verð: Tilboð

SKÓGARHJALLI KÓPAVOGI



EINBÝLISHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM Í SUÐURHLÍÐUM KÓPAVOGS. Neðri hæð: Forstofa, flísalögð: Hol, tvö rúmgóð parketlögð svefnherbergi, annað með úthengi út á sólvörnd. Baðherbergi, flísalagt hólf í gólf og með sturtuklefa. Tvær rúmgóðar geymslur, sem gengið er inn í utanfrá. Hringstigi er á milli hæða. Efri hæð: Stór stofa og borðstofa, parketlagðar. Þrjú rúmgóð, parketlögð herbergi. Eldhús með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum. Baðherbergi með góðri innréttingu, baðkari og sturtuklefa, flísalagt. Þvottahús er stórt og með útgengi út á verönd. Á húsinu eru tvennar svalir og eru báðar yfirbyggðar og með opnanlegum glerhurðum. Hiti er í stéttum og bílplani, byggingarvefi er fyrir 52 fm bílskúr. Verð **49 millj.**

Sími: 530 7200 – Netfang: húsanaust@húsanaust.is

VISSIR PÚ ...

... að Alþjóða filapóló sambandið hefur verið til síðan árið 1982? Sambandið heldur árlega meistaramót í filapóló sem eru skilgreind sem þyngstu heimsmeistaramót veraldar.

... að Janos Marton frá Ungverjalandi rúaði 50 ær hvíldarlaust á átta tímum með skærum og raksturshníf einum saman?

... að lengsta stökk á hjólabretti milli tveggja skábrauta er 19,8 metrar?

... að Allan Cooke stökk 16,45 metra heljarstökk aftur á bak á milli tveggja skábrauta?

... að yngsti heimsmeistari í snóker er Stephen Hendry en hann var 21 árs og 106 daga gamall þegar hann vann titilinn?

... að opinbert heimsmet loftþróttsambandsins í lengsta frjálsa falli fallhlífa-stökkvara er 24.500 metrar eða 80.380 fet? Metið á Rússinn Eugene Andreev frá árinu 1962.

... að mesta hraða sem náðst hefur í bruni í heimsmeistarakeppni náði Armind Assinger árið 1993 en hraðinn var 112,4 kílómetrar á klukkustund?

... að lengsta brunbrekkan er í Sviss en hún er 12,23 kílómetrar.

... að Mike Tyson var 20 ára og 144 daga gamall þegar hann vann sinn fyrsta heimsmeistaratítul í hnefaleikum?

... að lengsta hlaup sem haldið hefur verið var 5.850 kílómetrar? Hlaupið var á milli New York og Los Angeles. Sigurvegari var Jonny Salo frá Finnlandi á samanlögðum tíma 525 klukkustundum, 57 mínútum og 47 sekúndum. Jonny hljóp í 79 daga.

... að Jenny Wood-Allen lauk Lundúnarmarathoninu á ellefu klukkustundum og 34 mínútum árið 2002 þegar hún var 90 ára og 145 daga gömul?

... að annað hvert ár er haldið maraþon í hlíðum Everest fjalls? Hlaupið hefst í 5.212 metra hæð og lýkur í 3.444 metra hæð.

... að Zhao Guang sneri körfubolta lengst á einum fingri eða í þrjár klukkustundir og 59 mínútur?

... að Joseph Odhiambo driplaði sex körfuboltum samtímis árið 2000 og bætti þar með eigið heimsmet um einn bolt?

... að yngsti velgerða-sendihera Sam-einuðu Þjóðanna var Laura Sweeting frá Bretlandi en hún var 16 ára?

... að yngsti maður til að gegna embætti forseta var Jean-Claude Duvalier? Hann tók við embætti forseta Haítí árið 1971 þá 19 ára og 293 daga gamall. Jean-Claude gegndi embættinu til ársins 1986.

... að elsti forseti sögunnar er Joaquín Balaguer, fyrrverandi forseti Dóminíska lýðveldisins, sem lét af störfum 89 ára gamall eftir að hafa verið forseti í 22 ár?

... að Zimbabwe er heimsmeistari í verðbólgu samkvæmt The Economist Intelligence Unit fyrir árið 2003? Þar hækkaði neysluvísitala um 300%?

... að Laos er talið sprengjuhrjádasta land heims?

PÚ ERT
SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR
VEF.TV



DRAUMAHELGI Á slóðir leiklistarinnar

Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona myndi vilja sinna sínu fagi yfir draumahelgina og fara á slóðir leikara og leikhúsa. „Ég myndi náttúrlega vilja skreppa til Kaliforníu en það er einum of langt að fara fyrir eina helgi svo að í staðinn myndi ég fara til London, hitta vin minn þar og hafa það ofsalega skemmtilegt. Ég myndi sjá fullt af leikritum og hitta fullt af fólki sem ég þekki, fara hingað og þangað í svakalega góðan mat út um allt og skemmta mér alveg í botn.“ Sigríður þekkir borgina ágætlega því dóttir hennar, Þórunn Lárusdóttir leikkona, var þar í námi.

Kalifornía er samt draumastaðurinn. „Ég lærði í Hollywood og hef farið á hverju einasta ári til Kaliforníu og það er bara út af bókinni sem ég fór ekki í sumar. Svo myndi ég kannski líka vilja skreppa til Grikklands þar sem við fjölskyldan dvöldum eitt ár en ekki er heldur hægt að vera þar svona stutt.“ Saga Sigríðar, í gylltum ramma, er nýkomin út og þar segir hún frá ýmsu því sem á dagana hefur drifið og eflaust þar að finna skemmtilegar og fróðlegar lýsingar á námstímanum í Hollywood og dvölinni í Grikklandi og mörgu fleiru.



SIGRÍÐUR ÞORVALDSDÓTTIR
leikkona sækir á slóðir
leiklistarinnar í Grikklandi,
London og Kaliforníu.

allt
atvinna

Alla sunnudaga

Stilling
- betri en bestir

Bílavarahlutir

40-50% afsláttur af ljóskösturum



6.924.-
3.900.-

Þokuljós NS21

Þokuljós 2stk (E11)
Linsa: glær
Stærð: 65,8 x 62,2 x 47,3mm
Halogen pera: H3 12V 55W
Afh. minnsti ECE samþykkt lampinn á markaðinum.



9.991.-
4.900.-

Þokuljós NS2

Þokuljós 2stk (E11)
Linsa: glær
Stærð: 127 x 77 x 51 mm
Halogen pera: H3 12V 55W



19.697.-
9.900.-

Off-road 6,5" NS890

Ökuljós 6,5" 2stk (E11)
Linsa: glær, flöt
Stærð: 165 x 106,2 x 206,3mm
Halogen pera: H3 12V 55W



6.550.-
3.900.-

Þokuljós NS4

Þokuljós 2stk (E11)
Linsa: blá
Stærð: 126 x 67,2 x 65,4mm
Halogen pera: H3 12V 55W



25.449.-
12.700.-

Off-road 8" NS880C

Ökuljós 8" 2stk (E11)
Linsa: glær
Stærð: Ø203 x 143,8 x 225mm
Halogen pera: H3 12V 55W

Stilling
Bílavarahlutir

ADALNÚMÉR · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÖP. · SÍMI 520 8004
BILDHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

Örugglega á bílinn þinn

Hamlar verðtrygging hagstjórn?

Þenslan í hagkerfinu nálgast hámark. Niðursveifla er framundan, en nýr fjármálaráðherra vonast eftir mjúkri lendingu eins og 2001. Mjúka lendingu kalla þeir þegar verðbólgan fer bara í 9% á einu ári, en við það hækka skuldir meðalheimilis um nær eina milljón króna í einu vetfangi. Guð forði okkur þá frá harðri lendingu.

UMRÆÐAN HAGSTJÓRN



HELGI HJÖRVAR ALPINGISMAÐUR

Þessar miklu sveiflur þekkjum við vel og þann vanda sem þær skapa. Þær eru hér því miður meiri og tíðari en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Til lengri tíma draga þær úr farsæld okkar og gera heimilum og fyrirtækjum erfitt fyrir um áætlanagerð. Það er þessvegna óhjákvæmilegt að spyrja hvað við erum að gera öðruvísi en aðrar þjóðir og hversvegna okkur gangi svo illa að hemja hagsveiflurnar.

Eitt af því er verðtryggingin, sem er séríslenskt kerfi frá verðbólguárunum. Ein helsta leiðin til að halda aftur af þenslu eru vaxtahækkanir Seðlabanka, en færa má rök fyrir því að verðtrygging dragi mjög á langinn áhrif þeirra og þar með úr áhrifunum. Þá getur verðtrygging dregið úr kostnaðarvitund okkar, því 5% vextir auk verðtryggingar virðist lægra en 10% vextir. Minni kostnaðarvitund við lántökur getur ein og sér verið eyðsluhvetjandi og þannig aukid þenslu.

Mikið umhugsunarefni er að verðtryggingin dregur úr áföllum þegar hagstjórnarmistök eru gerð. Í stað þess að verðbólgu-skotið 2001 kæmi þannig fram af fullum þunga, leiðir verðtryggingin til hækkunar lánsins en dreifir greiðslum hækkunarinnar yfir langan tíma. Svo við fáum ekki skell en undrumst bara seinna að lánin skuli aldrei lækka þó við borgum og borgum. Fyrir vikið refsium við kannski ekki stjórnmálamönnum fyrir hagstjórnarmistök með sama hætti og aðrar þjóðir. Sá stuðpúði sem verðtryggingin er kann að valda því að meiri þolinmæði sé með ábyrgðarlausum útgjöldum og aðhaldsleysi.

Formælendur verðtryggingarkerfisins hafa sagt að yfir lengri tíma sé verðtrygging alltaf ódýrari því markaðurinn muni alltaf rukka áhættuálag ef hann tæki áhættuna af verðlagsþróun. Þetta kann að vera rétt, en er það því aðeins að kerfið leiði ekki til meiri verðbólgu en annars hefði orðið. Og hér hefur verðbólga verið hærri en í samkeppnislöndunum. Því þurfum við að breyta. Rétt er að minna á að 9% verðbólga getur verið allt sem ungt fólk á í heimili sínu og fylgi slíku jafnframt verðlækkun eigna getur fólk glatað meira en aleigunni. ■



Borð 100x200 cm 69.000 stgr
100x180 cm 54.900 stgr
Stóll m/rúskinnstóll 25.900 stgr



Borð hnota 100x220 cm 109.000 stgr
90x180 cm 85.000 stgr
90x160 cm 75.900 stgr

Stóll m/leðuráferð einnig fáanlegur í brúnu 9.900 stgr

fyrir þá sem versla fyrir 100.000 eða meira

VAXTALAUSAR RÆÐGREIÐSLUR

fram að júlum

Mikið úrval af indverskum húsgögnum

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16




Borð 90x200 cm 49.000 stgr
90x180 cm 45.900 stgr
90x160 cm 43.900 stgr

Stóll m/leðri 14.900 stgr
einnig fáanlegur í ljósu leðri



H Ú S G Ö G N

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300



NÝTT
sófaborð (3 saman) 71.900 stgr
Skenkur 71.900 stgr



mikið úrval af kertum

FOTRÉTT



Viðbótarnám í gönguleiðsögn og afþreyingarleiðsögn

Leiðsögumenn! www.mk.is

Afþreyingarleiðsögn

Að loknu námi eiga nemendur að þekkja afþreyingargeirann þar sem sérstök áhersla er lögð á leiðsögn í hvataferðum.

Gönguleiðsögn

Nemendur eru búnir undir að fara með ferðamenn í styttri og lengri ferðir með farangur og vistir á bakinu.

Leiðsöguskóli Íslands
við Digraunesveg, Kópavogi

Upplýsingar veitir fagstjóri leiðsögunáms
Sími: 594 4025 Netfang: Isk@mk.is



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.688 -0,13% Fjöldi viðskipta: 166
Velta: 654 milljónir

MESTA HÆKKUN

Atorka Group 1,79%
Straumur-Burðarás 1,42%
Marel 0,31%

MESTA LÆKKUN

FL Group -0,71%
Bakkavör -0,67%
Mosaic -0,58%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 43,50 +0,23% ... Bakkavör 44,50 -0,67% ... FL Group 13,95 -0,71% ... Flaga 3,88 -0,51% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,30 +0,00% ... Jarðboranir 22,10 +0,00% ... KB banki 593,00 -0,50% ... Köggun 55,40 -0,18% ... Landsbankinn 22,80 +0,00% ... Marel 64,20 +0,31% ... SÍF 4,38 +0,00% ... Straumur 14,30 +1,42% ... Össur 97,50 +0,00%

Tölur miðast við kl. 15.06

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Óhefðbundin lífeyrissala

Auglýsingar Landsbankans um séreignasparnað þar sem lesendur blaða fengu persónulegt ómerkt bréf frá móttframlaginu sínu, vöktu talsverða athygli. Og reynda hneykslan einhverra. Umræður voru um auglýsingarnar á kaffistofum út um allan bæ og Rás 2 var með símatíma um málið. Þangað hringdi maður að nafni Eiríkur Jónsson og ræddi um solumennsku bankanna á séreignasparnaði. Hann hvatti til þess að fólk hefði varan á og snéri sér fyrst til lífeyrissjóðsins síns. Hann sagðist þekkja til mála vegna vinnu sinnar. Lisa Pálsdóttir spurði þá hvað hann gerði og svaraði þá Eiríkur því að hann væri formaður Kennarasambandsins. Eiríkur lét þess hins vegar ekki getið að hann er stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það eru því greinilega fleiri en Landsbankinn sem beita óhefðbundnum aðferðum við að fá fólk í séreignasparnað hjá sér.

Ættbogi í Flögu



Almennt séð er það talið jákvætt á markaði þegar innherjar kaupa í félögum. Það er jafnan talið til marks um að þeir sem gerst þekkja telji bréf félagsvanmetin á markaði og séu tilbúnir til að hætta meira fé í félagið. Að undanfögnu hafa innherjar keypt í Flögu og tilkynnt það til kauphallar með viðeigandi hætti. Hér hafa verið á ferðinni Bogi Páls-son og tengdir aðilar, dóttir hans og stjúpsonur. Gárungar á markaðnum skemmta sér yfir þessum tilkynningum þegar þeir haf ekkert annað að gera og kalla þetta nú ættbogakaupin í Flögu.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Viðskiptahallinn í Bandaríkjunum sló enn á ný met. Hann nam 66.1 milljarði dollara í september eða rúmum fjögur þúsund milljörðum króna og hefur aldrei verið meiri í einum mánuði. Meðal ástæna hallans er að vegna fellibylja hefur þurft að flytja inn meiri olíu en ella.

Vaxtaákvörðunardagur var í Bretlandi í gær. Enski seðlabankinn ákvað að halda stýrivöxtum óbreyttum og verða þeir því áfram 4,5 prósent. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar markaðarins.

Íbúðalánasjóður hefur birt endurskoðaða áætlun um útgáfu íbúðabréfa fyrir yfirstandandi ár. Gert er ráð fyrir 7,2 milljarða minni útgáfu frá fyrri áætlun. Skýringin er að gert er ráð fyrir minni útlánum sjóðsins, auk þess sem sjóðurinn muni auka nýtingu eigin lausafjár.



FRÁ HLUTHAFAFUND Í FL GROUP Hlutafjárútboð FL Group, sem beint var til fagfjárfesta, fór fram í gær. Ákveðið var að bjóða ekki lykilsstarfsmönnum bréf til kaups.

Starfsmenn kaupa ekki

Hlutafjárútboð hjá FL Group fór fram í gær. Um 44 milljarðar voru í boði, þar af höfðu stærstu hluthafar og KB banki og Landsbanki skráð sig fyrir 36 milljörðum. Um átta milljarðar voru seldir til fagfjárfesta.

Þeir þrjú milljarðar sem stóð til að selja lykilsstarfsmönnum voru boðnir fagfjárfestum í staðinn. „Ástæða breytingarinnar er sú að verulegar líkur eru á að sam-

kvæmt alþjóðareikningsskilastöðlum muni eignarhlutir starfsmanna í félaginu ekki teljast til eiginfjár, þar sem félagið myndi verja starfsmenn fyrir hugsanlegu tapi af þeim viðskiptum,“ segir í tilkynningu frá félaginu. Því ákvað stjórn félagsins að veita lykilsstarfsmönnum frekar kauprétt á útboðsgengi en að hafa milligöngu um bein kaup þeirra.

- eþa

Starfslokin kostuðu Atorku 160 milljónir

Uppgjör á kaupréttarsamningi fyrrverandi framkvæmdastjóra nam 160 milljónum. Fyrirtækið hagnast um 640 milljónir á árinu en afkoma á þriðja ársfjórðungi dregst verulega saman á milli ára.

Styrmir Þór Bragason, sem lét af störfum í haust sem framkvæmdastjóri Atorku Group, fékk 160 milljónir króna vegna uppgjors á kaupréttarsamningi sem hann gerði við félagið. Þetta kemur fram í nýju mánaða uppgjóri félagsins sem bar birt í gær.

Styrmir átti rétt á að kaupa um 35 milljónir hluta að nafnverði í Atorku á genginu 2,95 og um átján milljónir hluta í Afli fjárfestingarfélagi, sem er dótturfélag Atorku, á genginu 2,02. Réttinn mátti nýta frá 2005-2007. Gengi bréfa í Atorku stóð í gær í 5,7 krónum á hlut.

Hagnaður Atorku var 224 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi samanborðið við 751 milljón króna á sama tímabili í fyrra. Þetta er mikill umsnúningur frá öðrum ársfjórðungi þegar félagið tapaði nærri sex hundruð milljónum króna. Frá áramótum hefur félagið hagnast um 641 milljón króna.

Aðeins Landsbankinn spáði fyrir um afkomu Atorku en hann bjóst við að hagnaðurinn yrði 341 milljón króna.

Hreinar fjármunatekjur námu um sex hundruð milljónum á þriðja ársfjórðungi og lækkuðu um 340 milljónir á milli ára. Rekstrar-kostnaður hækkaði úr fimmtán milljónum króna í 286 milljónir sem stafar aðallega af gjaldfærslu fyrrnefnds kaupréttarsamnings og aðkeyptrar þjónustu.



FÉKK 160 MILLJÓNIR Kostnaður vegna uppgjors á kaupréttarsamningi við Styrmir Þór Bragason, fyrrum framkvæmdastjóra Atorku, nam um 160 milljónum króna. Atorka hagnaðist um 224 milljónir á þriðja ársfjórðungi.

Fréttablaðið/GVA

Heildareignir Atorka námu í lok september um 18,6 milljörðum króna. Eigið fé var á sama tíma um 8,5 milljarðar. Arðsemi eigin fjár er um ellefu prósent á ársgrundvelli sem er undir langtímamarkmiðum stjórnenda fél-

lagsins. Stjórnendur Atorku eru bjartsýnir á framhaldið en fjórði ársfjórðungur fer vel af stað.

Stærstu hlutabréfaeignir Atorku liggja í Jarðborunum og bresku iðnaðarfyrirtækjunum Low&Bonar og NWF.

- eþa

FlyMe flýgur til tólf nýrra áfangastaða

Jóhannes Georgsson nýr framkvæmdastjóri sænska lággjaldflugfélagsins.

Sænska lággjaldflugfélagið FlyMe, sem er meðal annars í eigu Straums-Burðarás og fjárfestingafélagsins Fons, tilkynnti í gær að félagið ætlaði að hefja flug til tólf nýrra áfangastaða frá Landvetter-flugvelli í Gautaborg. Áfangastaðirnir verða vinsælir sumarvalarstaðir og borgir í Evrópu. Félagið hefur sölu á ferðum til hinna nýju áfangastaða í dag og fyrstu ferðirnar eru áætlaðar 30. mars næstkomandi.

Samhliða þessum breytingum var tilkynnt að Jóhannes Georgsson verður nýr framkvæmdastjóri félagsins. Hann er einn af stofndum Iceland Express og var áður framkvæmdastjóri SAS á Íslandi. FlyMe var stofnað í mars 2004 og hefur einkum flogið innanlands í Svíþjóð.

Samhliða þessu verður hlutafé aukið og segir Björn Olegárd, stjórnarformaður FlyMe að áform séu um að fjölga áfangastöðum enn frekar. „Við erum heppin að fá Jóhannes til okkar. Hann hefur að



PÁLMI HARALDSSON Er einn eigenda sænska lággjaldflugfélagsins FlyMe.

undanfögnu endurskipulagt leiðakerfið og nýtingu á flugflotanum. Það er líka mikill styrkur fyrir okkur að hafa Pálma Haraldsson

sem bakhjarl í félaginu, enda fáir menn í Evrópu sem hafa meiri kunnáttu en hann á þessu sviði,“ segir Björn.

- hb/hh

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20-40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20-40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20-40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

Olíuverð lækkar

Hráolíuverð náði í gær fimmtán vikna lágmarki á markaði í New York eftir að olíubirgðir Bandaríkjanna náðu því magni sem þær stóðu í í júlí síðastliðnum. Verð á hráolíu, sem afhent verður í desember, lækkaði um 0,88 prósent í gær og kostaði tunnan 58,41 dali við opnun markaða í gær. Í Lundúnum lækkaði verð á Brent Norðursjávarolíu um 1,44 prósent og kostaði tunnan 55,99 dali.

OPEC-ríkin juku við framleiðslu sína til þriggja mánaða frá og með 1. október til að bæta upp framleiðslutapið eftir fellibyljina Katrínu og Ritu. Hráolían safnast því upp þar sem bandarískar olíu-



hreinsunarstöðvar hafa ekki náð meðal annars lækkun olíuverðs fyrri framleiðslugetu. Það skýrir nú. - hhs

Minni verðbólga í nóvember

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,2 prósent á milli október og nóvember. Vísitala neysluverðs án húsnæðis lækkaði um 0,43 prósent frá því í október. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,2 prósent en án húsnæðis um 0,7 prósent.

Greiningardeild Íslandsbanka segir í Morgunkorni í gær að spár h öfðu gert ráð fyrir 0,1 til 0,2 prósent hækkun vísitölunnar og þar á meðal Íslandsbanki um 0,1 prósent. Frávik frá spám skýrist einkum af því að verð á dagvörum lækkaði á milli mánaða en verðhækkun hafði verið spáð. Því er raunar enn spáð að verð á dagvöru muni hækka eins og fram kemur í fréttaskýringu í Markaðnum á miðvikudag.



Verð nýrra bíla lækkaði einnig á milli mánaða og meira en gert var í spánni segir í Morgunkorninu. Þá lækkaði eldsneytisverð í takt við spá og íbúðaverð hækkað talsvert eða um 0,9 prósent.

Næsta útgáfa Peningamála er 2. desember næstkomandi og spá markaðsaðilar vaxtahækkun upp á 0,5 til 0,75 punkta. Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að vextir Seðlabankans verði komnir í 12 prósent snemma á næsta ári en þeir eru nú 10,25 prósent. - hb

Verktakar sameinast

Tvö af stærstu verktakafyrirtækjum landsins, Keflavíkurverktakar og Ris, sameinast á næstunni. Sameinað félag veltir um sex milljörðum króna og verður þriðja stærsta verktakafyrirtæki landsins á eftir Ístak og Íslenskum aðalverktökum.

Velta Keflavíkurverkta er um fjórir milljarðar á ári en um tveir hjá Risi. Starfsmenn hins nýja félags verða um 500 talsins. - eþa

Kaos í H&M

Fljótlega eftir að H&M opnaði dyrnar að verslun sinni á einni aðalverslunargötu Stokkhólms í gærmorgun tæmdust allar hillur og rekkar. Verið var að hleypa af stokkunum haustlínu frá Stellu McCartney sérstaklega hannaðri fyrir H&M. Undirtektirnar komu jafnvel stjórnendum H&M í opna skjöldu eftir því sem fram kemur á vefsíðu Dagens Industri. Frá og með fimmtudeginum verður hægt að nálgast fót Stellu í alls fjögur hundruð H&M-verslunum í 22 löndum. H&M hefur áður átt svip að samstarf við heimsfræga tískuhönnuðinn Karl Lagerfeld. - hhs

Sjóvá semur við Royal & SunAlliance

Sjóvá hefur gengið til samstarfs við Royal & SunAlliance um að veita íslenskum alþjóðafyrirtækjum heildstæða tryggingaþjónustu vegna hagsmuna þeirra erlendis. Royal & SunAlliance er annar stærsti fyrirtækjatrýggjandi í Bretlandi og þriðji stærsti vatrýggjandi á Norðurlöndum. Samstarfið veitir viðskiptavinum Sjóvá aðgang að þjónustuneti Royal & SunAlliance um allan heim. Með samstarfssamningnum getur Sjóvá nú boðið upp á tryggingaþjónustu í 130 löndum.

Dauðadæmd yfirtaka

Yfirtökutilraun suður-afríska tryggingafélagsins Old Mutual á Skandía er dauðadæmd að mati Hans Erik Andersson, forstjóra Skandía. „Það kæmi mér verulega á óvart ef Old Mutual fengi stuðning frá helmingi hluthafa fyrir 21. nóvember,“ segir Hans-Erik í samtali við suður-afrísku vefritið Moneyweb. „Við vitum að minnsta kosti fimmtán prósent hluthafa hafa þegar hafnað tilboðinu.“

Þetta stangast á við fullyrðingar Jims Sutcliffe, forstjóra Old Mutual, sem telur að félagið eigi ágæta möguleika að fá stuðning 90 prósent hluthafa Skandía. - eþa

„Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

Hafðu það gott um helgina

Nýtt kortatímabil



Einar Geirsson
Yfirmatreiðslumaður á Café Karólínu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

SINNEPSMARINERAÐAR KJÚKLINGALUNDIR Á SPJÓTI

800 g kjúklingalundir grillpinna
100 g grófkorna sinnep
50 g dijon sinnep
25 g whisky BBQ sósa
25 g ólífuolía
salt og pipar grillpinna

Hrærið saman grófkorna sinnepi, dijon sinnepi, BBQ-sósu og ólífuolíu og marinerið kjúklingalundirnar í blöndunni í 2-3 klst. Þræðið kjúklingalundirnar á grillpinna og kryddið með salti og pipar. Grillið lundirnar í 3-4 mín. á hvorri hlið þar til þær eru gegnum steiktar. Með þessum rétti er gott að bera fram kús kús, grillaða kirsuberjatómata og agúrkusalat með hreinni jógúrt.

Ferskar kjúklingalundir

TILBOÐ
1.607 kr/kg
Merkt verð 2.295,-



Kjöt & fisktorgið

Ferskur lambahryggur

TILBOÐ
995 kr/kg
Verð áður 1.378,-



ÓÐALS

Hamborgarhryggur með beini

40%
afsláttur við kassa

TILBOÐ
899 kr/kg
Merkt verð 1.498,-



Jamie Oliver
mælir með
kaldpressaðri
Avocado olíunni



Olivado Extra Virgin Avacado Olían
er einstaklega góð sem salatsósa, sem dýfa fyrir brauð og sem matreiðsluolía.



Myllu heilhvaitbrauð, fitty brauð



Kjörís konfekt ísterta
- 12 manna

TILBOÐ
999 kr
Verð áður 1.499,-



Florida's Natural ávaxtasafi

TILBOÐ
199 kr
Verð áður 329,-

Gildir til 13. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Baðdagar



20-50% afsláttur af öllu baðkörum í verslunum
Vatnsvirkjans í nóvember



20-50% afsláttur
af öllum baðkörum í nóvember

Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.



VATNSVIRKINN



Galileo

Starfsfólk vantar á kvöld og helgar vaktir

Ítalskur veitingarstaður í hjarta Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki á kvöld og helgar vaktir. Allar upplýsingar veitir Logi í síma 8205888 eða sendu póst á netfangið logi@galileo.is

Hafnarstræti 1-3 Reykjavík Sími 5529500 www.galileo.is

★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ LÍFSSTÍLL ★ ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í EINU

VIÐJÁLMAÐUR OG KÆRASTAN
Ætjum að húa í Breiðholti

SKILINN EFTIR 20 ÁRI

her&nú 3 blöð

FARIN TIL KÍNA
MAMM KEMUR UT
RÆKTA

SKILADUR SÆKUR VESTURPORT

BJÖRN HLYNUR SKILINN VIÐ KONUNA

DEK STRAX UT

SLÆR SÉR UPP MED SYSTUR GÍSLA

SONUR INGIBJARGAR PALMA BYRJADUR MED SILJU MAGG

her&nú kemur út alla fimmtudaga

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	7	5	9	4	2	1	8	3
2	4	1	3	6	8	5	7	9
3	8	9	7	1	5	4	2	6
8	1	4	5	7	3	9	6	2
9	5	3	1	2	6	8	4	7
7	2	6	8	9	4	3	5	1
1	3	2	4	8	7	6	9	5
4	9	7	6	5	1	2	3	8
5	6	8	2	3	9	7	1	4

	4			9		1		
	8		3					4
6				5	8	9		
5	8		3					
			9		2			
			6			1		9
		3	5	1				2
4					6		8	
	6		2				5	

STUÐ MILLI STRÍÐA Fossvogsskóli

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR MINNIR Á AÐ EKKERT ER NÝTT UNDIR SÓLINNI



Skemmtilegasti skóli sem ég hef verið í er barnaskólinn minn, Fossvogsskóli. Hann var nýr af nálinni á áttunda áratugnum þegar ég var þar og óhætt að segja að hann var óhefðbundinn. Til dæmis sátum við yfirleitt nokkur saman og lærðum okkar lexíur. Hver og einn nemandi gerði vikuáætlun í samstarfi við umsjónarkennarann þannig að maður gat lært á þeim hraða sem hentaði, lokið skólabókunum snemmhauts og lagst í skemmtilestur ef því var að skipta.

Mikið skapandi starf var unnið í skólanum. Stundum voru allar

stóru rennihurðirnar milli stofa opnaðar og bekkirnir blönduðust í hópa og verkefnavinnu. Svo voru tveir árgangar saman í bekk sem var mjög skemmtilegt.

Sumt var svolítið skrítið. Ég tók til dæmis ekki próf fyrir en ég var komin í 7. bekk sem þá var; prófin höfðu fram að þessu heitað kannanir. Ekki voru gefnar hefðbundnar einkunnir heldur umsagnir þar sem greint var frá frammistöðu nemenda í fáeinum orðum. Við vorum líka hálfgerð tilraunadýr fannst okkur stundum. Allt var prófað fyrst á 1971 árganginum í Fossvogsskóla. Formskrift í stað skrifstafa, mengjareikningur í stað hefðbundins reiknings.

Mér fannst þetta eðlilegasta

kerfi í heimi án þess svo sem að ég hafi þælt mikið í því á sínum tíma. Svona var bara skólinn minn. Frekar að mér þætti núturlegt að hefja nám í ofurhefðbundnum skóla þegar tólf ára bekk lauk.

Ástæðan fyrir því að Fossvogsskóli er mér ofarlega í huga þessa dagana er sú að ég var að lesa um skóla sem var að opna í Grafarholti. Hann ku vera hannaður utan um einstaklingsmiðað nám. Með rennihurðum sem opnast í rými. Blanda á árgöngum saman og nemendur, þeir eiga víst að gera sínar námsáætlanir í samstarfi við kennara.

Þetta var kynnt sem nýjung en hljómaði kunnuglega í mínum eyrum. Ekkert er nýtt undir sólinni. ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Pú og pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



ÚTGÁFU TÓNLEIKAR BUBBA MORTHEMS

TÓNLEIKAR Í
ÞJÓÐLEIKHÚSINU
14. NÓVEMBER

Hljómsveit skipa

Guðmundur Pétursson
Jakob Smári Magnússon
Björn Stefánsson
Barði Jóhannsson
Hrafn Thoroddsen
Bjarni Sigurðarson

Tvær frábærar
plötur frá Bubba!



Tvennir tónleikar

14. nóvember kl. 19.00

14. nóvember kl. 21.30

Miðasala hafin í Þjóðleikhúsinu

Miðaverð kr. 2.900

Allar nánari upplýsingar á
www.prime.is og www.bubbi.is


sena

Petta mánaðarlega



Kl. 21.00

Hljómsveitin **Hjálmar** heldur tónleika í félagsheimilinu á Flúðum í tilefni af útkomu nýrrar plötu, sem heitir einnig **Hjálmar** og var tekin upp þar í félagsheimilinu.

Áhugaleikfélagið Hugleikur er farið af stað með Þetta mánaðarlega, blandaða skemmtidagskrá sem verður mánaðarlega í Leikhúskjallaranum í vetur. Í kvöld og annað kvöld verða að vanda frumsýndir einþáttungar, auk þess sem tónlistarflutningur gegnir stóru hlutverki í dagskránni.

Einþáttungurinn Bara innihaldið er eftir Sævar Sigurgeirsson. Þar er skopast að skemmtanamunstri miðaldra Íslendinga.

Sævar er einn af öflugustu höfundum félagsins og þátturinn lenti í þriðja sæti í einþáttungasamkeppni Leiklistarvefsins leiklist.is 2002.

Vinnan göfgar nefnist síðan þáttur eftir Júlíu Hannam sem hefur vakið athygli undanfarin ár fyrir spennandi tók á stuttverkaforminu. Þessi þáttur fjallar um að því er virðist hversdagslega starfskynningu en tekur fyrir en varir óvænta stefnu.

Dagskránni lýkur síðan með því að hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir flytur sýnishorn úr tónlist næsta stórverkefnis Hugleiks, sem er söngleikjagerð á A Christmas Carol eftir Charles Dickens. Höfundar tónlistarinnar eru þeir Snæbjörn Ragnarsson og Þorgeir Tryggvason, sem báðir eru meðlimir í Ljótu hálfvitunum ásamt Ármanni Guðmundssyni, allt saman gamalgrónir Hugleiksmenn.



> Ekki missa af ...

... tónleikum **Ragnars Bjarnasonar** á Borginni í kvöld ásamt **Bergþóri Pálssyni, Guðrúnu Gunnarsdóttur** og fleiri tónlistarmönnum.

... tónleikum karlakórins **Heimis** í Salnum í Kópavogi, sem verða í kvöld og annað kvöld. **Gunnar Þórðarson, Óskar Pétursson** og fleiri tónlistarmenn koma fram með kórnum.

... sýningunni **Tími Romanovættarinnar í Rússlandi**, sem stendur í Gerðarsafni í Kópavogi fram í desemberbyrjun.

menning

menning@frettabladid.is



SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR Syngur uppáhalds ariurnar sínar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói.

Diddú í Keflavík

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið iðin við kolann í þessari viku. Fyrir utan reglulegt tónleikahald hljómsveitarinnar í Háskólabíói í gærkvöld, þar sem sellóleikarinn David Geringas kom fram með hljómsveitinni bæði sem stjórnandi og einleikari, verða tónleikar í kvöld í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

Gestur hljómsveitarinnar á þessum tónleikum er ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar, Sigrún Hjálmtýsdóttir. Hún ætlar að syngja uppáhalds

ariurnar sínar, rétt eins og hún gerði á tvennum tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir fullu húsi fyrir í haust.

Diddú hefur fyrir löngu sungið sig inn í hjörtu landsmanna með bjartri rödd sinni og heillandi framkomu. Hún hefur komið margoft fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og sungið mörg helstu hlutverk óperubókmenntanna hér á landi, t.d. Olympíu í Ævintýrum Hoffmans, Gildu í Rigoletto, Violettu í Ástardrykknum og titilhlutverkið í Lucíu di Lammermoor.

Afrakstur tólf ára starfs

Voces Thules er að leggja lokahönd á heildarútgáfu Þorlákstíða eftir tólf ára undirbúningsvinnu. Annað kvöld flytjur hópurinn valda kafla á miðnæturtónleikum í Hallgrímskirkju.

„Við erum ekkert að herja á markaðinn með þessari útgáfu,“ segir Sverrir Guðjónsson söngvari. „Þetta verður eins konar safnaraútgáfa, gefin út í takmörkuðu númeruðu upplagi. Opinber útgáfudagur verður á Þorláksmessu.“

Sönghópurinn Voces Thules hefur, með Sverri í fararbroddi, unnið í tólf ár að heildarútgáfu Þorlákstíða, stórmerkilegra söngva úr íslensku miðaldahandriti sem sungnir voru til heiðurs Þorláki biskupi Þórhallssyni, eina íslenska dýrlingi kaþólsku kirkjunnar.

Í tilefni af þessum áfanga ætlar Voces Thules að bjóða til miðnæturtónleika í Hallgrímskirkju annað kvöld.

„Við veljum uppáhaldslögin okkar úr Þorlákstíðum og flytjum þau á tónleikunum. Við getum kallað þetta kyrrðarsöngva úr Þorlákstíðum.“

Tónleikarnir hefjast klukkan hálflefu, sem er allt með ráðum gert svo fólk hafi svigrúm til þess að gera eitthvað annað að þeim loknum.



VOCES THULES Á myndinni sést aðeins hluti hópsins, sem stendur í stórræðum þessa dagana.

„Fólk getur komið og notið þess að hlusta á þessa fallegu tónlist og farið svo bara á rúntinn á eftir, eða labbað niður Skólavörðustíginn alla leið niður á bryggju og aftur til baka.“

Eftir hálfan mánuð leggur Voces Thules síðan af stað í fjögurra vikna tónleikaferð til Japans þar sem haldnir verða tónleikar í fimmtán borgum.

„Músíkin verður algerlega íslensk þar sem við erum að tefla saman miðöldum og samtíma,“ segir Sverrir og bætir því við að þegar grannt sé skoðað hafi tónlistin ekki breyst neitt sérstaklega mikið á þessum tíma.

„Það er frekar ytra byrðið sem breytist en ekki svo mikið það sem er fyrir innan.“

-gb



ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
BORGARLEIKHÚSINU

HAUST

[Íd] Landsbankinn

CRITIC'S CHOICE?
WONDERLAND
POCKET OCEAN

AÐEINS
SYNINGAR
3 EFTIR
SUN 13. NÓV.
SUN 20. NÓV.
MIÐ 23. NÓV.

Vörðulegargar fá 50% afslátt á sýningar Íd. Miðasala í Borgarleikhúsinu s. 568 8000 eða á www.id.is

Einn með gítarinn

„Þetta er órafmagnað blúsrokk,“ segir enski tónlistarmaðurinn Tony Brackley um tónlistina sem hann ætlar að flytja á föstudagstónleikum Smekkleysu í gallerí Húmar eða frægð í dag.

Tónlist Tonys þykir minna um margt á fyrri verk Pink Floyd og tónlistarmanninn Robert Wyatt. Hann hefur tekið upp og gefið út þrjár skífur á Íslandi og fást þær í betri hljómplötuværslunum bæjarins.

„Ég syng um lífið og ýmislegt sem kemur fyrir mig sjálfan, fyndna hluti eða um líf annarra. Sumir söngvanna eru sögur en aðrir hafa enga sérstaka merkingu. En ég sem líka mikið af instrumental tónlist, til þess að gefa fólk hlíf frá röddinni minni.“

Hann flutti hingað til lands fyrir rúmu ári og hefur unnið fyrir sér sem ljósmyndari og enskukennari.

„Annars er ég að leita mér að einhverju starfi í tónlistinni og hef verið að spila á börum og veitingastöðum. Ég var með hljómsveit á Englandi, en kom líka fram einn þar.“

Vikulegir tónleikar verða í galleríinu alla föstudaga út nóvembermánuð. Sú tónleikadagskrá verður þó aðeins lögð á undan storm-



TONY BRACKLEY Hann treður upp með gítarinn sinn í gallerí Húmar eða frægð í dag, nýbúinn að gefa út sólóplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


inum, því Smekkleysa er að búa sig undir stífa tónleikadagskrá í desembermánuði þar sem Smekkleysu-listamenn munu troða upp ásamt öðrum góðvinum.

Tónleikarnir í Húmar eða frægð hefjast klukkan 18. ■

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV

HORFÐU EINS OG ÞÉR SÝNIST!

SAGAN ENDAR Á DVD. ORRUSTAN HELDUR ÁFRAM Á PS2.



Eignastu bæði myndina og leikinn

**KOMIÐ Í
VERSLANIR.**

STAR WARS

Nú getur þú eignast Star Wars : Episode III Revenge of the Sith á DVD. Upplifðu lokakafinn í hinna stórbrotnu Star Wars sögu með bestu myndgæðum og hljóði sem völ er á, ásamt meira en 6 klukkustundum af aukæfni sem fara vel í safnið. Í Star Wars Battlefront II, framhaldinu á mest selda Star Wars leik alla tíma, getur þú barist í glænýjum orrustum á þann hátt sem þú kýst á fjölda nýrra pláneta, sem Jedi riddari, og nú í fyrsta skipti geta leikmenn barist í geimnum.

góða skemmtun ▶



s e n a

ÁBYRGÐ - REYNsla - TRAUST



Andrés Pétursson 2. sætið

- Lækkun fasteignagjalda á kjörtímabilinu
- Íbúalýðræði m.a með stofnun hverfaráða
- Gjaldfrjálsan leikskóla
- Fleiri þekkingarfyrirtæki í bæinn
- Auka valmöguleika eldri borgara á húsnæðismarkaði
- Leikskólar bæjarins verði eflir og stefnt verði að því að gera þá gjaldfrjálsa á kjörtímabilinu
- Áframhaldandi uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsstarfs í Kópavogi m.a. með því að samþætta betur starfsemi grunnskóla og íþróttafélaga í bænum

12. NÓVEMBER 2005

Smáraskóla kl. 10.00-20.00



VIÐ LEIÐI FALLINNA FÉLAGA Peter Chance og Óttar Sveinsson við leiði skipverjanna sem týndu lífi fyrir 61 ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strandið er enn í móðu

Fyrir rúmum 60 árum strandaði kanadíski tundurspillirinn Skeena við Viðey og nú hefur Óttar Sveinsson skráð atburðinn á bók. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Óttar og Peter Chance sem var um borð í Skeenu kvöldið örlagaríka.

Hinn 25. október árið 1944 var eitt mesta björgunarafræk Íslandssögunnar unnið þegar lítil hersveit, undir stjórn íslenska skipstjórans Einar Sigurðssonar, bjargaði 198 skipverjum af kanadíska tundurspillinum Skeenu sem strandaði við Viðey í aftakaveðri.

Fimmtán skipverjar týndu lífinu þetta kvöld. Hið mikla þrekvirki Einarar er efniviður bókarinnar Útkall – hernaðarleyndarmál í Viðey eftir Óttar Sveinsson sem er nýkomin út.

„Í fyrra komu fimm skipverjar af Skeena hingað til lands og þá byrjaði boltinn að rúlla,“ segir Óttar. „Þetta mál hefur verið í hálfgerðri kyrrþey um áratuga skeið; Einar tjáði sig til dæmis ekki um það í marga áratugi þar sem hann vildi ekki rjúfa trúnað. Þetta var jú hernaðarleyndarmál. Ég stökk því á tækifærið þegar skipverjarnir komu.“ Eftir að hafa rætt við þá hélt Óttar til Kanada og ræddi við fleiri úr áhöfninni. Allir bentu þeir honum á að tala við sama manninn, siglingafræðinginn Peter Chance sem var einn af yfirmönnum skipsins. Óttar hafði upp á honum og komst að því að hann hafði merkilega sögu að segja og leggur til mikið í bókina. Peter sótti Ísland heim í fyrsta skipti eftir strandið nú í vikunni.

„Ég varð yfir mig spenntur þegar Óttar hafði samband,“ rifjar Peter upp. „Konan mín var dálítið taugaóstyrk fyrir mína hönd en mér fannst ég tilbúinn til að snúa aftur.“

Peter segir að dvölin hér hafi vissulega verið tilfinningarík. „Þú getur rétt ímyndað þér. Ég var ekki nema 23 ára þegar Skeena strandaði og þetta sótti lengi á mig. Ég fékk oft martraðir og þótt tilfinningin hafi dvínað með árunum hverfur tilfinningin aldrei. En um leið hefur þetta verið ákaflega ánægjuleg heimsókn því það hefur svo margt gott fólk tekið á móti mér, sérstaklega fjölskylda Einarar. Ég vissi það ekki þá en það var hann sem bjargaði flestum

Óveðrinu hafði slotað og það var verið að bjarga öllu sem bjargað varð úr Skeenu.“

Hann segir að strandið hafi verið sérstaklega sorglegt í ljósi þess að því hefði mátt afstýra. „Skeena var stöndugt skip og hefði vel þolað að vera úti á hafi þótt það væri slæmt í sjóinn. Ég vissi að við myndum lenda í vandræðum ef við leituðum vars í sundinu. Það er erfitt að festa akkeri á hraunbotni auk þess sem akkerisvindan leyfði okkur aðeins að láta eitt akkeri síga í einu, sem gerði það erfitt fyrir okkur að skorða skipið af.“ Peter var annar af næstráðendum skipstjórans og þegar hann gaf skipun um að þeir skyldu leita skjóls á Viðeyjarsundi bað Peter um að vera leystur undan skyldum sínum. „Ég vissi sem var að þetta var feigðarflan.“ Skipstjórinn og næstráðandi hans voru dregnir fyrir herrétt í Kanada og sakfelldir fyrir að bera ábyrgð á strandi skipsins og dauða skipverjanna sem druknuðu.

Þótt bókinn sé komin út segir Óttar að verkinu sé fjarri því lokið. Til stendur að þýða bókina yfir á ensku og gefa út í Kanada, en auk þess er Sveinn Sveinsson kvikmyndagerðarmaður að vinna að heimildarmynd um atburðinn. Síðast en ekki síst stendur til að koma skrífu skipsins fyrir á strandstað við hátíðlega athöfn á næsta ári þar sem til stendur að fá kanadíska tundurspilli viðstaddan. „Þetta hefur heldur betur undið upp og orðið að samstarfsverkefni milli landanna tveggja,“ segir Óttar. „Ég komst líka að því við gerð þessarar bókar að þessar þjóðir eiga margt sameiginlegt og þetta verður vonandi til binda þær traustum böndum um ókomna tíð.“



UNGUR MAÐUR Peter var ekki nema 23 ára gamall þegar Skeena strandaði við Viðey.

okkar frá druknun. Hann var sannkölluð hetja.“


Peter segir að dagarnir eftir strandið séu í móðu. Hann muni til dæmis ekki eftir því þegar hann var við útför félaga sinna. „En ég veit ég var þar því ég hef séð myndir af því. Ég man eftir mér um borð í Skeenu þegar ég var að búa mig undir að fara í land. Það var afskaplega kalt þegar ég fór í sjóinn og ég man óljóst eftir því þegar mér var bjargað á land. Ég var í sjokki og man ekki eftir mér fyrr en nokkrum dögum síðar.



TIL HEIÐURS HINUM LÁTNU Skotum var hleypt af til heiðurs þeim sem fórust þegar þeir voru lagðir til hinstu hvílu í Fossvogskirkjugarði.

Íslenskir ódyrir tónlistardagar*

TOLL FRJALS TÓNLIST



• 1.499

Nylon - Góðir dagar



• 1.499

Óskar Pétursson - Þú átt mig ein



• 1.499

Ampop - My Delusions



• 1.499

Hera - Don't play this



• 1.499

Helgi Björnsson - Yfir Esjuna



• 1.499

Svala - Bird of Freedom



• 1.499

Sálin - Undir þínum áhrifum



• 1.499

Ragnheiður Gröndal - Vetrarljóð



• 1.499

Ragnheiður Gröndal - After the Rain

IBT

Verð
sem hljómar
betur!

*Á völdum titlum.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

8 9 10 11 12 13 14

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 18.00 Enski tónlistarmaðurinn **Tony Prover** spilar í Gallerí Humar eða frægð undir nafninu **The Nod**.
- 20.00 **Sigrún Hjálmtýsdóttir** á tónleikum með **Sinfóníuhljómsveit Íslands** í Kirkjulundi, Safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.
- 20.00 **Karlakórinn Heimir, Gunnar Þórðarson, Óskar Pétursson** o.fl. í Salnum í Kópavogi.
- 20.00 **Díkta** og **Jan Mayen** á útitónleikum Aygo Blast í portinu hjá versluninni Illgresi á Laugaveginum.
- 20.30 **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eypör Gunnarsson** flytja sálma á tónleikum í Grundarkirkju í Eyjafirði.
- 21.00 Hljómsveitin **Hjálmar** félagsheimilinu á Flúðum.

Ragnar Bjarnason efnir til tónleika á Hótel Borg.

LEIKLIST

22.00 Leikfélagið **Hugleikur** í Leikhúskjallaranum undir nafninu **Petta mánaðarlega**.

OPNANIR

16.00 **Sólveig Eggerz Pétursdóttir** opnar sýningu í Boganum í Gerðubergi.

SKEMMTANIR

- 23.00 Hljómsveitin **Sixties** heldur fjörinu uppi á Kringlukuránni.
- Hörður G. Ólafsson** spilar og syngur á Café Catalinu í Kópavogi.
- Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.
- Hljómsveitin **Tilprif** spilar í Lundanum, Vestmannaeyjum.
- Danshljómsveit Fríðjóns** heldur í Vélsmíðjunni á Akureyri.
- Hljómsveitin **Á móti sól** skemmtir á Players í Kópavogi.

FRUMSÝNING 12. NÓVEMBER

Nína og Geiri

Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

11. nóv. VIP forsyning
12. nóv. Frumsýning
Uppskeruhátíð hestamanna

18. nóv. Uppseitt svæði 1
25. nóv. Uppseitt svæði 2
28. nóv. Uppseitt svæði 3
3. des. Uppseitt svæði 4
9. des. Uppseitt svæði 5
10. des. Uppseitt svæði 6
16. des. Orfa á svæði 1
17. des. Orfa á svæði 1

BROADWAY 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddar miðar selðir hálfmánuði fyrir viðbúð.

Tónleikurinn BÍTL

Föstudag 11/11 Örfá sæti laus
Laugardag 26/11 Laus sæti

"Frábær skemmtun!"

Landsbankinn KASTALINN 552 3000

KRINGLUKRÁIN

Sixties

í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill

Borðopantánir í síma 558 0878 www.kringlukrain.is

Samtökin '78

Dansleikur

ÁST - HAMINGJA - VINÁTTA

Undir þessari yfirskrift höldum við gay dansleik!

Fyrir dansi leika DJ BLING ásamt hinum margrómaða DJ Skyldi þetta er 100% hýr og glaður dansleikur!

Dagsetning: 12. nóvember
Staður: Kaffi Reykjavík
Tími: 23:30 og fram eftir nóttu!

Aðgangseyrir er 1000 kr. en 700 kr. fyrir félagi í Samtökunum '78 og FSS.

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Miðopantánir í síma 555 2222 og á mid.is

Hinsegin óperetta
Sýnt í Iðnó

Gestur

Næstu sýningar:
fös. 11.nóv. kl.20:00 í Blóðhóllinni á Akranesi
lau. 12.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 19.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 26.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 3.des. kl.17:00 í Iðnó

Miðasala í Iðnó í síma 562-9700, idno@xnet.is og á www.midi.is

"Drepfyndið."
Bergþóra Jónsdóttir - mbl

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Live music! Leitaðu ekki langt yfir skammt...
Pottþétt skemmtun í þínu hverfi!

Föstudagskvöld Geiri Sæm og Tryggvi Hubner

Spila frá kl. 23:30-3:00

Frítt inn!

Idol á risaskjá kl. 20:30

Boltinn á risaskjá alla helgina

Laugardagur

16:35 England - Argentína
18:35 Noregur - Tékkland

Boltatilboð!

Öl á 400,- á meðan leik stendur

Opnunartími:
Mán.-Fim. 18:00-23:30 Laugardaga 11:30-03:00
Föstudaga 18:00-03:00 Sunnudaga 11:30-23:30

SPORTBAR HOLTAKRÁIN

Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197

Samlokur • Pizzur • Hamborgarar • Franskar • Hlaðborð á föstudögum • Heimilismatur í miðri viku

uppskeruhátíð hestamanna

stórdansleikur

hljómsveitin á móti sól kobbédíkobb

ALLIR Á BALL OG VERÐUM Í STUÐI!

laugardaginn 12. nóvember

Miðaverð á dansleik kr. 1.600

BROADWAY

Sími 533-1100 - www.broadway.is

> Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI



Míniusbarði: Strákarnir okkar Bergsveinn: September Kamp Knox: A tad '65 Bjarni Ara: Svíng Rúnar Þórisson: Ósögð orð og ekkert meir Rammstein: Rosenrot og Live 8: DVD

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Sigur Rós í uppáhaldi hjá BBC

Næsta smáskífulag Sigur Rósar, Hoppípolla, er komið í dagsspilun í breska ríkisútvarpinu, BBC. Þar að auki verður plata sveitarinnar, Takk, plata vikunnar á BBC. Myndband við Hoppípolla, sem var tekið upp í Reykjavík, er líka tilbúið. „Þetta er alveg frábært. Það gerist ekki oft að tónlist á öðru en ensku og svona löng lög komist í þessa spilun. Það hefur ekki verið mikið af því hingað til,“ segir Orri Páll Dýrason, trommari Sigur Rósar. Síðastliðinn þriðjudag tók Sigur Rós upp lög Hoppípolla og Blóðnasir fyrir breska tónlistarþáttinn The Jools Holland Show sem verður sýndur í kvöld. „Það

var bara skemmtilegt,“ segir Orri Páll um upplifunina. „Þetta var svona smá sjónvarp. Ég vona að það komi ágætlega út. Santana og John Cale voru þarna,“ segir hann en auk þeirra var bandaríska söngkonan Sheryl Crow í þættinum. Sigur Rós er um þessar mundir á tónleikaferð um Evrópu sem lýkur í Laugardalshöll 27. nóvember. „Það verður rosagaman. Við ætlum að vera með níu manna brasshljómsveit, þá sömu og spilaði með okkur í þættinum,“ segir Orri. Samanstendur hljómsveitin af enskum spílurum og þeim Samma, Helga Hrafní og Snorra úr Jagáru. Í febrúar á næsta ári fer Sigur Rós síðan í tónleikaferð um Bandaríkin sem lýkur í ágúst. „Ég kann betur við mig í Evrópu. Það er betri andi þar og minna vesen,“ segir Orri um muninn á milli staðanna tveggja.



SIGUR RÓS Lagjó Hoppípolla er í dagsspilun á BBC.

> Plata vikunnar



„Priðja plata The Books er vandað og metnaðarfullt verk. Róandi, fræðandi og dáleiddandi í senn.“

BÓS

> popptextinn

„Clean up before she comes Living in a dusty town Something in her eyes Must be the smoke from my lungs.“



Rokkarinn Kurt Cobain syngur um húspírif á demóupptökunni Clean Up Before She Comes af plötunni Sliver: The Best of Box.



THE DARKNESS Breska hljómsveitin The Darkness er í efsta sæti listans með lagið One Way Ticket.

Priðja platan tilbúin

Elektrópönkarinn Peaches lauk nýverið við gerð sinnar þriðju hljóðversplötu. Á meðal þeirra sem koma þar við sögu eru Josh Homme, söngvari og gítarleikari Queens of the Stone Age, og Sam Maloney, fyrrum trommari Hole. Platan var tekin upp í Los Angeles, fjarri heimahögum hennar í Berlín. „Það var frábært. Ég var í húsi með heitri sundlaug og hljóðveri,“ sagði Peaches. Upp-tölkustjóri plötunnar er Mickey Petralia, sem hefur áður gert Mid-night Vultures með Beck.



PEACHES Elektrópönkarinn Peaches, sem kom til Íslands í fyrra, hefur nýlókíð við sína þriðju plötu.

X-DÓMINÓSLISTINN

TOPP 10 LISTI X-FM

- 1 THE DARKNESS ONE WAY TICKET
2 DEATH CAB FOR CUTIE SOUL MEETS BODY
3 JEFF WHO? THE GOLDEN AGE
4 DEPECHE MODE PRECIOUS
5 OASIS THE IMPORTANCE OF BEING IDLE
6 KAISER CHIEFS I PREDICT A RIOT
7 ECHO AND THE BUNNYMEN STORMY WEATHER
8 FRANZ FERDINAND DO YOU WANT TO?
9 SIGN A LITTLE BIT
10 U2 ALL BECAUSE OF YOU

Abbey Road kveikti neistann hjá Rúnari

Rúnar Þórisson, sem var áður í hljómsveitinni Grafík, gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist Ósögð orð og ekkert meir. Freyr Bjarnason ræddi við Rúnar um nýju plötuna.

Fyrir sína fyrstu sólóplötu, Ósögð orð og ekkert meir, fékk Rúnar til liðs við sig fjölbreyttan hóp tónlistarmanna, þar á meðal Karl Henry (Without Gravity), Birgi Örn Steinarsson (Maus), Katrínu Mogensen (Mammút), Daða Birgisson, Egil og Ragnar Sólberg Rafnssyni (Sign), Sigtrygg Baldursson, Jens Hansson (Sálin) og síðast en ekki síst dóttur sína Láru. Rúnar semur öll lög og texta á plötunni fyrir utan eitt sem hann semur með Karl Henry og annað með Láru.



RÚNAR ÞÓRISSON Tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson er að gefa út sína fyrstu sólóplötu. MYND/EÓL

Rúnar segist hafa fengið hugmyndina að plötunni eftir að hann heimsótti Abbey Road, upptökuver Bítlanna, ásamt m.a. Rabba heitnum, fyrrum félagi sínum úr Grafík. „Allt sem ég gerði meira og minna í tónlist var með honum. Ég sá aldrei neina ástæðu til að gera neina sólóplötu þegar ég var að vinna með honum. Eftir þessa ferð langaði mig geysilega til að gera þetta,“ segir Rúnar, sem hefur spilað inn á margar plötur með Rabba.

„Ég vildi leita til fjölbreytts tónlistarhóps og ákvað að söngvararnir yrðu af yngri kynslóðinni. Það er svo margt spennandi sem ungt fólk er að gera í tónlist í dag. Það er mikil gerjun í gangi og ég hafði mikinn áhuga á að vinna með þessu skapandi unga fólki,“ segir hann.

Rúnar segist líta á plötuna sem hugverk frekar en bara tónlist sem hann hefur samið. „Þetta er svolítil fílsófia um tímann. Allt sem við gerum er á vissan hátt háð takmörkunum tímans. Á þessum aldri sem ég er, fimmtugur, er komið það tímaskeið sem maður fer að hugsa í víðara samhengi um lífið og takmarkanir þess,“ segir Rúnar, sem helgar plötuna minningu Rabba og föður sínum sem er einnig farinn yfir móðuna miklu. Einnig vill Rúnar með plötunni brúa ákveðið kynslóðabil sem hefur verið á milli þeirra yngri og eldri í rokktonlistinni.

Hvað varðar áhrifavald segist Rúnar fyrst og fremst líta til Bítlanna. „Annars er Radiohead áhugaverðasta bandið í dag. Ég er líka klassískt menntaður tónlistarmaður og maður leitar óbeint í þann grunn. Síðan verður maður líka fyrir áhrifum frá þeim sem maður hefur unnið með,“ segir hann.

Aðspurður um samstarfið við dóttur sína segir Rúnar að það hafi gengið mjög vel. „Hún er líka mjög góður gagnrýnandi. Ég leita hvað mest til hennar ef ég er í

vandræðum með tónlistina mína og hún bremsar mig stundum af. Við höfum mjög svipaðar hugmyndir.“

Rúnar stefnir að því að halda útgáfutónleika á næstunni. Eftir þá tekur við undirbúningur fyrir næstu sólóplötu, sem mun hugsanlega koma út eftir tvö ár.

STJÖRNUFRÉTTIR LÍFSSTÍLL ALVÖRU FÓLK
3 BLÖÐ Í EINU
HER&NÚ
MAMM KEMUR UT
RÆKTA
SONUR INGIBJARGAR PÁLMA
BYRJADUR MED SILJU MAGGI
HER&NÚ kemur út alla fimmtudaga

Ævintýri frá Human Substance

Hljómsveitin Human Substance hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Epics of the Kingdom Chapter 1.

Sveitin var stofnuð árið 2002 af þeim Adda, sem er einnig í Forgotten Lores, og Jóa, sem er meðlimur Twisted Minds. Einnig hefur Jóa gefið út undir nafninu Rain. „Platan var upphaflega gerð 2002,“ segir Jóa. „Ég skrifaði smásögu fyrir plötuna og



JÓHANN BIRGIR PÁLMASSON Hljómsveitin Human Substance var stofnuð fyrir þremur árum af Jóa og Adda úr Forgotten Lores.

síðan var öllum lögnum skipt niður úr einni sögu þannig að öll lög tengjast á vissan hátt. Þetta er í raun ein stór saga,“ segir hann. „Þessi plata er sett mikið upp eins og hún sé ævintýri.“

Að sögn Jóa er mun hefðbundnara hiphop á nýju plötunni heldur en þeirri sem hann gaf út undir nafninu Rain í sumar. Sú hafi verið mun tilraunakennd-

Astrid Lindgren


Astrid Lindgren safnið kynnir:
nýjar myndir á DVD komnar í verslanir



ÁTT ÞÚ ÞÆR ALLAR Á DVD?

Ævintýri Astrid Lindgren eru sígildar og skemmtilegar bama- og fjölskyldumyndir eftir einn ástsælasta barnabókahöfund allra tíma. Allar myndir

Astrid Lindgren eru með íslensku tali.



MYNDFORM
www.myndform.is
Trönuhrauni 1, 220 Hfj
Sími 534-0400

DVD
VIDEO

Millet-úlpur eru komnar aftur í tísku

Í tilefni af opnun verslunarinnar Gyllta kattarins var efnt til teitis í búðinni. Boðið var upp á léttar veitingar og var standandi partí fram eftir kvöldi. Að sögn Ásu Ottesen, eins eigenda Gyllta kattarins hefur búðin fengið góðar viðtökur.

„Við erum að selja gamlan lager af prufuflikum frá Adidas. Þetta eru allt ónotaðar vörur sem aldrei fóru í framleiðslu. Þessi lína hefur vakið mikla athygli og selst gríðarlega vel,“ segir Ása. Aðspurð um

hvað sé alveg nauðsynlegt að eiga fyrir veturinn segir hún að allar konur verði að eiga pels, loðfóðruð stígvél og dúnúlu. „Millet-úlpurnar eru komnar aftur enda fátt flottara en fót í gamaldags stíl. Svo er allt í blúndum núna, sérstaklega fyrir jólin. Það verður allt frá blúnduhönskum og grifflum upp í blúndukjóra og skyrtur. Einnig verður mikið um pinnahæla með gullhæl.“ Hún nefnir líka pallíettur og glitrandi steina enda er mikil glamúrhátíð framundan.



GULLKATTARFÓLKIÐ Ása Ottesen, Haukur Ingi, Hafdís Porleifsdóttir og Jóna Ottesen voru ánægð með viðtökurnar sem kötturinn fékk. Systurnar Ása og Jóna vinna líka sem stílistar.



„SECONDHAND“ TÝPUR Pær Ásbjörg Snorradóttir og Harpa Dögg Magnúsdóttir nemar smellpassa inn í tísku Gyllta kattarins.



LEÐURJAKKAPÆJUR Kolfína Birgisdóttir, Sólrún Inga Traustadóttir og Sandra Björg Gunnarsdóttir voru allar í stíl á opnuninni. Leðurjakkar eru greinilega vinsælir um þessar mundir.



FÍNAR TIL FARA Kristín Ólafsdóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir og Jóna Guðjónsdóttir létu fara vel um sig í Rókkósófanum sem prýðir verslunina. Þess má geta að Jóna er amma þeirra Ásu og Jónu Ottesen.



Lög Lennons á netið

Allar sólóplötur John Lennons verða í fyrsta sinn brátt fánlegar á netinu. Fyrsta platan sem verður sett á netið er safnplatan Working Class Hero, sem nýverið kom út. Ekki hefur verið tilkynnt hvar platan verður fánleg.



JOHN LENNON Bitillinn fyrverandi verður brátt fánlegur á netinu.

„Ég er mjög ánægð með það að tónlist Lennons verður fánleg fyrir nýja kynslóð tónlistarunnenda,“ sagði Yoko Ono, ekkja Lennons. „Hann var mjög hrifinn af tækninýjungum og hefði orðið mjög spenntur fyrir þessu.“



THE WHITE STRIPES Hljómsveitin The White Stripes er á leiðinni hingað til lands.

Uppselt í stúku

Uppselt er í stúku á tónleika rokkduettsins The White Stripes í Laugardalshöll hinn 20. október. Enn eru til miðar í staði.

The White Stripes þykir ein skemmtilegasta tónleikasveit sam tímans. Koma hennar til Íslands er liður í tónleikaferð sveitarinnar um heiminn sem er farin vegna útgáfu plötunnar Get Behind Me Satan.

Miðasala á tónleikana fer fram í verslunum Skifunnar og á midi.is. Miðaverð í staði er 4.500 krónur.



Í **GÓÐU FJÖRI** Hannes I. Gunnarsson og Ingibjörg E. Jóhannsdóttir skáluðu í boðinu.



FJÖRUGA ÚTVARPSKONAN Andrea Jónsdóttir sker sig úr hvar sem hún fer vegna sérstaks hárlitar. Hér er hún með Jóni Ólafssyni.



BERGSVEINN ÁRILÍUS Bergsveinn syngur lög frá níunda áratugnum á sinni fyrstu sólóplötu.

Mjúkur og ráðsettur

Tónlistarmaðurinn Bergsveinn Árilíus, sem hingað til hefur gert garðinn frægan í hljómsveitinni Sóldögg, hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist September.

Á plötunni er að finna þrettán lög sem öll nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum, þar á meðal True Colors, Eternal Flame, Rio, Never Tear Us Apart og Don't Give Up. „Þetta er hugmynd sem var búin að veltast um í kollinum á mér í fimm ár. Ég bara gat ekki þagað lengur og varð einhver veginn að heiðra þessar túberuðu hetjur,“ segir Bergsveinn. „Þegar

tónlistarmenn eru spurðir um áhrifavalda talar enginn um eitíttímabilið. Þarna lá ég á skeljunum fyrir framan Skonrokkið og safnaði Bravo-plakötum af þessum hetjum. Þetta tímabil er svolítið haft í flimtingum. Mig langaði til að klæða tónlistina úr hljóðgervlafyllerínu og strípa hana niður og eftir standa frábærar laga-smíðar,“ segir hann.

Bergsveinn segist hafa verið að hlaða batteríin og hlaða niður börnum undanfarin ár og því ekki getað einbeitt sér mikið að tónlistinni. „Það er kominn nýr

Beggi núna. Ég er að kynnt honum, mjúki ráðsetti maðurinn,“ segir hann og hlær. „Þessi plata er í takt við það sem er að gerast í mínu lífi.“

Bergsveinn stefnir á að halda lágstemmdaogkósíútgáfutónleika í næsta mánuði. Verða þeir ekki haldnir á hefðbundnum tónleikastað.

FULLKOMIN HELGI? ELLY ÁRMANNSDÓTTIR ÆTLAR AÐ NJÓTA STUNDARINNAR

Væntumþykja er ókeypis



Elly Ármann, þula og spákona, ætlar að njóta hvegg stundar með þeim sem hún elskar mest en það eru strákarnir hennar tveir, Einar Alex og Ármann. „Ég ætla þá leið sem krefst minnstrar mótstöðu og gera eitthvað sem kostar lítið því það er eins og það gleði mig og þá mest,“ segir hún og telur gönguferð í Fossvogsdalnum eða heimsókn í Perluna vera efst á óskalistanum. Elly telur að það megi ekki ofskipuleggja dagskrá barnanna og ofdekra. „Greiddi getur verið grikkur,“ útskýrir hún.

„Svo þarf ég líka að klára lófana hans Hanna í Skítamóral fyrir Hér og nú,“ segir Elly en það gerir hún á meðan strákarnir horfa á barnaefnið. „Lófalestur krefst nákvæmrar skoðunar en hægri höndin hjá réttentri manneskju sýnir reyngu og áreyngu en vinstri höndin eðliseiginleika og er meira inni á tilfinningasviðinu,“ útskýrir Elly. Þetta snúist við hjá örvhentum.

Elly minnr þó á að lófalestur er fyrst og fremst dægurvöl og svörin leynist ekki í hendi fólks. „Hver er sinnar gæfu smíður.“

Á laugardagskvöldið ætlar Elly að hitta vinkonur sínar sem hún segir vera áreynslulausan vinahóp. „Við getum verið við sjálfar og hlæjum og gleðjumst saman,“ segir hún en tekur þó fram að þessi helgi snúist um strákana tvo. „Góð helgi snýst um að sleppa af sér beislinu, njóta stundarinnar og borga ekki krónu fyrir það því væntumþykja er ókeypis.“

- fgg



ELLY ÁRMANN Finnst það frábært að eiga góða helgi með strákunum sínum tveimur og sleppa af sér beislinu með þeim. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARD

100, 200, 300
KRÓNUR

AÐEINS 3 VERÐ ALLT NÝJAR VÖRUR
LEIGFÖNG, GJAFAVARA, JÓLAVARA,
VIDESPÓLUR BARNA OG BÍOMYNDIR,
GEISLADISKAR, UN SKÓR, HÁRSKRAUT,
HÁLSMEN, TÖLVUVÖRUR OG MARGT MARGT
FLEIRA

AÐEINS 3 VERÐ!!!! 100 KR 200 KR OG 300 KR.

TRÖNUHRAUN 10 HAFNAFYRÐI (GULT HÚS)

OPIÐ FÖS-LAUG 11-18 OG SUNNUÐ 13-17 UPPL.8698171



... mmmmmmmóna!

*NÝJAR UMBÚÐIR

*NÝJAR UMBÚÐIR



Ljósir dropar:
Dropar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærir sem skraut á kökur og
eftirrætti eða með kaffinu.



Skeljar:
Skeljar úr ekta rjómasúkkulaði.
Frábærar sem skraut á kökur og
eftirrætti eða með kaffinu.

*NÝJAR UMBÚÐIR



Dökkir dropar:
Dropar úr ekta suðusúkkulaði.
Ómissandi ofan á spesiur, frábærir
í allan bakstur.



Ljós súkkulaðispæenir:
Kjörinn á Ísrætti, í kökur
og kaffidrykki.



Dökkur súkkulaðispæenir:
Tilvalinn í kökur,
eftirrætti og kaffidrykki.



Ljós tertuhjúpur:
Fallegur ljós súkkulaðihjúpur
á kökur. Bræddu hjúpinn í
vatnsbaði eða örbylgju og helltu
honum síðan yfir kökuna.



Lúxus suðusúkkulaði:
Frábært í allan bakstur og
tilvalið í heitt súkkulaði með rjóma.



Súkkulaðibitar:
Helltu súkkulaðibitunum
beint út í deigið þegar þú
bakar ekta súkkulaðibitakökur.
Einnig tilvalið út á ísinn.



Dökkur tertuhjúpur:
Fallegur dökkur hjúpur á kökur.
Bræddu hjúpinn í vatnsbaði eða
örbylgju og helltu honum síðan yfir kökuna.

Bragðauki suðusúkkulaði:

Suðusúkkulaði með
appelsínubragði. Gefur
skemmtilega möguleika
í bakstrinum.





FULLKOMIN HELGI? GUNNAR HJÁLMARSSON ÆTLAR Í HEIMSÓKNIR OG MATARBOÐ



Jólafondur og bíó

„Helgarnar eru tími afslöppunar og fjölskyldulífs,” segir Gunnar Hjálmarsson, betur þekktur sem Dr. Gunni. „Ég fer í heimsóknir og held matarboð. Allt eru þetta hlutir sem miðaldra fólk í millistétt nennir að gera þegar dauðinn fer að nálgast,” útskýrir hann. Gunnar segist hafa róast mjög mikið eftir að hann náði sér í konu og giftist, en ekki síst eftir að varð pabbi. „Ég hef aldrei séð neinn tilgang í því að sitja með konunni á skemmtistöðum,” bætir hann við og telur partídyrið í sér vera gelt en því sé þó hleypt út á hinu árlega fylleri. Gunnar er mikill göngugarpur og nýtir helgarnar í göngur ef veður

leyfir. „Ég er í gönguhópnum Blómeý sem hefur klifið öll fjöll á Reykjavíkursvæðinu. Við reiknum með að þurfa að víkka út landsvæðið á næsta ári,” segir hann stoltur og telur að Alparnir séu ekki fjarlægur draumur þó þeir verði líklega ekki á næsta leiti.

Doktorinn telur sig vera lánsaman að búa nálægt Háskólabíó og reynir að drífa sig í bíó þegar tími gefst. „Annars fer ég til Hafnarfjarðar á laugardaginn en þá sýnir Kvikmyndasafn Íslands eina af uppáhaldsmyndum Friðriks Þórs,” segir Gunni en það er franska myndin Themroc.

Kvikmyndir koma þó ekki til með að einoka helgina því í sumar

var Gunnar í Dritvík að tína steina. „Það verður jólafondur úr þeim um helgina,” segir rólyndismaðurinn Dr. Gunni. „Það er annars ekki mikill munur á virkum dögum og helgum hjá mér þar sem ég er sjálfs míns herra. Munurinn er kannski sá að allir hinir eru lausir.”

DR. GUNNI Er löngu hættur að fara út að skemmta sér og kys frekar matarboð að hætti millistétta á miðjum aldri.



FRÉTTABLAÐIÐ / HEIDA

JACKIE BROWN

Berglind Ólafsdóttir / Melanie

„When you robbed banks, did you forget where your car was then too? No wonder you went to jail.“

Jackie Brown er talin vera sísta mynd Tarantinos. Engu að síður sýnir Tarantino á köflum sínar bestu hliðar og skapar fjöldann allan af skrautlegum persónum. Ein þeirra er hjásvæfa Samuels L. Jackson, Melanie, sem er snilldarlega leikin af Bridget Fonda. Hún er sólbrún og sæt og gæti brætt hvers manns hjarta með einlægri framkomu sinni.

Það er aðeins ein stúlka sem kemur til greina í þetta hlutverk en það er okkar eigin Icy Berglind Ólafsdóttir. Hún hefur án nokkurs vafa allt sem til þarf í hlutverkið og gott ef hún reynist ekki bara betri en Fonda. Fáar stúlkur hafa jafn mikinn þokka og einlægni sem myndi rúlla þessu hlutverki upp. Ef Tarantino sér ekki að sér þá neyðumst við til þess að efast um hæfileika hans.



Fá þau að vera með í endurgerðinni?

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino er á leiðinni til landsins. Hann verður viðstaddur heimsfrumsýningu hryllingsmyndarinnar Hostel í Reykjavík annað kvöld og ætlar auk þess að mála bæinn rauðan enda þekkt partídyr. Í Hostel kemur íslensk persóna, sem heitir Óli og er leikin af Eyþóri Guðjónssyni, við sögu. Leikstjóri myndarinnar, Eli

Roth, er mikill Íslandsvinur og fékk meðal annars hugmyndina að fyrstu mynd sinni, Cabin Fever, hér á landi. Þegar Tarantino kemur hingað til lands á honum eflaust eftir að bregða í brún því margt af okkar frægesta fólki er eins og klippt út úr kvikmyndum leikstjórans og myndi sóma sér vel í endurgerðum þeirra.

RESERVOIR DOGS

Mínus / The Dogs

„O.K., let me tell you what Like a Virgin's about. It's all about this cooze who's a regular fuck machine“

Svona hljómar bútur úr samræðum Mr. Brown og Mr. Blue um hið ágæta lag Madonna. Þetta gæti alveg eins verið tekið af æfingu hjá Mínus sem hljóta að heilla Tarantino upp úr skónum með blöndu af óheflaðri framkomu, húmor og gáfum, rétt eins og sexmenningarir í þessari mögnuðu kvikmynd.

Þegar tónleikar fara úr böndunum vegna þess að hljóðið er ekki rétt verður allt brjálað. Ásakanir ganga á víxl en það er ljóst að einhver er svikari og vill ekki að hljómsveitin brjóti sér leið til heimsfræðgar.

Frosti og félagar hafa allt til þess að bera þannig að Quentin þarf bara finna til samninginn og þá er allt klárt. Það þarf enginn að efast um það að rokksvéitin Mínus fer létt með að endurgera Reservoir Dogs með Tarantino.



KILL BILL VOL. I & II

Jónína Benediktsdóttir / The Bride

„Revenge is a dish best served cold.“

Hin magnaða saga Brúðarinnar sem var drepin með hrottalegum hætti en reis upp frá dauðum er konfekt fyrir bæði augu og eyru. Myndirnar tvær eru ódur leikstjórans til eins helsta áhrifavalds síns, Hong Konghasarmyndanna, sem Tarantino lá yfir þegar hann starfaði á myndbandaleigu.

Jónína Ben. er klæðskerasniðin fyrir hlutverk Umu Thurman sem hin hefngjarna brúður. Það á eflaust eftir að renna kalt vatn milli skinns og hörunds á leikstjóranum þegar hann kemst að því hversu líkt Baugsmálið er þrautagöngu brúðarinnar. Hann þarf rétt aðeins að staðfæra handritið og breyta nokkrum smáatriðum og þá erum við Íslendingar komnir með okkar eigin Kill Bill-mynd.



Glæsilegt tilboð fyrir VISA kreditkorthafa

MANNTAFL
Í BORGARLEIKHÚSINU
Einleikur með Þór Tullinius

SPENNANDI
FRÁ UPPHAFI
...TIL ENDA!!

VISA kreditkorthöfum bjóðast einstök kjör*
á fjórar sýningar: 12., 17., 24. og 30. nóvember.
Nánari upplýsingar á www.visa.is og í miðasölu
Borgarleikhússins: 568 8000

VISA



BORGARLEIKHÚSIÐ

PIBILJA

*Afslátturinn gildir aðeins ef greitt er með VISA kreditkort og bókað í gegnum síma.

PULP FICTION

Kjartan Gunnarsson / Winston Wolf

„I'm Winston Wolf. I solve problems.“

Harvey Keitel birtist eins og skrattinn úr sauðaleggnum sem Winston „The Wolf“ Wolf í Pulp Fiction eftir að Vincent Vega og Jules Winnfield höfðu „óvart“ skotið féлага sinn í hausinn. Seinna klykkta The Wolf út með því að hans hlutverk væri að leysa vandamál.

Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, fellur eins og flís við rass þegar kemur að því að velja í þetta hlutverk. Ef það eru einhvers staðar vandkvæði eða vandamál er Kjartan mættur til að hreinsa upp og leysa flækjurnar. Vandamál í þrjátíu mínútna fjarlægð og hann er kominn eftir tíu. Hárbeittur og landsfrægur húmor framkvæmdastjórans fær sín notið í þessu hlutverki.



EDDA 2005



TIL HAMINGJU STÖÐ 2 MEÐ TILNEFNINGAR TIL EDDUNNAR 2005

LEIKARI / LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

- Björn Hlynur Haraldsson – Reykjavíkurnætur
- Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir – Stelpurnar
- Ilmur Kristjánsdóttir – Stelpurnar
- Þórunn Clausen – Reykjavíkurnætur



LEIKARI / LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI

- Víkingur Kristjánsson – Reykjavíkurnætur

LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS

- Stelpurnar

SKEMMTIÞÁTTUR ÁRSINS

- Idol-Stjörnuleit II
- Það var lagið



SJÓNVARPSPÁTTUR ÁRSINS

- Einu sinni var...
- Sjálfstætt fólk

TÓNLISTARMYNDABAND ÁRSINS

- Crazy Bastard – 70 mínútur vs. Quarashi

SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS

- Arnar Björnsson
- Auddi (Auðunn Blöndal)
- Brynhildur Ólafsdóttir
- Brynja Þorgeirsdóttir
- Bubbi Morthens
- Edda Andrésdóttir
- Egill Helgason
- Eva María Jónsdóttir
- Guðjón Guðmundsson
- Guðni Bergsson
- Heimir Karlsson
- Hemmi Gunn (Hermann Gunnarsson)
- Hörður Magnússon
- Inga Lind Karlsdóttir
- Jói (Jóhannes Ásbjörnsson)
- Jón Ársæll Þórðarsson
- Pétur Jóhann (Sigfússon)
- Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir
- Siggí Stormur (Sigurður Ragnarsson)
- Simmi (Sigmar Vilhjálmsson)
- Svanhildur Hólm
- Svavar Örn Svavarsson
- Sveppi (Sverrir Þór Sverrisson)



HUGSADU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjódheitt spennamynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinn stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 Sýnd í Lúxus kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

In Her Shoes
Sýnd kl. 5, 8 og 10.40
Frá leikstjórum There Is Something About Mary

Africa United
Sýnd kl. 4 og 6

TRANSPORTER 2
Sýnd kl. 10.20 B.i. 16 ára

SV MBL Sýnd kl. 8

Dolby DTS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

blaðið FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
Sjódheitt spennamynd með ofurtóffaranum Paul Walker og hinn stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára Sýnd kl. 5.30 og 8

In Her Shoes
Sýnd kl. 5, 8 og 10.40

A HISTORY OF VIOLENCE
Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

OKTÓBERBÍÓFEST
www.icelandfilmfestival.is 26. október - 14. nóvember

Adams Æble • Sýnd kl. 6
Dansk tal/ótextuð
Crónicas • Sýnd kl. 6
Spænskt tal/enskurt texti

Drawing Restraint 9 • Sýnd kl. 10
Enskt tal
Yes • Sýnd kl. 10
Enskt tal

ADAMS ÆBLES DRAWING RESTRAINT 9 YES

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

PEIR VÖRU LEIÐIR Í GILDRI...
NO ÞARF EINHVER AÐ GJALDA!

TOPP MYNDRIN Á ÍSLANDI Í 2 VIKUR

FOUR BROTHERS
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 h.l.l. 16

THE FRIENDS OF FRED
Sýnd kl. 5:30 8 og 10:20

DOOM
Sýnd kl. 8 h.l.l. 16

BEILVIN VIKANARINNUR
Sýnd kl. 8 h.l.l. 16

THE DESCENT
Sýnd kl. 10 h.l.l. 16

Into the Blue kl. 8 og 10:15
Legend of Zorro kl. 5:30
Four Brothers kl. 5:45 og 10:30
In her shoes kl. 8

Hafnfirskt rokk

Hafnfirsku hljómsveitirnar Úlpa, Jakobínarína og Lada Sport efna til tónleika á Grand Rokki á föstudag.

Önnur plata Úlpu, Attempted Flight By Winged Men er væntanleg og mun sveitin leika efni af þeirri plötu á tónleikunum. Síðasta plata Úlpu, Mea Culpa, kom út fyrir fjórum árum.



ÚLPA Hljómsveitin Úlpa spilar á Grand Rokki á föstudag ásamt Jakobínarínu og Lödu Sport.

Tónleikarnir byrja klukkan 23.00 og er aðgangseyrir 500 krónur.

Á leiðinni til Skotlands

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Kamp Knox, A tad '65, er komin út. Sveitin, sem hefur fimm meðlimi innanborðs, hefur verið starfandi síðan í maí árið 2002 og hafa nokkrar mannabreytingar orðið á þeim tíma.

Platan var að mestu tekin upp á eyðibýli í Vestur-Húnavatnssýslu í sumar. „Okkur langaði að komast út úr borginni og í sveitasæluna,“ segir Jóhann Ingi Benediktsson, gítarleikari og söngvari Kamp Knox. Hann segir að tónlistin á nýju plötunni sé ólík innbyrðis. „Okkur finnst bara gaman að gera mismunandi hluti. Við höfum áhuga á mismunandi hlutum og mörgum hlutum,“ segir hann.

Kamp Knox hélt útgáfutónleika þann 30. október við góðar undirtektir. Í byrjun næsta árs ætlar sveitin síðan til Glasgow í Skotlandi. „Einn af okkar meðlimum er búinn



KAMP KNOX Hljómsveitin Kamp Knox hefur gefið út sína fyrstu plötu, A tad '65.

að vera í Skotlandi. Okkur langaði bara að prufa í gamni,“ segir Jóhann.

Platan er blanda af mörgum tónlistarstefnum, þar á meðal blús, djassi og indí-rokki. Jóhann segir að

áhrifavaldarnir séu af ýmsum toga. „Það er rosalega breiður hópur, allt frá íslenski sveitatónlist út í bara Tom Waits eða alls konar rokk, blús og djass. Það er bara allur pakkinn.“

Allir saman nú til styrktar bágstöddum

Hollywood-leikkonan Sharon Stone er meðhöfundur lags sem hefur verið samið til styrktar fórnarlömbum fellibylsins Katrínar. Lagið heitir Come Together Now og verður gefið út á smáskífu í Bandaríkjunum þann 29. nóvember. Celine Dion, Wyclef Jean og Joss Stone eru á meðal þeirra sem syngja í lagiinu, sem kom út á netinu 17. október.

Sharon Stone, sem er að leika í kvikmynd um Robert Kennedy þessa dagana, segist hafa verið að semja lög með fleiri lagahöfundum undanfarið ár. Nýja lagið verður að finna á safnplötu sem nefnist Hurricane Relief: Come Together Now. Á meðal fleiri tónlistarmanna á plötunni eru Elton John, Barbara Streisand og James Brown.



SHARON STONE Leikkonan kynþokkafulla hefur samið lag til styrktar fórnarlömbum fellibylsins Katrínar.

Er Riesling bara frá Þýskalandi?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind



„Ekki myndi ég þurfa að hugsa mig tvisvar um ef einhver ætlaði að gefa mér 4.620.554 kr.*“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Mótframlag fyrir skatta við 60 ára aldur, m.v. 28 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun. Lokainneign fyrir skatta er 13.861.661 kr.

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. MIDAVEÐIÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLANNI 3 BÍÓ 400 KR. MIDAVEÐIÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
ELIZABETH TOWN KL. 5.30-8-10.30	LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6	CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 6-8-10.10
ELIZABETH TOWN VIP KL. 8-10.30	DOOM KL. 8-10 B.I. 16	LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4-6
LITLI KJÚLLINN KL. 4-6	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6	TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 B.I. 12
LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal KL. 4-6	PERFECT CATCH KL. 8	KISS KISS BANG BANG KL. 4
CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 4-6-8-10.10	THE HISTORY OF VIOLENCE KL. 10 B.I. 16	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4
TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 B.I. 12		VALLIANT ísl. tal KL. 4
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4-6-8-10.10		SKY HIGH KL. 6
KISS KISS BANG BANG KL. 10.30 B.I. 16		
FLIGHTPLAN KL. 8.15 B.I. 12		
WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 3.30		
WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 4		
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 6 B.I. 14		

AKUREYRI: LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 6, TWO FOR THE MONEY KL. 8-10 B.I. 12, WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6, FLIGHTPLAN KL. 10 B.I. 12, MUST LOVE DOGS KL. 8

OKTÓBERBÍÓFEST: "Langbesta mynd ársins!" - Slo, GRIZZLY MAN KL. 6, THE ASSASSINATION OF R. NIXON KL. 8, DRABET KL. 6

ALFABAKKI: 587 8900, KRINGLAN: 588 0400, AKUREYRI: 461 4666, KEFLAVÍK: 421 1170

Maður sem á bág

[KVÍKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Náttúruverndarsinnur hefur vaxið fiskur um hrygg á undanföllum árum og ekki að óseku. Mikið af ósnertu landsvæði er í hættu og það er þörf að vekja fólk til umhugsunar hversu mikilvæg óspillt náttúra er. Þessi náttúruvernd getur líka farið út í öfgar og besta dæmið um það er Grizzly Man.

Timothy Treadwell fæddist inn í Dexter-fjölskylduna á Long Island. Hann var venjulegur bandarískur strákur sem var í sundliðinu og vinamargur. Meisli í baki neyddu hann til að gefa sundið upp á bátinn og hann sneri aftur heim til New York. Átján ára gamall ákvað Timothy að verða kvíkmynda stjarna. Hann fluttist til Los Angeles, breytti eftirnafni sínu í Treadwell í von um að það yrði honum til framdráttar. Honum varð þó ekki kápan úr því klæðinu þó heimsfræðin hefði verið handan við hornið. Hann varð nefnilega annar á eftir Woody Harrelson í valinu á barþjóninum í Cheers. Þetta olli Treadwell miklum vonbrigðum og eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af fíkniefnum varð honum ljóst hver tilgangur lífsins var. Hann ákvað að helga sig verndun grábjarna. Í þrettán ár lifði Treadwell meðal þessara mikilfenglegu dýra þar til einn gerði árás og drap bæði hann og kærustu hans.

Timothy Treadwell átti bág og greinilegt að þessi of stóri skammtur af eiturfjóm hefur skaddað hann. Treadwell taldi sig vera sjálfskipaðan verndara þessara rándýra og gekk of langt í ætlunarverki sínu. Þýsk leikstjórinn Werner Herzog hefur búið til ótrúlega mynd um mann sem er mun undarlegri en leikstjórinn sjálfur (og er þá mikið sagt). Herzog fær fyrir



OKTÓBERBÍÓFEST

Grizzly MAN

Leikstjóri: Werner Herzog
Niðurstaða: Grizzly Man er mynd um náunga sem á verulega bág og sýnir glögg hvernig getur stundum farið fyrir mannfólkinu þegar það hættir sér of nálægt hinu villtu náttúru.

Það fyrsta hrós fyrir viðmælendur sína en þeir eru flestir æði skrautlegir og má þar fyrst nefna dánardómstjórnann sem er frekar ógeðfældur í ákafa sínu. Sá aðgangur sem Herzog hefur fengið að myndböndum Treadwells lyftir myndinni upp á æðra plan en er jafnframt besta vísbendingin um hversu klikkaður Timothy var. Þá eru þælingar leikstjórans oft mjög fyndnar og á köflum kaldhæðnislegar, sérstaklega þegar hann gerir grín að barnalegu viðhorfi Treadwells til náttúrunnar.

Grizzly Man er ádeila á það hversu langt náttúruverndarsinnar geta gengið. Treadwell trúði því að hann einn gæti verndað dýr sem eru römm að afli og geta drepið með einu höggi. Líkt og þyrflugmaðurinn sagði svo sníldarlega þegar hann var inntur eftir viðbrögðum sínum við dauðsfalli Treadwells. „Líklegt er að einn grábjörninn hafi rankað við sér og áttað sig á því að það væri eitthvað að þessum gæja. Svo væri líka forvitnilegt að vita hvernig hann væri á bragðið.“

Freyr Gígja Gunnarsson

Micro fæst á Íslandi

Í tilefni af umfjöllun blaðsins um Nintendo Gameboy Micro á þriðjudaginn skal tekið fram að vélin er komin til landsins og fæst hjá Bræðrunum Ormsson þar sem hún kostar 8.900 krónur með vsk.



NINTENDO GAME BOY MICRO
 Fæst hér á landi og kostar 8.900 kr. m.vsk.

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

Ómar í 1. sæti



Kraftur og reynsla

Kópavogsbúar

Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi hefur unnið af krafti að þeim störfum sem honum er treyst fyrir. Ómar hefur mikla reynslu af bæjarmálum og hefur tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Kópavogi frá árinu 1990. Honum er treystandi til að leiða lista Framsóknarflokksins í komandi bæjarstjórnarkosningum. Tryggjum forystu Kópavogs!

Stuðningsmenn

Nám

- Háskóli Íslands, hagnýt fjölmiðlun. Diplomanám 2002
- Íþróttaháskóli Noregs í Ósló, eitt ár á þjálfarabraut 1995
- Íþróttakennaraskóli Íslands á Laugarvatni. Íþróttakennari 1992
- Fjölbrotaskólinn við Ármúla. Stúdent 1990
- Bændaskólinn á Hvanneyri. Búfræðingur 1985

Störf innan Framsóknarflokksins

- Formaður Framsóknarfélags Kópavogs 2004-
- Formaður bæjarmálaráðs Framsóknarflokksins í Kópavogi 2004-
- Formaður félags ungra Framsóknarmanna í Kópavogi 1989-1994
- Stjórn Fulltrúaráðs Framsóknarfélaganna í Kópavogi 1996-
- Stjórn kjördæmasambands Framsóknarflokksins, suðvesturkjördæmi 2000-2003

Nefndir fyrir Kópavogsbæ

- Bæjarstjórn 2002-
- Bæjarráð 2003-
- Skipulagsnefnd 2002-
- Hafnarstjórn 1998-
- Byggingarnefnd 1994-2002

1.

Ómar Stefánsson

í fyrsta sætið

www.xb.is/omar

Sjónvarpsbylting fótoltans

Knattspyrnuá huginn í Evrópu hefur aukist í takt við sífellt fleiri beinar útsendingar í sjónvarpi. Stærstu félög Evrópu mala gull og KSÍ datt í lukkupottinn. SkySports í Englandi greiðir um fjórutíu milljarða á ári fyrir einkaréttinn á ensku úrvalsdeildinni. Nú eru blíkur á lofti því Evrópusambandið er komið í málið og líkur á því að þrettán ára einokun SkySports á enska boltanum sé úr sögunni. Stóru félögin reyna að stýra fréttáflutningi með rekstri eigin sjónvarpsstöðva.

